



TINNAHÁTÍÐ UM HEIM ALLAN

Á þriðjudaginn verða 100 ár liðin frá fæðingu belgíska teiknarans Hergé, sem er þekktur um allan heim sem höfundur Tinnabókanna.

ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX Fasteignablað



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. maí 2007 – 136. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR



Eins og samheldin þjóð

Sorg hjá þátttakendum EVE Online eftir voveiflegan atburð.

FÓLK 34

Skálað í sóðavatni

Þórarinn Tyrfingsson óttast ekki sjö-tugsaldurinn.

TÍMAMÓT 12



Styrkjum lýðræðið

„Stjórnarandstaðan leikur þar stórt hlutverk; málefnaleg gagnrýni, sem er uppbyggileg og sett fram af festu, er ekki síður mikilvæg heldur en það sem gerist við ríkisstjórnarborðið,” segir Illugi Gunnarsson.

Í DAG 10


Chelsea bikarmeistari

Didier Drogba tryggði Chelsea sinn fyrsta bikarmeistaratítul undir stjórn Jose Mourinho.

ÍÞRÓTTIR 30



VEÐRIÐ Í DAG



YFIRLEITT BJARTVIÐRI Sunnan og vestantil má búast við bjartviðri í dag, en einhverri úrkomu á norðaustur horninu. Hitinn er á bilinu 2-8 stig, hlýjast suðvestanlands, en svalast norðaustantil. Vindur er yfirleitt frekar hægur, 5-10 m/s.

VEÐUR 4



REYNISFJARA VIÐ REYNISFJALL Björgunarsveitarmenn komu með hina látnu að landi á fimmta tímanum í gær. Mikill viðbúnaður var vegna slyssins og allt tiltækt björgunarlið á staðnum kallað til auk þyrlu Landhelgisgæslunnar. MYND/ÞÓRIR N. KIARTANSSON

Kona lét lífið þegar brimskafli tók hana

Bandarísk kona lést í fjörunni við Vík í Mýrdal eftir að alda skall á henni og hreif frá landi. Mildi þykir að dóttir konunnar hafi sloppið. Formaður björgunarsveitarinnar í Vík segir að unnið hafi verið að því að koma upp advörunarskilti.

SLYS Bandarísk kona lést eftir að brimalda hreif hana með sér úr fjörunni vestan við Reynisfjall við Vík í Mýrdal síðdegis í gær. Konan var 74 ára. Hún var í hópi bandarískra ferðamanna sem gerði stans í Reynisfjöru til að virða fyrir sér brimið. Fólkið gætti ekki að því hversu hættulegt brimið getur verið.

Lögreglan á Hvolsvelli segir mildi að dóttir konunnar, sem stóð við hlið hennar þegar atvikið átti sér stað, hafi komist undan brimskaflinum. Þrír ferðafélagar konunnar óðu út í hafið til að reyna bjarga henni en sneru aftur að landi þegar þeir fundu hve straumþunginn var mikill.

Neyðarkall barst stundarfjórðung í fjögur og var allt tiltækt lið í landi kallað út auk þyrlu Landhelgisgæslunnar. Um klukkustund síðar fundu björgunarsveitarmenn frá Vík í Mýrdal hana skammt frá landi.

Hópurinn var á ferð með Kynniferðum. Áætluð heimferð fólksins er á mánudag. Fulltrúar Rauða krossins og bandaríska sendiráðsins tóku á móti ferðafélögum konunnar þegar þeir komu til hótels síns í Reykjavík og veittu áfallahjálp.

„Við tókum ákvörðun síðasta þriðjudag um að þarna yrðu sett advörunarskilti og björgunar-

hringur. Ferlið var komið í gang en því miður ekki lengra en þetta,” segir Einar Bárðarson, formaður björgunarsveitarinnar Víkverja í Vík í Mýrdal. Hann minnir þó á að öllum eigi að vera kunnugt að hafið geti verið varhugavert og að ekki sé hægt að áfella nokkra manneskju í þessu máli.

„Við erum skelfingu lostin yfir þessum atburði. Leiðsögumaður okkar hafði varað hópinn við því að fara of nálægt sjónum og stóð rétt hjá. Það gat enginn átt von á svona stórrí öldu,” segir Sigríður Hallgrímsdóttir, starfsmannastjóri Kynniferða.

- kdk

Tíu mánaða fékk byssuleyfi: Fékk haglabyssu frá afa

BANDARÍKIN Faðir 10 mánaða gamals drengs sótti um og fékk byssuleyfi fyrir son sinn í Illinois-ríki í Bandaríkjunum. Á leyfinu er mynd af Bubba litla og torkennilegt krot sem teist lögleg undirskrift.

Howard Ludwig, faðir Bubba, segist hafa sótt um leyfið á netinu þar sem afa Bubba hafi gefið honum haglabyssu sem erfðagrip, að því er fram kemur á vef Ananova. Hann sagði þó fjölmiðlum að afinn fengi að geyma byssuna þar til Bubba yrði 14 ára gamall eða svo.

Lögregluþyrirvöld í Illinois segjast hafa fylgt lögum við útgáfu byssuleyfisins.

- bj



TILFINNINGARÍK STUND Rúnar er hér með konu sinni, Ernu Maríu Jónsdóttur, og Tönju dóttur þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/MARC GUYVARTS

Snýr aftur í vesturbæinn: Rúnar kvaddur með virktum

FÓTBOLTI Rúnar Kristinsson lék í gær sinn síðasta leik með belgíska félaginu Lokeren og batt þar með enda á atvinnumannaferil sinn sem náði yfir fjórtán tímabil í þremur löndum. Á hann að baki tuttugu ára feril og hefur leikið á fimmta hundrað deildarleiki í fjórum löndum.

Hann mun í vikunni flytjast til Íslands og spila með KR, sínu gamla félagi. Hann lék með KR árin 1987-1994 og á að baki 126 leiki í efstu deild.

Stuðningsmenn Lokeren hylltu Rúnar sérstaklega fyrir leik og einnig þegar honum var skipt af velli á 73. mínútu.

- esá/sjá síðu 26

Mengun í Hafnarfjarðarhöfn minni en talið var í fyrstu:

Bátar barnanna útataðir í olíu

HAFNARFJÖRÐUR „Fólk virðist ekki átta sig á því að þetta getur skaðað dýralíf og barnastarf,” segir Áskell Fannberg, starfsmaður Siglingaklúbbsins Pyts í Hafnarfirði, í gær eftir að upp komst að bátar, sem börn höfðu verið að sigla á í höfninni, voru útataðir í olíu. Lögregla og fulltrúar heilbrigðiseftirlits voru kallaðir á vettvangi í kjölfarið.

„Það er auðvitað ekki hægt að



LÖB RANDI Í OLÍU Áskell Fannberg vann hörðum höndum við að þrifa olíuna.

segja hvaðan þessi olía kemur en vissulega horfir maður til Wilson Muuga,” segir Áskell.

Tore Skjenstad, fulltrúi heilbrigðiseftirlitsins, segir fátítt að menn noti olíu eins og þá sem lak í sjóinn. Ekkert bendi til að olían sé úr Wilson Muuga sem liggur við festar í höfninni. „Það er bannað að farga olíu á þennan hátt,” segir Tore. Málið er til rannsóknar hjá lögreglu.

- kdk

BYR 3 DAGAR DAGAR PIRATES OF THE CARIBBEAN AT WORLD'S END THYGGDU HÉRAMÍÐÁ midi.is

Stangveiði-sýning um helgina Ellingsen Opíð í dag sunnudag 12-16 fullt hús ævintýra

SUMARÍÐ ER KOMIÐ Í SMÁRALINDI! ALLAR VERSLANIR FULLAR AF GLÆSILEGUM SUMARVÖRUM. OPÍÐ 13-18 Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

SPURNING DAGSINS



Porvaldur, hafa hrossin ekki andvara á sér við heimsenda?

„Jú, þeim líður vel vitandi það að heimsendi er í nánd því um þau leikur yfirleitt ljúfur andvari. Þannig viljum við hafa það en engin læti í kring.“

Stórhætta hefur skapast í hesthúshverfinu á Heimsenda þegar hestar fælast vegna framkvæmda verkta í nágrenninu. Porvaldur Sigurðsson, er formaður hestamannafélagsins Andvara.

Hvarf Madeleine McCann:

Myndband sýnt á úrslitaleik

PORTÚGAL, AP Um hálfur milljarður áhorfenda fylgdist með þegar myndband með bresku stúlkunni



MADELEINE MCCANN

Madeleine McCann var sýnt í beinni útsendingu á úrslitaleik ensku bikarkeppinnar í knattspyrnu í gær. Rúmar tvær vikur eru síðan Madeleine, sem er fjögurra ára, hvarf úr íbúð sem foreldrar hennar höfðu á leigu í Portúgal.

Foreldrar hennar vonuðust til að sýning myndbandsins yrði til þess að fólk sem hefur einhverja vitneskju um hvarf Madeleine gefi sig fram við lögreglu. Þau hafa ítrekað lýst því yfir að þau trúu að Madeleine sé á lífi. - sun



DUFLINU KASTAÐ Upplýsingarnar munu nýtast við að staðsetja jarðskjálfta.

Landhelgisgæsla Íslands:

Hlustað eftir jarðskjálftum

LANDHELGISGÆSLAN Varðskip Landhelgisgæslunnar, Ægir, hefur haft það aukaverkefni að leggja út fimm hlustunardufl sem ætluð eru til að hlusta eftir jarðskjálftum og hvalaferðum. Verkefnið er unnið fyrir Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands og bandarísku hafræði- og veðurstofnunina.

Verkefnið er leitt af bandarískum líffræðingi sem hefur sérhæft sig í að greina hljóð hvala eftir tegundum og jafnvel einstaklingum innan sömu tegundar. Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands nýttir hins vegar upplýsingarnar sem hlustunarduflin safna til að staðsetja jarðskjálfta betur en áður. Hafrannsóknastofnun Íslands er einnig aðili að verkefninu. - shá

Próunarsamvinnustofnun:

Mikill áhugi á starfsþjálfun

PRÓUNARMÁL Tæplega tvö hundruð umsóknir bárust um starfsþjálfun á vegum Próunarsamvinnustofnunar Íslands, en umsóknarfrestur um fimm mánaða þjálfun rann út um síðustu mánaðamót.

Umsækjendur þurftu að hafa lokið háskólanámi og vera yngri en 32 ára. Þjálfun þeirra mun fara fram í Malaví, Mósambík, Namibíu, Níkaragva og Úganda.

Viðfangsefni nemanna verður ýmiss konar aðstoð við verkefni stofnunarinnar, bæði á vettvangi og á undamisskrifstofum. - kóp

Slæmt atvinnuástand viðvarandi á Vestfjörðum segir formaður verkalýðsfélags:

Slökkt á lífæð samfélagsins

ATVINNUMÁL Stærstur hluti atvinnufærra manna á Flateyri missti vinnuna þegar 120 manns var sagt upp hjá Kambi á Flateyri á föstudag. Finnboi Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga segir að um viðvarandi ástand sé að ræða og stjórnvöld hafi ekki brugðist við þeirri þróun sem orðið hafi á undanförunum árum á Vestfjörðum.

„Þarna er verið að slökka á lífæð samfélagsins á Flateyri,“ segir Finnboi. „Stjórnvöld eru búin að tala um að þau ætli að koma að málum hér á Vestfjörðum, en það gerist lítið, nema í orði virðist vera.“



FLATEYRI Erfitt er að biðja fólk sem sest hefur að á Flateyri með fjölskyldum sínum að flytja annað til að fá vinnu segir formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Finnboi segir að vandi Vestfirðinga hafi verið að hefja upp á sig um allnokkurn tíma, og ljóst að um viðvar-

andi ástand sé að ræða. „Menn geta ekki skýlt sér á bak við það lengur að þetta sé tímabundið ástand, það er alveg deginum ljósara.“

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðaábæjar, benti á það í Fréttablaðinu í gær að þótt uppsagnirnar hafi skelfilegar afleiðingar séu afleiðingarnar tímabundnar, þó erfiðleikar séu í fiskvinnslu vanti fólk í ýmis önnur störf á Vestfjörðum.

Finnboi segir það ef til vill rétt, en þegar fólk setjist að á ákveðnum stað með fjölskyldum sínum og vilji vera þar áfram sé erfitt að segja því að flytja annað til að fá vinnu. - bj

Mikil leynd yfir viðræðum á Þingvöllum

Forystumenn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar ræddu myndun ríkisstjórnar á fundi á Þingvöllum í gær og sátu fram eftir kvöldi. Spunameistarar flokkana velja nafnið Þingvallastjórn frekar en Baugsstjórn segir stjórnsmálafræðingur.

STJÓRNARMÁL Formenn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar skunduðu á Þingvöllum á hádegi í gær ásamt forneyti sínu til að halda stjórnarmyndunarviðræðum áfram, og sátu enn þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, ræddi stuttlega við fréttamenn í gær utan við bústað forsætisráðherra á Þingvöllum, og sagði verið að fara yfir einstök málefni á fundinum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, kom út ásamt Geir á tíunda tímanum í gærkvöldi. Hún vildi ekki tjá sig um viðræðurnar, en sagði Þingvelli fallegan stað sem gott væri að vera á. Geir sagði að búast mætti við því að fundarhöld héldu áfram á Þingvöllum í dag.

Gríðarleg leynd hefur hvílt yfir viðræðunum, og aðrir sem sátu fundinn á Þingvöllum í gær höfnuðu því alfarið að ræða við fjölmiðla. Til marks um leyndina herma heimildir Fréttablaðsins að fulltrúar Samfylkingarinnar hafi komið allir saman í einum bíla-leigubíl til að leyna því hverjir væru þar á ferð.

Auk Geirs sátu fundinn sjálfstæðisfólkið Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Árni Mathiesen, Illugi Gunnarsson og Andri Óttarsson. Auk Ingibjargar Sólrúnar sátu Össur Skarphéðinsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Margrét Björnsdóttir og Skúli Helgason fundinn fyrir hönd Samfylkingar.

Einar Mar Þórðarson, stjórnsmálafræðingur hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, segir að ákvörðunin um að funda



VINNUFUNDUR Á ÞINGVÖLLUM Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir litu út af fundi á tíunda tímanum í gærkvöldi, en stjórnarmyndunarviðræður stóðu enn yfir þegar blaðið fór í prentun í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

á Þingvöllum sé greinilega úthugsuð af spunameisturum flokkanna. Þeim sé mikið í mun að Baugsstjórnin, nafnið sem framsóknarmenn gáfu stjórninni, festist ekki í sessi. Þingvallastjórnin sé fallett nafn sem allir geti sætt sig við.

Einhverjir hafa rætt um að stjórnin gæti fengið nafnið Maístjórnin, en Einar segir það nafn ekki líklegt til að festast. Ekki einasta séu flestar ríkisstjórnir myndaðar í maí, heldur hafi það einnig skírskotun í lagið Maís-

tjórnuna og verkalýðsbaráttu, sem sjálfstæðismenn hefðu sennilega lítinn áhuga á.

Einar segir að á þessu stigi sé nokkuð öruggt að stjórnarmyndunarviðræðurnar eigi eftir að ganga upp, enda ekki mörg mállefni sem verði erfið. Hugsanlega verði erfitt að ná saman um umhverfismálin, þó það verði ekki óyfyrstíganlegt. Einnig sé spurning hversu langt Samfylkingin vilji ganga varðandi Írak og lista yfir hinar viljugu þjóðir.

brjann@frettabladid.is

Tony Blair hélt í síðustu heimsókn sína til Íraks í gærmorgun:

Iðrast ekki aðgerða í Írak

BAGDAD, AP Tony Blair kom til Íraks í gærmorgun í sjöundu og síðustu heimsókn sinni til landsins sem forsætisráðherra Breta. Þrjár sprengrur sprungu innan græna svæðisins í Bagdad á meðan á dvöl Blairs stóð. Ein sprengja féll á breska sendiráðið, en ekki er vitað hvort Blair var í húsinu þegar árásin var gerð.

Í Bagdad hittu Blair forsætja Íraks, Jalal Talabani, og Nouri al-Maliki forsætisráðherra. Á blaðamannafundi eftir fundinn sagði Blair hafa tilkynnt ráðamönnum að Bretland myndi halda áfram að styðja þá eftir að hann lætur af embætti. Blair lagði mikla áherslu á að þrátt fyrir að ofbeldi og sprengjuárásir í landinu væru tíðar hefðu breytingar til hins betra líka átt sér stað. Hann sagði jafnframt að hann iðraðist ekki ákvörðunarinnar um að koma Saddam Hussain frá völdum í landinu.

Blair hélt því næst til Basra, suðaustan við Bagdad, þar sem meirihluti breska herafllans er staðsettur. Þar þakkaði hann breskum hermönnum fyrir starf sitt, og sagði það hafa verið framúrskarandi vel framkvæmt.

Jimmy Carter, fyrrverandi Bandaríkjaforseti,



LOFADI BRESKA HERMENN Tony Blair fundaði með ráðamönnum í Bagdad í gærmorgun og hélt þvínæst til Basra, þar sem meirihluti breska herafllans er staðsettur. Þar þakkaði hann breskum hermönnum fyrir frábæra frammistöðu í starfi.

gagnrýndi Blair fyrir „blindan“ stuðning við stríðið í Írak í gærmorgun. Blair lætur af embætti forsætisráðherra Bretlands í lok júní. - sun

Fjögur hundruð ára mynt:

Fundu fjársjóð í skipi á hafsbotni

BANDARÍKIN, AP Djúpsjávarkönnuðir greindu í gær frá fundi fjársjóðsskips sem inniheldur sautján tonn af fjögur hundruð ára silfur- og gullmynt á ótilgreindum stað í Atlantshafinu.

Könnuðirnir telja að þetta sé stærsti fjársjóður sem fundist hefur í skipsflaki og áætla að verðmætið sé meira en 31,5 milljarður króna.

Verðmætasti fjársjóðsfundur í skipsflaki hingað til var árið 1985 þegar spænskt skip fannst við strendur Flórída. Skipið, sem sökk árið 1662, var með mynt innanborðs að verðmæti yfir 22,4 milljarða króna. - sdg



Í BRUNNI Frakklandsforseti í flugstjórnarklefa nýsmíðaðrar Airbus A330-þotu.

Sarkozy brettir upp ermar:

Heitir Airbus aukinni aðstoð

FRAKKLAND, AP Nicolas Sarkozy, nýr forseti Frakklands, sýndi hvað sér væri umhugað um að flugvélasmiður Airbus kæmst sem fyrst út úr þeim örðugleikum sem þær eiga við að stríða um þessar mundir, með því að heimsækja þær á milli þess sem hann skipaði nýja ríkisstjórn.

Sarkozy hét því í heimsókninni að franska ríkisstjórnin myndi leita nýrra fjárfesta að Airbus og hún væri reiðubúin að leggja fram meira fé til móðurfyrirtækisins EADS. - aa



ATVINNUTENGT ÚRRÆÐI Fjölsmiðjan á Akureyri verður starfrækt að fyrirmynd Fjölsmiðjunnar í Kópavogi, þar sem þessi mynd var tekin. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Fjölsmiðja stofnuð á Akureyri:

Úrræði fyrir ungt fólk

MENNTAMÁL Tilkynnt var um stofnun Fjölsmiðju á Akureyri á aðalfundi Rauða kross Íslands í gær. Fjölsmiðja er atvinnutengt úrræði. Þar gefst ungu fólki sem flusnað hefur upp úr námi eða vinnu tækifæri til að þjálfa sig fyrir almennan vinnumarkað eða nám. Byggt verður á reynslu Fjölsmiðjunnar í Kópavogi.

Rauði krossinn leggur til 15 milljónir króna í stofnkostnað Fjölsmiðjunnar, Akureyrbær veitir 10 milljónir, Vinnuálastofnun fimm milljónir og menntamálaráðuneytið tvær. Fjölsmiðjan verður fyrir Eyjafjarðarsvæðið. - sun

LÖGREGLUFRETTIR

Erill í umferð

Lögreglan á Selfossi hafði afskipti af 31 ökuþrum vegna hraðaksturs frá föstudegi til klukkan 14 í gær. Ökuþururinn sem hraðast ók mældist á 148 kílómetra hraða. Hann var átján ára gamall.

REYKJAVÍKURBORG

Fái 2 en ekki 5 milljónir

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík fær tveggja milljóna króna styrk úr borgarsjóði fari borgarráð eftir tillögu menningar- og ferðamálaráðs. Forsvarsmenn hátíðarinnar, sem þegar hefur fengið 1,7 milljónir í styrk frá borginni á þessu ári, báðu um fimm milljónir til viðbótar.



SIMPLY CLEVER

Skoda Octavia

hefur góða ástæðu til að brosa



Afl og hagkvæmni

Enn á ný hefur **Skoda Octavia** sannað að afl og hagvæmni fer saman. Í fyrra var Octavia ekið hringinn í kringum landið og rúmlega það á einum tanki og þann 15. maí síðastliðinn sigraði þessi fullbúni fjölskyldubíll í Sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu. Alls tóku 32 bílar þátt og mældist Octavia **TDI**® með minnstu eyðsluna, aðeins 3,5 l á hundraðið.

Þú brosir allan hringinn á Skoda Octavia TDI



Sigurvegari í Sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu

Skoda Octavia 1,9 **TDI**® varð hlutskarpastur í Sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu.

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	62,96	63,26
Sterlingspund	124,15	124,75
Evra	84,81	85,29
Dönsk króna	11,378	11,444
Norsk króna	10,373	10,435
Svænsk króna	9,196	9,250
Japanskt jen	0,5199	0,5229

SDR	95,31	95,87
-----	-------	-------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
115,105
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands vill ekki Sea Shepherd til landsins:

Watson hefur beiðnina að engu

SJÁVARÚTVEGUR Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, hvetur Paul Watson, leiðtoga Sea Shepherd samtakanna, til að hætta við fyrirhugaða ferð sína til Íslands. Watson segist ætla að hafa beiðnina að engu, og segir félagi í Sea Shepherd tilbúna að hætta lífi sínu eða fara í fangelsi til að koma málstað sínum á framfæri. Í bréfi sem Árni sendi Watson fyrir hönd samtakanna nýverið segir hann aðgerðir Sea Shepherd, sem miða að því að koma í veg fyrir hvalveiðar Íslendinga, í besta falli tilgangslaugar. Í versta falli muni þær gera Íslendinga ákveðnari í að veiða hvali.



PAUL WATSON Farley Mowat, flaggskip Sea Shepherds samtakanna, er nú á leið til Íslands. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir hvalveiðar Íslendinga.

„Ég vildi bara láta vita að við teljum þessa heimsókn óþarfa og jafnvel skaðlega,“ segir Árni. „Á meðan ekki selst hvalkjöt í Japan er engin leið til að halda þessum

veiðum áfram, og kannski best að hætta þeim. Eg held að heimsókn sem þessi sé málstaðnum engan veginn til hagsbóta.“

Watson svaraði Árna bréflaga í gær. Í bréfi hans segir meðal annars: „Dú ættir að skammast þín fyrir það að Íslendingar slátri hvölum með ólöglegum hætti, og ættir að beita kröftum þínum til að stöðva hvalveiðarnar en ekki okkur.“

Watson segir áhöfn skips Sea Shepherd tilbúna til að hætta lífi sínu og fara í fangelsi til að verja hvali við Íslandsstrendur. Það er orðið mikið uppistand sem muni beina athygli umheimsins að ólöglegum hvaladrápum. - sfs / bj

Skelfing í dýragarði í Hollandi: Górilla réðst á dýragarðsgesti

HOLLAND, AP Górilla Bokito gekk berserksgang í dýragarði í Rotterdam eftir að hún slapp á undraverðan hátt úr búri sínu. Skelfing greip um sig meðal dýragarðsgesta þegar hin 180 kílóa górilla réðst á konu, beit hana og dró á eftir sér.



BOKITO

Lögreglu og starfsmönnum dýragarðsins tókst að króa górillauna af inni á veitingastað á svæðinu þar sem hún var yfirbuguð með deyfilyfjum. Að minnsta kosti tveir slösuðust að sögn talskonu lögreglunnar.

Vitni sagðist hafa séð górillauna, blóðuga í framan, draga konuna á með sér um þrjátíu metra leið. - sdg

Niðurrifi í Kristjáníu mótmælt: 29 handteknir vegna óeirða

KAUPMANNAHÖFN, AP Hundruð ungmenna lentu í átökum við lögreglu í Kaupmannahöfn snemma í gærmorgun. Kveiktu þau meðal annars í götuvígjum til að mótmæla niðurrifi timburhúss í Kristjáníu, sem kallað er „Vindlakassinn“. Mótmælin hófust í fyrradag. Köstuðu mótmælendur þá flöskum og steinum að lögreglu. Tæplega þrjátíu voru handteknir, að sögn lögreglu en 21 var leystur úr haldi skömmu síðar.

Átök milli mótmælenda og lögreglu brutust fyrst út á mánudagsmorgun þegar niðurrif hússins hófst. Mótmælendur eru bæði úr röðum íbúa Kristjáníu og utanaðkomandi. - sun

Í skoðun að herða reglur og viðurlög

Neytendastofa kannar nú hvort endurskoða þurfi reglur um verðmerkingar í verslunum og viðurlög við brotum á þeim. Forstjóri Neytendastofu segir að ef til vill þurfi að setja nokkurs konar umferðarreglur fyrir þennan málaflokk.

NEYTENDUR Neytendastofa er nú að meta hvort rétt sé að setja skýrar reglur um verðmerkingar og tilboð í verslunum og veitingahúsum, með fyrirfram ákveðnum viðurlögum fyrir þær verslanir sem brjóta gegn reglum. Von er á fyrstu niðurstöðum í júní.

Neytendastofa hefur eftirlit með því að reglum um verðmerkingar sé fylgt og að tilboðsvörur séu sannarlega á tilboði og rétt merktar sem slíkar. Neytendastofa hefur jafnframt viðtækar heimildir til að beita sektum séu reglurnar brotnar, en upphæð sekta á að meta í hvert skipti.

Tryggvi Axelsson, forstjóri Neytendastofu, segir að ábendingum frá neytendum um að ekki sé rétt staðið að verðmerkingum, einkum í tengslum við tilboð í verslunum, hafi farið fjölgandi undanfarið.

„Ef fjöldi ábendinga og athugasemda fer að verða meiri samfella hlýtur eftirlitsstofnun eins og Neytendastofa, sem fer með þessi mál, að skoða hvort ekki þurfi nánari reglur, leiðbeiningar eða tilmæli um þessa hluti, þannig að það sé alveg skýrt til hvers er ætlast á grundvelli laganna,“ segir Tryggvi.

Hann segir að sérfræðingar Neytendastofu séu nú að vinna í athugun á þessum reglum, og líklega muni þeir skila fyrstu niðurstöðum sínum í næsta mánuði. Þeir



VERÐMERKINGAR Sektarákvæðum vegna brota á lögum um verðmerkingar hefur aldrei verið beitt, þrátt fyrir að kvörtunum frá neytendum fjölgi sífellt. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

muni einnig kanna hvornig aðrar þjóðir hafi breytt sínum reglum á undanförunum árum.

Neytendastofa hefur heimildir til að beita sektum sé brotið gegn reglum um verðmerkingar, en Tryggvi segir að sektarákvæðum hafi aldrei verið beitt frá því þau voru sett í kringum aldamótin.

Því segir Tryggvi að verði það niðurstaða Neytendastofu að herða þurfi reglur um verðmerkingar, sé vel hugsanlegt að sektarákvæðum

verði einnig breytt. Þá komi til greina að setja upp fyrirfram ákveðinn sektarramma fyrir brot á reglum í stað þess að ákveða þurfi sektirnar sjálfstætt í hverju tilviki.

Reglurnar gætu þannig verið settar upp eins og umferðarreglurnar, þar sem sektarákvæðin eru skýr og ákveðin fyrir hverja tegund brots, hvort sem það er hraðakstur eða akstur gegn rauðu ljósi, segir Tryggvi. brjann@frettabladid.is

ÚR REGLUGERÐ UM VERÐMERKINGAR

■ Verðmerkja skal vöru hvar sem hún er til sýnis, þ.m.t. vöru í búðargluggum og sýningarkössum.

■ Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt

sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var, sbr. 28. gr. samkeppnislaga.

■ Skýr verðskrá eða skilti með verði á allri þjónustu sem þjónustufyrirtæki veitir skal vera hjá afgreiðslukassa eða á áberandi stað þar sem þjónustan er veitt.

Árás á uppstigningardag: Veittist að sofandi manni

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna alvarlegrar líkamsárásar á uppstigningardag.

Maðurinn er grunaður um að hafa brotist inn á heimili við Skólavörðustíg og ráðist þar á húsráðanda sem lá sofandi í rúmi sínu.

Nágranni mannsins kallaði til lögreglu sem kom þegar í stað á vettvang. Þá var árásarmaðurinn á bak og burt en náðist síðar. Fórnarlambið var flutt á slysa-deild Landspítalans með opið nefbrot, kjálkabrot og laskað kinnbein. - sun

Mótmæli í Rússlandi: Leyfi fékkst en með skilyrðum

RÚSSLAND, AP Mótmælaganga stjórnarandstæðinga í Samara í Rússlandi á föstudag var óvenjuleg að því leyti að stjórnvöld höfðu



GARRY KASPAROV

fyrirfram gefið leyfi fyrir henni. Þó fengu ekki allir sem vildu að taka þátt í henni. Þannig urðu bæði Garry Kasparov skákmeistari og Eduard Limonov, sem eins og Kasparov er þekktur andstæðingur Vladímírs Pútíns forseta, fyrir löngum tötum af völdum lögreglu á flugvælinum í Moskvu, sem varð til þess að þeir komust ekki um borð í flugvél áleiðis til Samara í tæka tíð. - gb

LÖGREGLUFRETTIR

Eldur í útigrilli

Eldur kom upp í gasgrilli við sumarhús í Úthlíð í Biskupstungum um hádegisbil í gær. Aðstoð slökkviliðs var afturkölluð en þá höfðu húsráðendur skrúfað fyrir gaskút í grillinu. Grillið eyðilagðist en annað tjón hlaut ekki af.

UMVERFISRÁÐ

Mæli mengun á Gjábakka

Umhverfisráðuneytið hefur skyldað Vegagerðina til að láta gera mælingar á köfnunarefnismengun sem berst í lofti áður en framkvæmdir hefjast við Gjábakkaveg og í að minnsta kosti fimm ár eftir að vegurinn er tilbúinn.

PALESTÍNA

Vopnahlé

Hamas og Fatah-hreyfingarnar í Palestínu komust að vopnahléssamkomulagi í gær. Frá því að átök fylkinganna hófust fyrir viku hafa fimm tíu látið lífið. Umrætt samkomulag er það fimmta sem komist hefur verið að frá síðasta sunnudegi.

Verðdæmi:

Portúgal

Netverð 21. og 28. ágúst, 3. og 10. september

39.974 kr.

á mann miðað við að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja–11ára, ferðist saman. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur á Alagoamar og flugvallarskattar.

Verð á mann miðað við 2 fullorðna 50.788 kr

* Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar og gisting.

Bókaðu strax á www.plusferdir.is

plús
FERÐIR

www.plusferdir.is

PLÚSFERDIR – Lág múla 4 – 105 Reykjavík – Sími 535 2100

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

S-áttir, 10-15 m/s S-H, hægari N-Hands

» þriðjudagur

Breytileg átt, 4-8 m/s víðast hvar

um hádegi »

Kaupmannahöfn	18°C léttskýjað	London	17°C hálfskýjað	Eindhoven	17°C skúrir
Billund	17°C léttskýjað	Paris	18°C skúrir	Basel	23°C léttskýjað
Osló	15°C léttskýjað	Frankfurt	23°C léttskýjað	Alicante	24°C hálfskýjað
Stokkhólmur	17°C hálfskýjað	Friedrichshafen	26°C hálfskýjað	Róm	20°C heiðskýrt
Gautaborg	14°C hálfskýjað	Berlín	26°C hálfskýjað	Las Palmas	21°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA



2. UMFERÐ

LANDSBANKAÐEILD KARLA

sun. 20. maí kl. 16:00 Fylkir - Valur
sun. 20. maí kl. 19:15 KR - Breiðablik
sun. 20. maí kl. 19:15 Fram - Víkingur R.
sun. 20. maí kl. 20:00 Keflavík - FH
mán. 21. maí kl. 20:00 HK - IA

1. UMFERÐ

LANDSBANKAÐEILD KVENNA

mán. 21. maí kl. 19:15 Valur - Stjarnan
mán. 21. maí kl. 19:15 Keflavík - Þór/KA
mán. 21. maí kl. 19:15 Fjölnir - Fylkir
þri. 22. maí kl. 19:15 Breiðablik - KR

Landsbankinn býður 16 ára og yngri á völinn.
Sækja þarf boðsmiðann í næsta útibú Landsbankans



ISLENSKA SÍÐIS / JABÍ 07708 062007

VIÐ ELSKUM
FÓTBOLTA

KJÖRKASSINN



Munt þú stunda kaffihús eða skemmtistaði meira eftir að reykingabann tekur gildi 1. júní?

JÁ	54,8%
NEI	45,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Gætir þú hugsað þér að kaupa nýsjálenskt lambakjöt verði það á betra verði en íslenskt lambakjöt?

Segðu þína skoðun á visir.is



Bush hafnar málamiðlun: Vonbrigði fyrir demókrata

BANDARÍKIN, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti hafnaði á



GEORGE W. BUSH

föstudag boði demókrata á þingi, sem hugðust leggja fram frumvarp um aukafjárveitingu til stríðsins í Írak með tímaáætlun um brott-hvarf hersins, en þó þannig að

forsetinn gæti hætt við brottflutning hersins ef hann teldi þess þörf.

Joshua Bolton, starfsmannastjóri Hvíta hússins, sagði allar tímasetningar um brotthvarf hersins grafa undan því að árangur náist í stríðinu í Írak. „Það er vægt til orða tekið að segja að ég hafi orðið fyrir vonbrigðum,“ sagði Harry Reid, leiðtogi þingmeirihluta demókrata í öldungadeildinni. - gb



BYKO Múrbúðin færði BYKO til Neytendastofu fyrir skömmu og nú hefur BYKO kært Múrbúðina til baka.

Kvartað undan auglýsingum:

BYKO kærir Múrbúðina

NEYTENDAMÁL BYKO hefur kært Múrbúðina til Neytendastofu vegna Múskó auglýsingaherferðarinnar sem forsvarsmönnum BYKO þykja beinast gegn fyrirtækinu. Áður hafði Múrbúðin kært BYKO til Neytendastofu fyrir ólöglega viðskiptahætti.

Múrbúðin hefur gagnrýnt BYKO fyrir að birta ekki rétt verð í tilboðsauglýsingum. Kæra Múrbúðarinnar er enn til afgreiðslu hjá Neytendastofu en BYKO hefur óskað eftir því að málin verði afgreidd saman.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem kærumál ganga á milli verslanna því í fyrra kærði BYKO Múrbúðina til Neytendastofu vegna auglýsinga. - þo

REYKJAVÍK

Sýningarskáli á Arnarhóli

Til stendur að reisa sýningarskála eða gestastofu ofan á bílastæðahúsinu við Arnarhól. Byggingin er í tengslum við tónlistar- og ráðstefnuhöllina á hafnarbakkanum og á að standa í þrjú ár. Þórólfur Jónsson garðyrkjustjóri segir að skálinn muni skyggja á Seðlabankann og honum fylgja rask og óæskileg umferð inn á útivistarsvæði.

Ragnar Aðalsteinsson segir hæstaréttardóma í þjóðlendumálum fordæmisgefandi:

Sönnunarbyrðinni hefur verið létt

DÓMSMÁL Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður segir nýgengna dóma í fjórum þjóðlendumálum geta verið fordæmisgefandi fyrir önnur slík mál.

Hæstiréttur úrskurðaði landeigendum í vil í fjórum þjóðlendumálum á miðvikudag og ógilti þannig tvo úrskurði óbyggðanefndar. Ekki eru dæmi þess að Hæstiréttur hafi áður snúið héraðsdómi um þjóðlendu yfir í eignarland. „Það eru nokkur atriði í dómnum sem benda til að sú ofurþunga sönnunarbyrði sem lögð hefur verið á landeigendur, hafi að einhverju leyti verið létt, og leiðir vonandi til breytinga á kröfugerð ríkisins gagnvart



RAGNAR AÐALSTEINSSON

óbyggðanefnd,“ segir Ragnar, sem fór með eitt málið fyrir hönd landeigenda. Þrjú málanna snerust um svæði sunnan Mýrdalsjökuls. Héraðsdómur hafði komist að þeirri niðurstöðu að landamerkjabréf væru ekki nægar heimildir fyrir séreignarrétti jarðanna. „Samt leggur dómur Hæstaréttar áherslu á að það sé ekki nóg að vera með þinglýstar

eignarheimildir að landi frá því að lögin um landamerki voru sett árið 1882, heldur þurfi eignarheimildir frá þeim tíma að styðjast við enn eldri heimildir,“ segir Ragnar.

Síðasta málið snerist um Rangárþing ytra, og hvort óbyggðanefnd hefði verið heimilt að ganga lengra en ríkið krafðist við afmörkun þjóðlendu. Það féllst Hæstiréttur ekki á og dæmdi landið eignarland. - sh

Kolefnisjöfnun gegn gróðurhúsaáhrifum

Heimasíða kolefnisjódans Kolviðar var opnuð formlega í vikunni. Með verkefninu gefst einstaklingum og fyrirtækjum kostur á að kaupa tré til gróðursetningar og jafna þannig kolefnislosun sína vegna samgöngutækja.

UMHVERFISMÁL Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, opnaði heimasíðu Kolviðar síðastliðinn þriðjudag og nú þegar hafa á annað hundrað einstaklingar keypt kolefnisbindingu í gegnum síðuna. Á heimasíðunni má reikna út hvað hver bíll losar mikið af koldíoxíði á ári og hvað þarf mörg tré til að jafna þá losun. Trén eru keypt á heimasíðunni og Kolviður sér um að planta þeim.

„Viðbrögðin hafa verið framar björtustu vonum og nú þegar hafa á annað hundrað einstaklingar kolefnisjafnað sig,“ segir Soffía Waag Árnadóttir, framkvæmdastjóri Kolviðar.

Ýmis fyrirtæki hafa einnig sýnt verkefninu áhuga og ríkisstjórn Íslands hefur látið kolefnisjafna allar bifreiðar stjórnarráðsins. Frá og með næstu áramótum verður öllum ráðuneytum og ríkisstofnunum gert að kolefnisjafna vegna flugferða starfsmanna sinna innanlands og utan.

Soffía segir að kolefnisjöfnun sé ekki dýr. „Dumalputtareglan er sú að það kosti jafnvirði einnar bensínáfyllingar að kolefnisjafna bílinn sinn og fyrir þann pening fást fjölmörg tré,“ segir Soffía. Alls þarf um sjö milljónir trjáa á ári til þess að kolefnisjafna þau 750.000 tonn af koldíoxíði sem íslenski bílafloinn losar árlega.

Það er ekki langt síðan farið var að tala um kolefnisjöfnun en hún hefur svo sannarlega átt upp á pallborðið undanfarið. Í vikunni bærust fréttir af því að bílaumboðið Hekla ætli að kolefnisjafna alla



GEITASANDUR Fyrsti skógur Kolviðar verður á Geitasandi á Suðurlandi. Fyrstu trjánum verður plantað um miðjan júní. MYND/KOLVIÐUR



SOFFÍA WAAG ÁRNADÓTTIR

tali.

Soffía segir að vitundarvakning hafi átt sér stað varðandi umhverfismál. „Það er ekki lengur spurning um hvort ríki eigi að

sína starfsemi og mun ágóðinn renna til Heklu-skóga. Þá er ekki stutt síðan Reykjavíkurborg og Vodafone opnuðu símalínu þar sem landsmenn geta keypt tré með einu símtali.

bregðast við aukningu gróðurhúsalofttegunda heldur hvernig. Víða í löndum í kringum okkur hafa verið settir á sérstakir skattar sem greiða fyrir framkvæmdir til kolefnisjöfnunar. Kolviður er sérstakur að því leyti að hann höfðar til almennings og hvetur fólk til þess að taka sjálft – ótilneytt – ábyrgð á umhverfi sínu,“ segir Soffía.

Sem stendur geta einstaklingar einungis kolefnisjafnað bílaferðir sínar en innan skamms mun Kolviður einnig bjóða upp á kolefnisjöfnun vegna flugferða.

thorgunnur@frettabladid.is

Bandaríkin og Evrópusambandið hvött til að breyta Kosovo-áformum:

Frekari tafir flækja stöðuna

SERBÍA, AP Samtökin International Crisis Group hvetja Evrópusambandið og Bandaríkin til að breyta tillögum um framtíð Kosovo-héraðs til þess að Rússar geti fallist á þær sem fyrst.

Í nýrri skýrslu hvetja samtökin til þess að sérstakur fulltrúi verði látinn fara með málefni minnihlutahópa í Kosovo og einnig að tveggja ára frestur verði veittur áður en Kosovo getur sótt um aðild að Sameinuðu þjóðunum sem sjálfstætt ríki.

Martti Ahtisaari, fulltrúi Sameinuðu þjóðanna, lagði til í síðasta mánuði að Kosovo fengi sjálfstæði, sem þó skyldi sæta alþjóðlegu eftirliti. Kosovo-Albanar, sem eru í miklum meirihluta íbúa héraðsins, hafa fallist á þá tillögu, en serbeski minnihlutinn er henni algerlega andvígur. Stjórnvöld í Serbíu styðja serbeska minnihlutann í Kosovo, og Rússar hafa sömuleiðis neitað að fallast á tillögur Ahtisaaris í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, þar sem Rússar hafa neitunarvald.

„Valið stendur nú á milli þess að þröngva alþjóðlegri lausn upp á Kosovo eða að engin lausn fáiast í fyrirsjáanlegri framtíð,“ sagði Sabine Freizer hjá International Crisis Group.

„Allar tafir sem verða á því að tekin verði ákvörðun um stöðu Kosovo verða til þess að



KOSOVO-ALBANAR Í RAKITNICA Þessi drengur var skírður Tonibler Dajaku í höfuðið á Tony Blair, forsætisráðherra Breta.

FRÉTTABLAÐIÐ/SP

ástandið, sem er nógu viðkvæmt fyrir, verður bara enn flóknara.“ - gb

SVONA NOTAR ÞÚ GLITNISPUNKTANA

- Útborgun í peningum
- Ferðalög
- Innborgun á sparnað
- Góðgerðamál og margt fleira

PUNKTARNIR
SNÚAST UM ÞIG

VILDAR
KLÚBBUR
GLITNIS



NÝJUNG Í BANKAVIÐSKIPTUM

Vildarklúbbur Glitnis er nýtt tryggðarkerfi fyrir viðskiptavini í Vildarþjónustu Glitnis.* Meðlimir safna verðmætum Glitnispunktum fyrir það eitt að vera í viðskiptum við Glitni og samstarfsaðila.

SKRÁÐU ÞIG NÚNA!

Þeir sem skrá sig fyrir
17. júní fá 10.000
Glitnispunkta strax!

Vildarklúbbur Glitnis margborgar sig ... punktur!

* Viðskiptavinir í Vild, Gullvild, Plátinum og Námsvild.

GLITNIR

Kynntu þér málið á www.glitnir.is, í næsta útibúi eða hjá Þjónustuveri í síma 440 4000.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað ræddi sendinefnd háttsettra embættismanna frá Þýskalandi við fulltrúa íslenskra stjórnvalda á föstudag?
2. Hvaða lið mættust í úrslitum ensku bikarkeppninnar í fótbolta í gær?
3. Hvers kyns hljómsveit leggur Einar Bárðarson nú drög að?

SVÖRIN ERU Á Síðu 34

Tveir ákærðir fyrir innflutning á mesta magni kókaíns sem vitað er um: Tveir ákærðir í risastóru kókaínmáli

DÓMSMÁL Tveir menn hafa verið ákærðir fyrir innflutning á tæpum fjórum kílóum af kókaíni til landsins í nóvember í fyrra, en það er mesta magn kókaíns sem reynt hefur verið að flytja inn í landið í einu. Báðir mennirnir neita sök.

Rúnar Þór Róbertsson, 38 ára, og Jónas Árni Lúðvíksson, 28 ára, fjarlægðu 3,8 kíló af efni sem þeir töldu vera kókaín úr Mercedes Sprinter bifreið, en þá hafði tollgæslan skipt um efni og sett gerviefni. Efnin fundust í bílnum 11. nóvember, en hann hafði verið fluttur til Íslands frá Cuxhaven í Þýskalandi. Rúnar og Jónas sóttu bálinn 7. febrúar og óku honum inn



MERCEDES BENS SPRINTER Kókaínið fannst falið í svona bíl sem fluttur var hingað með flutningaskipinu Helgafelli.

í skemmu á Suðurlandi. Þeir voru handteknir skömmu síðar. Talið er

að söluvirði efnanna sé á bilinu 50 til 150 milljónir króna, eftir styrkleika þess.

Rúnar er ákærður fyrir að hafa í félagi við óþekktan samverkamann, skipulagt innflutninginn, og Jónas fyrir að hafa tekið við efnunum í því skyni að afhenda þau til söludreifingar hérlendis. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Rúnar áður setið í fangelsi fyrir fíkniefnabrot.

Rúnar hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 10. febrúar, og Jónas frá því í byrjun mars, og munu þeir sitja áfram í varðhaldi til 11. júní.

Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudag. - sh

Hefur klifið tindana sjö: Átján ára á tindi Everest

LOS ANGELES, AP Átján ára bandarísk stúlka, Samantha Larson, komst á fimmtudag á tind Everest. Hún varð þar með yngsta manneskjan sem hefur klifið hæstu fjöll allra heimsálfa. Nepölsk stjórnvöld segja Larson yngsta útlendinginn til að klífa tind Everest, en sherpa-stúlka kleif hann fimmtán ára gömul.

Larson kleif Everest ásamt föður sínum. Hún sló þar með met Rhys Miles frá Bretlandi sem var tvítugur þegar hann hafði klifið tindana sjö. Larson gekk á hæsta fjall Suður-Ameríku þrettán ára gömul, og hæsta fjall Afríku ári síðar. - sun

Hátt í þrjátíu þúsund gestir skemmtu sér á árlegum fjölskyldudegi Stöðvar 2 í Húsdýragarðinum:

Aldrei fleiri gestir á einum degi

SKEMMTUN Árlegur fjölskyldudagur Stöðvar 2 var haldinn hátíðlegur í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal í gær. Blíðskaparveður var um daginn, og óhætt að segja að hátíðin hafi verið vel sótt. Hátt í þrjátíu þúsund gestir lögðu leið sína í þangað í gær og slógu þar með aðsóknarmet í fimmtán ára sögu Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

Börnin nutu þess að fá ókeypis aðgang í öll leiktæki í garðinum og Skoppa og Skríttla stigu á svið til að skemmta ungvíðinu. Grillaðar pylsur og gos glöddu jafnframt lítil hjörta ásamt tugþúsundum af blöðrum.

Var það mál manna að stemningin hefði verið gríðarlega góð þrátt fyrir mikinn mannfjölda. Sólargeislar og skjólið í garðinum léku veigamikni hlutverk á vel heppnuðum fjölskyldudegi. - sun



GRÍÐARLEG STEMNING Þrátt fyrir mikinn mannfjölda var stemningin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum afskaplega góð á árlegum fjölskyldudegi Stöðvar 2. Blíðskaparveður lék við gesti og börnin nutu sín í sólinni.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

REYKLAUSIR VEITINGA- OG SKEMMTIÐAÐIR

1. JÚNÍ 2007



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




Góðar samgöngur svo við komumst fyrir heim

Heimilið er sá staður þar sem flestum líður best en við viljum einnig hafa vinnu, verslanir og menningarlíf innan seilingar. Í Urriðaholti getum við notið kyrrðar náttúru og heimilis með greitt aðgengi að helstu umferðaræðum höfuðborgarsvæðisins.

Öll þau þægindi sem fylgja góðum samgöngum eru ómetanleg en nálægðin við náttúruna og allar þær gönguleiðir sem nágrenni Urriðavætns hefur upp á að bjóða er einstök fyrir höfuðborgarsvæðið.

Frestur til að skila inn tilboðum í lóðir í Urriðaholti rennur út 24. maí. Hægt er að nálgast tilboðsgögn á www.urridaholt.is og hjá Fasteignasöslunum Eignamiðlun og Miðborg.

Þú átt heima hér



URRIÐAHOLT

EIGNAMIÐLUN

Sverrir Krísinnsson,
löggtur Fasteignasali
Sími 588 9090

MIÐBORG
fasteignasala

Björn Þorri Viktorsson,
löggtur Fasteignasali
Sími 533 4800

www.urridaholt.is

Náin tengsl við náttúru svæðisins - Stutt í útivistarperlu - Samfélagsvænt skipulag - Góðir skólar - Fjölbreytt íbúðagerð fyrir alla aldurshópa Einbýlishús - Raðhús - Fjölbýlishús - Nálægt helstu umferðaræðum - Umhverfisvænar skipulagslausnir - Barnvænt hverfi - Lífandi byggðakjarni við borg - Grænir gearar og göngustígar - Sólrík og skjólsæl byggð í suðvesturhlíð

'07 | 70ÁR Á FLUGI

ER VERIÐ AD AUGLÝSA SPEEDO ???
PHOTOSHOPPA ÚT !

VIÐ ERUM ANÆSD
MED PÓSUNA.
FLOTT PÓSA

MEIRA BRÓS

MEIRA JAN
BRÓS

GLÆSILEGUSTU
SUNDFÖT LANDSINS

STÆRRA
LÓGÓ



Vildarklúbbur

ÍSLENSKA SÍULIS ICE 37612 05/07



Það er ótrúlegt hvað þau eru tilbúin að ganga langt til að fanga athygli ykkar. Ekki láta þau ganga lengra.
KYNNTU ÞÉR KOSTI VILDARKLÚBBS ICELANDAIR.

Þú safnar Vildarpunktum í viðskiptum við Icelandair, Flugfélag Íslands, hjá Icelandair hótélunum og öðrum samstarfsaðilum Vildarklúbbs Icelandair.

- Þú notar Vildarpunktana þína til þess að fara út í heim í áætlunarflugi Icelandair – börn að 16 ára aldri fljúga á helmingspunktum.
- Þú notar Vildarpunktana til greiðslu fyrir gistingu á yfir 100 hótélum víðs vegar um heim og fyrir bílaleigubíla.
- Félagar í Vildarklúbbi Icelandair safna að meðaltali á hverju ári Vildarpunktum sem samsvara greiðslu fyrir flugfari til Evrópu með Icelandair.
- Þú getur notað Vildarpunktana þína sem greiðslu að hluta fyrir flugfar og greitt afganginn með peningum.



WWW.ICELANDAIR.IS

Óverðskuldað óorð frjálshyggjunnar.

Óttaslegnir íhaldsmenn

JÓN KALDAL SKRIFAR

Þegar Guðni Ágústsson lýsti meintum svikum sjálfstæðismanna við framsóknarmenn greip hann til athyglisverðrar orðanotkunar. „Frjálshyggjumennirnir í Sjálfstæðisflokknum voru farnir að tala við Samfylkinguna,“ sagði varaformaðurinn svo fullur fyrirlitningar, að ekki fór á milli mála að í munni hans var orðið „frjálshyggjumenn“ argasta skammarmynd.

Þetta er ekki nýtt í tungutaki íslenskra stjórn mála. Frjálshyggja hefur haft á sér óverðskuldað óorð, sem hefur verið viðhaldið af íhaldsmönnum bæði til vinstri og hægri. Sannarlega er þó höfuðkenning hennar um frjálsan markað sá grunnur sem öll velmegandi samfélög heimsins byggja tilveru sína á.

Kannski er ástæðan fyrir óorði frjálshyggjunnar ekki flóknari en sú að andlit hennar og háværosti talsmaður hér á landi hefur um árabil verið Hannes Hólmsteinn Gissurarson? Ýmislegt jákvætt er hægt að segja um Hannes, eitt af því er þó sannarlega ekki að hann sé laginn talsmaður málefnsins.

Svo ólíkir stjórn málaforingjar sem Margaret Thatcher og Tony Blair sóttu í sama hugmyndafræðilega brunninn um kosti hins frjálsa markaðar. Eins og gildir um svo marga stjórn mála menn náði frjálslyndi þeirra þó lengra í þeim efnun heldur en þegar kom að frelsi einstaklingsins. Að hafa vit fyrir fjöldanum virðist vera djúpstæð þörf flestra sem gefa kost á sér til stjórn málastarfa.

Frjálshyggju hefur að ósekju verið stillt upp sem andstæðing sameiginlegs velferðarkerfis og jafnaðarmennsku. Einn meginhugmyndafræðingur bresku frjálshyggjunnar, Ralph Harris, ýtti slíkri gagnrýni út af borðinu á eftirminnilegan hátt þegar hann sagði eitthvað á þá leið að hann væri alls ekki á móti því að velferðarkerfið legði til öryggisnet, hann vildi hins vegar ekki sjá það setja upp hengirúm.

Flest bendir nú til að Samfylkingin setjist í ríkisstjórn í fyrsta skipti og virðist Guðni Ágústsson tala fyrir munni þeirra sem óttast að það muni þýða uppgang frjálshyggju. Þegar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir boðaði „frjálslynda umbótastjórn“ hefur Guðna örugglega runnið kalt vatn milli skinns og hörunds.

Í aðdraganda kosninganna varð Ingibjörgu Sólrúnu, ásamt öðrum, tíðrætt um vaxandi ójöfnuð hér á landi. Staðreyndin er þó sú að í alþjóðlegum samanburði á jöfnuði má Ísland vel við una.

Það sem hefur breyst allra síðustu ár er að upp er sprottinn örsmár hópur auðfólks sem hefur gaman af að berast á. Hagur þessa hóps hefur engin áhrif á afkomu hins breiða fjölda. Nýja-brumið af látalátum hinna ríku mun hverfa. Á endanum verður það ef til vill jafn hversdagslegt og að tala í GSM-síma á gangi niður Laugaveg, sem þótti mikil sýndarmennska þegar þau tæki komu fyrst á markað.

Ágætt er að hafa í huga að sönn jafnaðarmennska felst ekki í því að jafna aðstæður fólks, heldur að tryggja að allir hafi jöfn tækifæri í lífinu og að enginn verði skilinn eftir. Og þar sem fólk mun alltaf nýta tækifæri sín misvel mun ákveðin misskipting alltaf vera til staðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir. FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. issn 1670-3871



Aðalfundur

verður haldinn mánudaginn 21. maí n.k. kl 20:00 í húsi Vistor að Hörgatúni 2 í Garðabæ.

Dagskrá:

1. Fundur settur. María Th Jónsdóttir form.
2. Venjuleg aðalfundarstörf.
3. Framkvæmdastjóri Capacent Gallup gerir grein fyrir niðurstöðum könnunar á afstöðu félagsmanna til starfa og stefnu félagsins.
4. Önnur mál.

Veitingar í boði Pfizer. Allir velkomnir.

www.alzheimer.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hagir margra breytast

Nokkrar breytingar verða á högum margra við væntanleg ríkisstjórnarskipti. Ekki verður einasta umtalsverð breyting hjá þeim sem láta af ráðherradómi við stjórnarskiptin með tilheyrandi bilstjóra- og aðstoðarmannamissi heldur þurfa aðstoðarmenn ráðherranna að finna sér nýja vinnu. Undantekning á því er þó Ragnheiður Elín Árnadóttir, aðstoðarmaður Geirs H. Haarde til margra ára, því hún var jú kjörin á þing á laugardag. Með henni í þingliði Sjálfstæðisflokks eru svo nokkrir aðrir sem verði hafa aðstoðarmenn ráðherra, til dæmis Illugi Gunnarsson, Ármann Kr. Ólafsson og Geir H. Haarde.

Breytingar í stjórnnum

Ráðherrar skipa jafnan pólitíska trúnaðarmenn sína til setu í stjórnnum opinberra stofnana og fyrirtækja og við stjórnarskipti er víst að talsverðar breytingar verði á slíkum bæjum. Til dæmis verður fróðlegt að vita hve mörgum fundum Páll Magnússon, nýskipaður stjórnarformaður Landsvirkjunar, nær að stýra en líklegt má telja að nýr ráðherra vilji einhvern annan en þann dugmikla framsóknarmann til að veita Landsvirkjun stjórnarformennsku.

Sveitarstjórn er leiðin

Velti einhverjir fyrir sér hver sé áhrifarikasta leiðin til að komast á Alþingi má benda þeim sömu á að vænlegt skref er að komast í bæjar- eða sveitarstjórn. Á þriðja tug alþingismanna hefur stigið sín fyrstu pólitíska skref á slíkum vettvangi, hvort heldur er í stórum eða smáum sveitarfélögum. Má þar nefna Jón Bjarnason, Árna Þór Sigurðsson, Kristján Möller, Sturlu Böðvarsson, Magnús Stefánsson, Ragnheiði Ríkhardsdóttur, Arnþjórgu Sveinsdóttur, Karl V. Matthíasson, Einar Odd Kristjánsson og Björk Guðjónsdóttur.

bjorn@frettabladid.is

Styrkjum lýðræðið

Þegar þetta er skrifað standa yfir víðræður Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar um myndun nýrrar ríkisstjórnar. Reynsla fjölmiðla af því að spá af snemma um úrslit kosninga kennir mér að fullyrða ekki um of um líkurnar á ríkisstjórnarsamstarfi flokkanna tveggja. Ég ætla þó að leyfa mér að halda því fram að mjög líklegt sé að flokkarnir nái saman. Gangi það eftir mun setjast hér að völdum mjög sterk og öflug ríkisstjórn og sjálfstæðingur er rétt að gera miklar væntingar til hennar um góðan árangur. Ég vona að ríkisstjórnin verði framfarastjórn og að hún nái góðri sátt í samfélaginu um þau verk sem hún vill vinna. Það er mikilvægt að okkar fámenna samfélag engist ekki sundur og saman í harkalegum deilum heldur reynum við sameiginlega að vinna landinu okkar sem best gagn.

Stjórnarandstaðan leikur þar stórt hlutverk; málefnaleg gagnrýni, sem er uppbyggileg og sett fram af festu, er ekki síður mikilvæg heldur en það sem gerist við ríkisstjórnarborðið. Mikilvægi stjórnarandstöðu er gjarnan vanmetið og allt of oft er framlag hefur afgreitt sem eitthvert tuð sem engu máli skiptir. Ég er reyndar þeirrar skoðunar og hef lengi verið að það þurfi að styrkja stöðu stjórnarandstöðunnar á Alþingi. Ráðherrar í ríkisstjórninni hafa allir sérstaka pólitíska aðstoðarmenn sér til halds og traust ásamt starfsmönnum ráðuneytanna með ráðuneytisstjórnana fremsta í flokki. Þetta styrkir mjög ráðherrana í hinum pólitíska slag við stjórnarandstöðuna. Gagnaöflun, undirbúningur vegna ræðuskrafa og annað slíkt starf verður allt miklu auðveldara og markvissara hjá þeim sem gegna ráðherradóm heldur en hjá hinum sem eru í forystu hjá stjórnar-



ILLUGI GUNNARSSON Í DAG | Lýðræðið

andstöðunni. Í ljósi þess hversu mikilvægt það er að stjórnarandstaðan sinni hlutverki sínu vel má velja því fyrir sér hvort ekki væri nú lag til að styrkja hana og reyna að jafna aðeins aðstöðuna á milli leiðtoga hennar og ráðherranna. Ein leið væri sú að formenn stjórnarandstöðuflokkanna fengu hver fyrir sig sérstakan aðstoðarmann og ritara sér til halds og trausts. Vitanlega fylgir slíkum ráðningum kostnaður, en í fyrsta lagi þá kostar lýðræðið peninga og í öðru lagi þá er ég þeirrar skoðunar að vönduð stjórnarandstaða skili þjóðinni miklum verðmætum í formi bættrar löggjafar. Engin ríkisstjórn er svo vel mönnuð að ekki geti frá henni komið einhver vitleysa og þá ríður á að stjórnarandstaðan haldi mönnum við efnið og bendi á það sem miður geti farið.

Ég ætla ekki að ræða hér fjármál stjórn málaflökkanna og þau lög sem sett voru á Alþingi þar um á síðasta kjörtímabili í löngu máli. En kosningabaráttan núna og sá aðstöðumunur sem er á milli nýrra stjórn málaflökka og hinna sem fyrir eru, kallar á það að þau lög verði endurskoðuð. Mér finnst til dæmis eðlilegt að ráðherrar og forystumenn stjórnarandstöðunnar fái vissa þjónustu sem greidd er af almannafé. En sá ríkisrekstur stjórn málaflökka sem nú blasir við er ekki heilbrigður eða eðlilegur. Við sáum

það í kosningabaráttunni að félagasamtök og einstaklingar birtu auglýsingar á sinn kostnað sem gagnast áttu þeim stjórn málaflökkum sem viðkomandi félagasamtök eða einstaklingar töldu sig eiga samleið með. Mín spá er sú að við höfum í þessum kosningum einungis orðið vitni að upphafinu að þróun sem kann þegar fram líða stundir að verða mjög óheppileg fyrir lýðræðið.

Hvernig ætlum við að taka á því ef það færast í vöxt að stjórn málaflökkarnir komi sér upp einhvers konar hliðarsamtökum sem lúta ekki þeim reglum sem þeir hafa sett sjálfum sér á Alþingi? Munum við sætta okkur við það að stofnað sé félag langþreyttra skattgreiðenda sem ver miklum fúlgum í að auglýsa nauðsyn þess að lækka skatta í næstu kosningum og ræðst jafnvel harkalega á þá stjórn málamann sem tala gegn slíkum lækkingum – birtir jafnvel af þeim skopmyndir? Eða munum við telja það æskilegt að stór hagsmunasamtök, til dæmis ASÍ eða Samtök atvinnulífsins, taki virkan þátt í kosningabaráttunni í nafni félagsmanna sinna með auglýsingum sem styðja málstað einstakra stjórn málaflökka? Og hvað með stórfyrirtækin, eiga þau í krafti auðs síns að stíga inn í stjórn málaflökkunni með auglýsingum með eða á móti einstökum stjórn málaflökkum eða stjórn málamönnum? Vissulega hafa allir þessir aðilar rétt til að tjá skoðanir sínar, en menn verða að gæta sín. Og allra helst í tilfelli félagasamtaka sem skylduadili er að. En enginn þeirra býr við sömu reglur og takmarkanir og stjórn málaflökkarnir og því felst hættan. Tilgangurinn með breyttum lögum var sá að styrkja lýðræðið í sessi. Gæti hugsast – aldrei þessu vant – að niðurstaðan verði önnur en sú sem menn ætluðu?

Rósir í Reykjavík

UMRÆÐAN Velferðarstjórn

Hundrað manna vösk sveit sjálfboðaliða, frambjóðenda og borgarfulltrúa braut blað í aðdraganda alþingiskosninga á Íslandi vorið 2007. Sveitin var úr röðum Samfylkingarinnar og hún gekk hús úr húsi í Reykjavík, færði íbúum rauða rós og spjallaði um pólitík í stigagöngum og dyragáttum. 15.000 heimili voru heimsótt og veganesti fótgönguliðanna var eins og best verður á kosið; velferð, jöfnuður og jafnrétti. Fyrir borgarfulltrúa á fyrsta starfsári var þessi leiðangur holl lexía um tilgang stjórn mála og hlutverk þeirra sem starfa í umboði þjóðarinnar. Í hverri götu og hverjum stigagangi býr einstaklingur sem nýtur ekki ávaxtanna af velgengni síðustu ára. 94 ára gömul kona hafði félagsskap af 95 ára gamalli frænku sinni sem bjó í sama húsi. Sú var reyndar með bilað heyrnartæki og heyrði því fátt. Það skipti þó ekki sköpum því sú yngri var svo lúin til fótanna að hún komst ekki lengur milli hæða til að taka hús á frænku sinni. Hjúkrunarrýmin



ODDNÝ STURLUDÓTTIR

vantar og starfsfólk vantar. Það vantar töluvert upp á að við sinnum eldri borgurum landsins þannig að sómi sé að.

Foreldrar tóku glaðir við rósinni rauðu og báðu bæklinginn um „Unga Ísland“, barnapólitík Samfylkingarinnar. Foreldrarnir voru þreyttir eftir langan vinnudag og þreyttir á því að tvær fyrirvinnur duga ekki til. Íslendingar eru upp til hópa góðir uppálandur en til hvers er tíminn – ef ekki til að eyða honum saman? Ingibjörg Sólrún sagði í eldhúsdagsmæðum að börnin ættu rétt á tíma foreldra sinna, rétt eins og fyrir-tækin. Ótal Reykvíkingar tóku undir það í eldhúskrókum sínum um leið og þeir stungu rósinni rauðu í vasa.

Hús úr húsi gengum við í þrjár vikur og sáum brotalamir velferðarkerfisins á mörgum hurðum sem við bönguðum á. Við höfum efni á að gera betur. Velferð yngstu og elstu borgaranna á að vera í fyrirrími og það verður íslenski þjóð til heilla ef næsta ríkisstjórn verður á sama máli. Því þegar öllu er á botninn hvolft er traust velferðarstjórn stærsta efnahagsmálið.

Höfundur er borgarfulltrúi.

HUGVÍSINDAEILD

Gagnrýnin hugsun – metnaður – vönduð vinnubrögð – fjöldi fræðasviða. Nám við Hugvísindadeild veitir nemendum fjölbreytta atvinnumöguleika.

Hugvísindafólk með góða tungumálakunnáttu, ásamt þekkingu á menningu annarra þjóða, er eftirsótt á ýmsum sviðum samfélagsins, ekki síst nú á tímum útrásar.

Menntun úr Hugvísindadeild opnar margar leiðir til framhaldsnáms innanlands og erlendis. Boðið er upp á skiptinám við virta erlenda háskóla og fjöldi erlendra nemenda við Hugvísindadeild eykur á fjölbreytni og alþjóðlegt yfirbragð.

Hérna gerist það

Umsóknafrestur er til 5. júní
Nánari upplýsingar á www.hug.hi.is

Vettvangsferð við Snorralaug, Reykholti í Borgarfirði.

Almenn bókmenntafræði
Almenn málvísindi
Austur-Asíufræði
Danska
Enska
Finnenska
Fornleifafraeði
Franska
Gríska
Hagnýt menningarmiðlun
Hagnýt ritstjórn og útgáfa
Hagnýtt nám í samfélagstúlkun og fjölmenningu

Heilbrigðis- og lífsiðfræði
Heimspeki
Íslenska
Íslenska fyrir erlenda stúdenta
Ítalska
Japanska
Klassísk fræði
Kínverska
Kvikmyndafræði
Latína
Listfræði
Menningarfræði
Miðaldafræði

Norska
Ritlist
Rússneska
Sagnfræði
Spænska
Starfstengd siðfræði
Sænska
Táknmálsfræði og táknmálstúlkun
Umhverfis- og náttúrusiðfræði
Viðskiptasiðfræði
Þýðingafraeði
Þýska

Til að ná árangri þarf metnað. Í tæpa öld hefur Háskóli Íslands gegnt lykilhlutverki í íslensku samfélagi og tekið þátt í að efla það og styrkja.

Metnaður Háskóla Íslands er metnaður íslensku þjóðarinnar. Stefna Háskóla Íslands er skýr: Til að þjóna sem best íslensku samfélagi hefur Háskóli Íslands sett sér það langtíamarkmið að vera á meðal 100 bestu háskóla í heimi. **Það er framtíðin.**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

JOHN STUART MILL (1806-1873)
FÆDDIST PENNAN DAG

„Það er ekki svo að allt íhaldsfólk sé heimskt en hins vegar eru allir heimskingjar íhaldsfólk.“

John Stuart Mill var enskur heimspekingur sem er þekktastur fyrir framlag sitt til nytjastefunnar. Hans þekktasta verk er *Frelsið þar sem hann setur fram þá reglu að allir skuli hafa frelsi til að gera hvað sem þeir vilja svo lengi sem það skaði ekki aðra. Hann var einnig ötull baráttumaður fyrir réttindum kvenna.*



ÞETTA GERÐIST: 19. MAÍ 1506

Kristófer Kólumbus lést

Á þessum degi árið 1506 dó landkönnuðurinn frægi Kristófer Kólumbus. Kólumbus er frægastur fyrir að hafa „fundið“ Ameríku. Það gerðist reyndar fyrir slysi því hann var á leiðinni til Indlands.

Þrátt fyrir að flestir menntaðir menn á þessum tíma tryðu því að jörðin væri töluvert minni en hún er. Samtímamenn hans í Evrópu héldu að Austur-Asía lægi um það bil þar sem Norður-Ameríka liggur og vissu ekki af tilveru Kyrrahafsins.

Kólumbus fékk styrk til fararinnar frá Ferdinand Spánarkonungi. Hann lagði af stað í ágúst 1492 og kom aftur til Spánar sjö mánuðum síðar með gull, og valdamesta landi Evrópu.



krydd og fanga frá Nýja heiminum.

Það er réttara að segja að Kólumbus hafi komið Ameríku á kortið fyrir Evrópubúa heldur en að hann hafi fundið heimsálfurnar. Bæði Norður- og Suður-Ameríka voru eins og allir vita byggðar af indjámum þegar Kólumbus kom þangað.

Kólumbus dó niðurbrotinn maður. Honum fannst hann ekki hafa fengið þá virðingu og viðurkenningu sem honum bar frá Ferdinand Spánarkonungi. Hann dó einnig án þess að hafa gert sér grein fyrir þýðingu landfundarins fyrir Spán en auðlindir Ameríku áttu eftir að gera Spán að ríkasta

MERKISATBURÐIR

- 1498 Portúgalski landkönnuðurinn Vasco Da Gama kemur fyrstur Evrópubúa sjóleiðina til Indlands.
- 1899 Fyrsta sektin fyrir hraðakstur er gefin. Það var leigubílstjóri í New York sem hlaut þann heiður.
- 1944 Þjóðaratkvæðagreiðsla um lýðveldisstofnun hófst. Hún stóð í fjóra daga. Kjörskón var 98,4 prósent. Um 94,7 prósent samþykktu sambands slit við Dani og 95 prósent lýðveldisstjórnarskrána.
- 1966 Gengið var í fyrsta skipti á land á eyrni Jólmi við Surtsey. Eyjan var þá 35 m há en hún hvarf næsta vetur.

tímamót

tímamot@frettabladid.is



Sendum okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og einlæga vináttu við andlát og útför ástkærrar móður okkar, dóttur, tengdamóður, ömmu og systur,

Bryndísar Svavarsdóttir
fv. bankastarfsmanns, Efstalandi 6, Reykjavík.

Stuðningur ykkar og hlýhugur hefur verið okkur öllum ómetanlegur styrkur.

María Björk Óskarsdóttir Þór Sigurgeirsson
Haukur Óskarsson Hulda Bjarnadóttir
María Steingrimsdóttir
systkini, barnabörn og aðrir aðstandendur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

Erla Margrét Ásgeirsdóttir
frá Flateyri við Önunarfjörð,

sem lést á dvalarheimilinu Grund föstudaginn 11. maí, verður jarðsöngin frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 23. maí kl. 13.00.

Hilmar Baldursson Guðrún Nanna Guðmundsdóttir
Sigríður Lilly Baldursdóttir Skúli Bjarnason
Sveinn Ásgeir Baldursson Edda Gunnarsdóttir
Snæbjörn Ásgeirsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulega móðir okkar og tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Á. Ingvarsdóttir
Ystaseli 13, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Háteigskirkju í Reykjavík þriðjudaginn 22. maí kl. 11.00.

Ólafur Sigurðsson Hjördís Smith
Sigrún Sigurðardóttir Brynjólfur Gíslason
Ásgeir Sigurðsson Arndís Gísladóttir



Þökkum af albug öllum þeim fjölda sem sýndi okkur samúð með nærveru sinni, blómum og blýjum kveðjum við andlát og útför okkar elskulega,

Gylfa Felixsonar
tannlæknis.

Sérstakar þakkir til líknardeildar Landspítalans í Kópavogi. Viðmót ykkar og stuðningur var okkur ómetanlegt.

Jóhanna Oddgeirsdóttir, börn, tengdabörn, barnabörn og systkini hins látna.

ÞÓRARINN TYRFINGSSON: FAGNAR SEXTUGSAMÆLI Í HÚSAKYNNUM SÁÁ Í DAG

Hamingjan eykst með aldrinum

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir SÁÁ, er sextugur í dag og af því til efni verður blásið til veislu í nýjum og stórglæsilegum húsa kynnum SÁÁ við Efstaleitið. „Sjötugsaldurinn hljómar vel í mínum eyrum“, sagði Þórarinn og var hinn hressasti þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær.

„Rannsóknir hafa sýnt að karlmenn verða hamingjusamari með aldrinum. Það er einnig mín reynsla svo að ég get tekið undir þær niðurstöður. Þannig að við þá sem óttast sextugsaldurinn get ég sagt: óttist eigi, ykkur á eftir að líða miklu betur,“ útskýrði Þórarinn og glotti.

Þórarinn var yfirvegaður og laus við alla undirbúningsstreitu þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær, enda sjá aðrir um að skipuleggja veisluhöldin í dag. Fyrirkomulagið er reyndar á þann veg að engin formleg boðskort eru send út, heldur er um að ræða opið hús þar sem allir vinir og velunnarar Þórarins og SÁÁ eru velkomnir. Sjálfur á Þórarinn stóra fjölskyldu, sjö börn og ellefu barnabörn, auk þess sem hann hefur kynnst mörgu góðu fólki í gegnum starf sitt hjá SÁÁ. „Þetta verður vonandi yndislegur dagur og ég hlakka mikið til,“ segir Þórarinn.

SÁÁ, samtökin sem hafa spilað svo stóra rullu í lífi Þórarins, voru stofnuð í október árið 1977 og halda því upp á þrítugsafmæli sitt síðar á þessu ári. „Þetta er ár stórafmælanna hjá mér,“ segir Þórarinn, en hann hóf störf hjá SÁÁ árið 1979 og hefur verið yfirmaður í hjartnær tvo áratugi. Og Þórarinn kveðst eiga nóg eftir. „Hér hjá SÁÁ mun ég vera áfram um ókomna tíð. Ég verð borinn hédan út í böndum í kringum sjötugt – þegar ég má ekki starfa lengur.“

Í þeirri tæplega 30 ára löngu tíð sem



Í FULLU FJÖRI Þórarinn Tyrfingsson hefur verið við störf hjá SÁÁ frá árinu 1979 og ætla sér að vera þar áfram fram til sjötugs. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

SÁÁ hefur verið starfandi hafa samtökin tekið á móti um 18.600 manns, og mörgum þeirra hefur Þórarinn átt stóran þátt í að beina á braut til betra lífs.

Búið er við að yfir 300 manns muni samgledjast yfirlækninum á hinum

merku tímamótum. Varla þarf að taka það fram að áfengir drykkir verða ekki bornir á borð í veislunni og því má gera ráð fyrir að skálað verði í sóðavatni. „En það er stutt í Kringlukrána fyrir þá sem eru illa haldnir,“ sagði Þórarinn og hló.

vignir@frettabladid.is



Þökkum innilega auðsýnda samúð, hlýhug og kveðjur við andlát og útför,

Jóns Sigurðssonar

Jóns bassa, frá Söndum í Dýrafirði.

Sérstakar þakkir færur við félögunum úr Sinfóníu-hljómsveit Íslands sem breyttu sorgarathöfn í gleðistund.

Jóhanna G. Erlingson Sigurður Rúnar Jónsson Margrét Rannveig Jónsdóttir Birgir Már Ragnarsson Hildur Jónsdóttir Guðrún Ólöf Jónsdóttir Sigrún Hjartardóttir Jón Hörður Jónsson

Ásgerður Ólafsdóttir

Silja Hrund Júlíusdóttir Hjörtur O. Aðalsteinsson Michael Valdimarsson Björn Geir Leifsson Sigríður Anna E. Nikulásdóttir

Jóhanna Kristín Jónsdóttir barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar innilegustu þakkir fyrir allan þann hlýhug og þá samúð sem okkur var sýnd við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Péturs Eyfeld,
Laugavegi 65, Reykjavík.

Innilegar þakkir sendum við einnig starfsfólki L1 Landspítala, Landakoti og á D201-208, Sóltúni fyrir góða umönnun og alla hugulsemína.

Þórdís Eyfeld Pétursdóttir

Pétur F. Eyfeld Guðbjörg E. Karlsdóttir
Njála Vídalín Gísli Ólafsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Elfi Rúnarsson



Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



BESTU VINIR Heimsfrægi ísbjörninn Knútur er ástúðlegur við Thomas Dörflin sem hefur annast hann í dýrargarðinum í Berlín eftir að móðir Knúts yfirgaf hann. NORDICPHOTOS/AFP

Konur nú í meirihluta

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir var endurkjörin forseti Skáksambands Íslands á aðalfundi sambandsins í gær. Á sama fundi voru konur kjörnar í meirihluta í stjórn Skáksambandsins. „Það eru held ég merkari tíðindi en flestir gera sér grein fyrir,“ sagði Guðfríður Lilja í samtali við Fréttablaðið. „Skákheimurinn, og íþróttirnar yfirleitt, eru náttúrulega gríðarlegur karlaheimur í svona stórum samböndum,“ sagði Guðfríður. Aðspurð hvort vegur kvenna fari vaxandi innan skákheimsins segist Guðfríður ekki ætla að skera úr um það. „Það er að minnsta kosti flott skref í rétta átt að þær séu kosnar á aðalfundi í stjórn Skáksambandsins,“ sagði

hún. „Nú skora ég bara á Knattspyrnusambandið að gera slíkt hið sama.“

Guðfríður sagði áframhaldandi forsetastarf leggjast vel í sig. „Þetta er búið að ganga vel og ég hlakka bara til að halda áfram,“ sagði hún. Á dagskrá Skáksambandsins eru helst erlend mót í sumar. „Við ætlum að senda unglíngalandsliðið á Ólympíuskákmót ungmenna, sem hefur ekki verið gert í fleiri ár. Við höfum náð að byggja upp fjárhagsstöðu sambandsins á undanföllum árum, svo við munum gera ýmislegt sem ekki hefur fengist fjármagn fyrir áður,“ sagði hún. Guðfríður segir Skáksambandið jafnframt stefna að því að auka umsvif sín úti á

landi. Haldið verður hraðskákmót í Bolungarvík í haust, sambandið stendur fyrir stórri, alþjóðlegri skákhátíð á starfsárinu og Guðfríður kveðst láta sig dreyma um alþjóðlegt kvennaskákmót. „Svo höldum við áfram að breiða út fagnadarerindið,“ sagði hún og hló við.

- sun




MERKTÍÐINDI Guðfríður Lilja Grétarsdóttir var endurkjörin forseti Skáksambands Íslands í gær. Hún segir það merk tíðindi að konur séu nú í meirihluta í stjórn sambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

FÆDDUST DENNAN DAG



HONORÉ DE BALZAC 1799



JOHN STUART MILL 1806



JIMMY STEWART 1908



CHER 1946



JOE COCKER 1944



BUSTA RHYMES 1972

xelenta

Stórar marmarastyttur fyrir útigarða

Úrval af kristalljósum með eðalkristal

Gjafavörur fyrir öll tækifæri

Skeifan 7 - Reykjavík
Sími: 553 2882

Við viljum gera enn betur

Frá árinu 1990 hefur OR gróðursett meira en 350 þúsund plöntur og þannig bundið tæplega 1.400 tonn af koltvísýringi sem er töluvert meira en fellur til vegna eigin orkunotkunar. Í ljósi sögu og stefnu OR í umhverfismálum er eðlilegt framhald að fyrirtækið eigi aðild að Kolviði. Með þátttöku sinni mun OR skuldbinda sig til að binda meiri koltvísýring en fellur til af orkunotkun fyrirtækisins sjálfs og allra starfsmanna hennar, hvort sem er í vinnutíma eða frítíma.

Við hvetjum landsmenn til að gera slíkt hið sama og kolefnisjafna bílinn sinn á www.kolvidur.is

KOLVIÐUR

ISLENSKA/SALIS/ORB/3872/06/07



• Orkuveitan styrkir skógrækt í Skólaskógum, Bernskuskógi, Straumnesi við Úlfjótuvatn og á fleiri stöðvum. Með skógræktinni leggur Orkuveitan sitt af mörkum til þess að binda CO2 í andrúmsloftinu og hjálpar til við að koma í veg fyrir gróðurhúsáhrifin.

www.or.is

Íslenski tónlistarbransinn er

Það hefur lítið heyrst frá Elízu í Bellatrix um nokkra hríð, eða **Elízu Maríu Geirsdóttur Newman**, eins og hún heitir í símaskránni. Það er samt allt á fullu hjá henni, fyrsta sólóplatan á leiðinni og hún nýkomin með kennara-réttindi. Ég spjallaði við hana um nútíðina og fortíðina í meikharkinu í London.



Dr. Gunnar
tekur viðtal

Eliza fær sér kaffi ameríkanó með espresso út í. Það er stærðarinnar koffínskammtur enda segist hún vera koffín-fíkill. Ég spyr hvað hún hafi eiginlega verið að bauka síðustu misserin.

„Skandinavía var síðasta tónlistardæmið sem ég var í,“ segir hún, „platan okkar kom út árið 2005. Eftir það var ég komin með nóg af London í bili og þreytt á þessu hjakki svo ég flutti upp í sveit. Var í Cornwall eitthvað að hippast og byrjaði þar að semja efnið á væntanlegu plötuna mína. Svo ákvað ég að skipta um gír, kom heim og fór í Listaháskólann síðasta haust. Tók eins árs kúrs og aflaði mér kennararéttinda.“

Þú varst samt búin að vera í einhverju námi fyrir þann tíma, er það ekki?

„Jú, ég er útskrifuð úr Söngskólannum og hafði líka verið í framhaldsnámi í söng í London. Er hámenntuð óperusöngkona, sjáðu til. Leyni á mér.“

Þú hefur fundið þessa leið út úr meikdraumnum?

„Þetta er mjúk lending en draumurinn blundar alltaf í manni en kannski á öðrum forsendum. Kennsluréttindin er góð leið til að nota alla þessa reynslu og miðla henni.“

Vælir ekki í körlum lengur

Segðu mér frá sólóplötunni þinni væntanlegu.

„Hún heitir Empire Fall og kemur út í sumar. Ég gerði hana til hliðar við námið, tók hana upp með honum Kidda í Hjálmmum, bæði í Geimsteini og í Hljóðrita. Ég fékk Guðmund Pétursson til að spila á gítar og bassa og þegar hann kom inn þá bara gerðist eitthvað. Ég var búin að hjakka eitthvað sjálf en þegar hann kom inn þá kviknaði eitthvað alveg nýtt. Helgi Svavar úr Flís og Biggi Baldurs spiluðu á trommur en annars spila ég rest.“

Var ekki stórt skref að gerast sóló eftir allar þessar hljómsveitir?

„Ég held ég hafi loksins verið tilbúin núna. Fyrst eftir að Bellatrix hætti ætlaði ég að vera voðamikíð sóló og var að spila eitthvað en fannst það rosaalega erfitt. Leið eins og fiski á þurru landi að vera ekki með þennan stuðningshóp sem hljómsveit er. Nú held ég að ég geti loksins staðið undir þessu.“

Er þetta öðruvísi tónlist en þú hefur gert hingað til?

„Já, ég held það. Söngstillinn hjá mér er mikið breyttur, miklu afslappaðari. Ég hef alltaf verið á garginu en núna reyni ég að gera



Eliza um fyrstu sólóplötuna sína, Empire Fall, sem kemur út í sumar: „Söngstillinn hjá mér er mikið breyttur, miklu afslappaðari. Ég hef alltaf verið á garginu en núna reyni ég að gera eins lítið og ég get. Þetta er mínimalískt rokk og popp.“

eins lítið og ég get. Þetta er minimalískt rokk og popp. Enskir og íslenskir textar í bland. Ég er búin að stofna mitt eigið merki til að gefa þetta út, Lavaland Records. Ég er búin að gera dreifingarsamninga hér heima og í Englandi og Bandaríkjunum. Þetta gerðist allt mjög eðlilega. Ég var ekkert að hlaupa á eftir þessu heldur buðust mér bara þessi tækifæri. Mér finnst mjög spennandi að geta stjórnað þessu sjálf og þurfa ekki að vera að væla í einhverjum körlum.“

Hefur gaman af ævintýramennsku

Þú ert með gífurlega poppmeikreynslu eftir allan tímann með Kolrössu/Bellatrix. Hver er helsti munurinn á íslenska poppheiminum og þeim enska?

„Þetta er náttúrulega mjög ólíkt. Íslenski tónlistarbransinn er í rauninni verndaður vinnustaður. Það er yndislegt að koma hingað aftur, eins og að detta í dúnsæng. Það er ekki þessi harka hér eins og úti. Þar er harka og töffaraskapur og þú verður alltaf að berjast fyrir þínu.“

Þið í Bellatrix voruð í tvö ár í stífu meikharki í London. Hvernig fór það með fólk?

„Misjafnlega held ég, en í heildina þá var þetta skemmtileg lífsreynsla. Þessi ár eru allavega með því skemmtilegra sem ég hef gert. En ég er kannski bara vitleysingur sem hefur gaman af ævintýramennsku.“

Þið voruð í Keflavík í góðu studíu, unnuð svo Músiktilraunir og gerð-

→ ELÍZA fyllir í eyðurnar

Á náttborðinu liggur... ekkert því ég er ekki með náttborð. Undir rúminu liggja hins vegar einhverjar tuttugu bækur og fjörtíu blöð. Ég er mjög óskípulögð.

Ef ég væri einvaldur heimsins myndi ég byrja á að... gefa öllum að borða.

Ég fæ grænar bólar þegar... ég horfi á stjórnámamenn og heyri bullið sem vellur upp úr þeim. Þetta er sérstaklega slæmt í Englandi þar sem Blair til dæmis segir ekki neitt nema það sé búíð að spinna það í klessu.

Það skrítnasta sem ég hef borðað er tvímælalaust... froskalappir. Algjört lostæti.

Ef ég ætti tímavél myndi ég stilla hana á... 1967 og fylgjast með Bítlunum í Abbey Road. Þaðan yfir til San Fransisco til að drekka viskí með Janis.

Ef ég væri síamstvíburi vildi ég vera föst við... Paulo Coelho.

Fallegasti staður í heimi er... Garðbær í Höfnum.

Verndaður vinnustaður

uð plötur á Íslandi. Hvernig kom meikharkið til?

„Það byrjaði þegar samingurinn okkar við Smekkleysu rann út. Þá þurftum við að ákveða hvað við vildum gera og ákváðum að hella okkur út í alvöruna. Svo fóru hlutirnir að rúlla. Það var eðlileg framþróun að flytja út eftir nokkra tóra því annars hefðum við orðið gjaldþrota að eilífu. Þetta var náttúrulega fyrir tíma Loftbrúarinnar. Við bjuggum í London í tvö ár og spiluðum mjög mikið í Bretlandi og Skandinavíu. Maður hugsar oft til baka til þessa tíma og spyr sjálfan sig hvort margt af þessu hafi í alvöru gerst, eins og til dæmis þegar við spiluðum í einhverjum helli í Noregi fyrir 3000 manns.“

Hver voru bestu og verstu giggin?

„Verstu giggin voru á einhverjum skítabúllum í plássum sem maður hefur gleymt hvað heita. Það voru kannski fjórir að horfa og einn hundur. Oft snúast slík giggg þó upp í innanbúðardjók og verða rosalega myndin eftir á. Besta giggið var líklega á Reading-hátíðinni árið 2000 þegar við spiluðum á Carling-sviðinu sem annað aðalnúmerið. Það var geðveikt stuð og algjör snilld. Ég hugsa að það hafi verið einn af hápunktunum fyrir þetta litla stelpuband frá Keflavík.“

Fannst þér einhverjum tímann að nú væri meikið alveg að bresta á? „Þegar maður horfir til baka eru náttúrulega nokkur lykilaugnablik á ferli Bellatrix þótt maður hafi ekki fundið fyrir þeim á sínum tíma. Eitt þeirra var til dæmis þegar BBC1 setti lag með okkur í dagsspilun. Þá vorum við að æfa einhvers staðar og tíu hljómsveitir hlupu inn til okkar til að segja okkur að það væri verið að spila okkur í útvarpinu. Við vorum bara: „So? Það er alltaf verið að spila okkur á Rás 2.“ En þetta var mikilvægt skref. Svo var gaman að vinna með Fierce Panda-merkinu. Það er bara svo ótrúlega margt sem þarf að smella til að bönd komist yfir þennan efri þröskuld og komist í fyrstu deild, Bjarkarheiminn. Við vorum kannski ekki alveg nógu sjóaðar í þessu.“

Chris var nörd

Ertu að meina að kannski hafði þið gefist of snemma upp?

„Já, veistu, ég er ekki frá því að ef við hefðum haldið lengur áfram þá hefði þetta getað gengið. Málið er bara að við vorum ekki á heimaslóðum og þegar hlutirnir fóru úrskaiðis þá vorum við á flæðiskeri. Það sem kippti grundvellingnum undan þessu var að samstarfi okkar við Fierce Panda-útgáfuna lauk. Við kenndum sjálfum okkur um það – að við værum ekki nógu góð og ekki með nógu góð lög – en í raun var þetta bara eitthvert bransabull sem snerist um einhverja bókhaldara einhvers staðar sem vildu spara. Okkur var boðinn annar samningur en stemningin var ekki lengur til staðar. Við vorum orðin þreytt og vorum öll rosa ánægð með að fá frí frá hvert öðru enda búin að vera saman í rútum árum saman.“

Vorud þið ekki að spila með Coldplay þegar þeir voru í startholunum?

„Jú, það var svokallaður „co-headline“-túr þar sem við og Coldplay skiptumst á um að vera aðalnúmer kvöldsins. Þetta var fyndið kombó því tónlist sveitanna er svo ólík, en þetta virkaði vel. Þeir spiluðu efni af fyrstu plötunni sinni og voru ekki orðnir eins fagaðir og þeir urðu síðar.“

Kjafstagan segir að þú hafir verið í tygjum við Chris Martin.

„Æi, ætlar þessi kjafstaga aldrei að deyja?! Við vorum bara ágætis félagar og áttum okkar mómment en það er ekkert til að tala um.“

Þetta er heimsfræg poppstjarna svo það er eðlilegt að fólki finnst þetta merkilegt.

„Ég sé hann ekki þannig heldur sé ég bara klaufalegan nördgaur frá Exeter. Hann er kannski breyttur núna, er náttúrulega orðinn svaka

Hollywood-týpa sem mér finnst geðveikt fyndið. Okkur fannst þeir alltaf geðveikt miklir nördar en á krúttlegan hátt.“

Svona er þetta: sumir verða heimsfrægir en hinir sitja eftir með minningarnar.

„Einmitt. Margir kallaðir en fáir útvaldir. Það var skemmtilegt upplifelsi að fylgjast með þeim verða vinsæl hljómsveit. Það var líka athyglisvert að fylgjast með „The secret rulers“: körlunum sem eru á bak við tjöldin og opna réttar dyr

til að hlutirnir gangi alla leið.“

Nú ert þú hokin af reynslu, áttu heilræði fyrir ung íslensk bönd?

„Mér finnst vanta meiri metnað og þor herna á Íslandi. Það eru rosa miklir hæfileikar og það vella út flottar hljómsveitir úti um allt,

en mér finnst að fólk mætti gera meira af því að stökkva út í djúpu laugina. Það er eins og fólk haldi að það missi kúlið ef því tekst ekki það sem stefnt var að. Mín heilræði eru því að taka af skarið og prófa eitthvert ævintýrarugl því það gæti gengið upp. Og ef það gengur ekki upp þá bara allt í lagi. Þú hefur þá allavega reynsluna og er það ekki það sem lífið snýst um, að upplifa hluti? Ég vildi að minnsta kosti ekki breyta neinu af því sem ég gerði með Bellatrix. Við búum að reynslu sem mjög fáir búa að á Íslandi.“

”

Mín heilræði eru því að taka af skarið og prófa eitthvert ævintýrarugl því það gæti gengið upp. Og ef það gengur ekki upp þá bara allt í lagi. Þú hefur þá allavega reynsluna og er það ekki það sem lífið snýst um, að upplifa hluti?

Bókarkápan 2006

Taktu þátt í netkosningu á www.odd.is/prentun

Auk netkosningar er valin besta bókarkápan að mati Félags starfsfólks bókaverslana, bestu þrjár bókarkápanar að mati dómnefndar ásamt sérstakri viðurkenningu fyrir athyglisverða bókargerð. Verðlaunin verða afhent að Kjarvalsstöðum 23. maí nk.



ODDI HÖNNUN 07.04.2006

Oddi

Höfðabakka 3-7
110 Reykjavík
Sími 515 5000
www.odd.is

Á slóðum raunverulegra

Pótt raðmorðingjar séu í flestra huga persónur á hvíta tjaldinu og illvirki þeirra fjarri raunveruleikanum þá er talið að lögreglufirvöld í Bandaríkjunum þurfi árlega að glíma við þrjátíu og fimm raðmorðingja. *Freyr Gígja Gunnarsson* fetaði inn á hættulegar slóðir raunverulegra raðmorðingja og reyndi að gera sér í hugarlund hvað gerir manneskju að slíkri grimmdarveru.

Ikvikmyndahúsum er nú verið að sýna kvikmyndina Zodiac en hún fjallar um samnefndan raðmorðingja sem gekk laus í Kaliforníu rétt fyrir lok sjöunda áratugarins til ársins 1974. Zodiac-morðinginn gengur enn laus en hefur ekki látið til skara skrifa í rúm þrjátíu ár. Einn maður var handtekinn grunaður um ódæðisverkin en var sleppt vegna ónógra sannana. Leikstjóri myndarinnar, David Fincher, er þarna á kunnuglegum slóðum því hann gerði einnig Seten þar sem lögreglumennirnir Mills og Sommerset eltasta við raðmorðingja.

Hvað er raðmorðingji?

Samkvæmt tölum frá Bandaríkjunum er talið að árlega glími lögreglufirvöld þar í landi við 35 raðmorðingja. Aðrir telja þá vera mun fleiri og í bókinni Serial Killer: Growing Menace eftir Joel Harris er því haldið fram að yfir fimm hundruð slíkir séu á ferli eða bíði eftir að láta til skara skrifa.

FBI vinnur eftir fyrirfram ákveðinni skilgreiningu um hvað raðmorðingji er. Raðmorðingji verður að hafa drepð þrjá á löngu tímabili og þurft að taka sér hlé frá drápum sínum til að slaka á og njóta verknaðar síns.

Þetta hlé getur staðið yfir í marga daga, mánuði og jafnvel ár. Talið er að þessi skilgreining sé annað hvort kominn frá FBI-fulltrúanum Robert Ressler eða Dr. Robert D. Keppel en Ressler rannsakaði mál Teds Bundy á sínum tíma og var hann sá fyrsti sem fékk þessa skilgreiningu.

Raðmorðingjar eru oftast greindir sem geðsjúkir og siðblindir menn. Þeir koma frá heimilum þar sem andlegt, líkamlegt og eða kynferðislegt ofbeldi hefur viðgengist og eru þjakaðir af lágrí þjóðfélagsstöðu eða fátækt.

Til eru bæði skipulagðir raðmorðingjar og óskipulagðir. Í fyrirnefnda hópnum eru þeir sem eru mjög gáfaðir og hafa tiltölulega háa greindarvísitölu og skipuleggja morðin langt fram í tímann. Þeir gæta þess að drepa á einum stað en losa sig við líkið á öðrum og eru oft mjög vel að sér í meinafræði sem auðveldar þeim að hylja sporin. Raðmorðingjar af þessari gerð eru oft vinamargir, eiga jafnvel maka og börn. Nágrannar þeirra lýsa þeim oft sem vingjarnlegum persónum sem þeir telja óhugsandi að geti unnið nokkrum mein.

Í seinni hópnum eru hins vegar yfirleitt mjög félagslega einangraðir einstaklingar sem eiga fáa

vinum og eru á stöðugu flakki. Yfirvöld eiga því oft mjög erfitt með að hafa hendur í hári þeirra. Þeir velja fórnarlömb sín ekki af jafn mikilli nákvæmni og þeir í hinum hópnum heldur gera oft skyndiárásir í skjóli nætur. Raðmorðingjar af þessari gerð framkvæma hins vegar oft vidurstygglegar athafnir á fórnarlömbum sínum sem þeir telja nauðsynlegar til að fullkomna athöfn sína.

Raddirnar sögðu

Talið er að hægt sé að skipta raðmorðingjum niður í fimm hópa eftir skýringunum sem þeir gefa á gjörðum sínum. Margir þeirra eiga hins vegar heima í fleiri en einum hópi. Flestir raðmorðingjanna fremja ódæðisverk sín til að fullnægja þörf sinni fyrir valdi og stjórnun. Raðmorðingjar í þessum hópi hafa yfirleitt verið misnotaðir í æsku og svala valdbeitingarþörf sinni með því að svipta aðra manneskju lífinu. Raðmorðingjar í þessum hópi beita oftast fórnarlömb sín kynferðislegu ofbeldi, hvort sem það er fyrir eða eftir dauða þeirra.

Pótt margir raðmorðingjar beri það fyrir sig í rétti að rödd í höfði þeirra hafi skipað þeim að gera þetta reynist það sjaldnast raunin og oftast er þetta tilraun þeirra til



TED BUNDY
Var sagður vera heillandi og vinamargur náungi sem aldrei myndi gera flugu mein. Bundy nauðgaði og myrti rúmlega þrjátíu konur á áður en hann náðist árið 1974, grunaður um að hafa þýfi í sínum förum.

SONUR SÁMS David Berkowitz lýsti því fyrir rétti hvernig hundurinn hans skipaði honum að fremja sín ódæðisverk.



raðmorðingja

að fá sig sýknaða á grundvelli geðrænna vandamála. Frægasta dæmið er sennilega David Berkowitz, betur þekktur sem sonur Sáms, en hann lýsti því yfir í réttarsal að hundurinn hans hefði sagt honum að drepa fórnarlömb sín. Herbert Mullin, sem myrta þrettán manns í Kaliforníu, sagði að hann hefði vilja að forða fórnarlömbum sínum frá dauða vegna jarðskjálfta sem honum hafði verið tjáð að myndi ríða yfir fylkið.

Aðrir raðmorðingjar telja sig vera gera samfélaginu greiða með því að losa það við óæskilega einstaklinga svo sem vændiskonur eða ákveðinn þjóðfélagshóp. Með góðum rökum mætti telja Jack The Ripper til þessa hóps en illræmdastur er sennilega Gary Ridgeway, svokallaður Green River morðinginn en hann náðist fyrir sex árum eftir tuttugu ára leit að umræddum raðmorðingja. Ridgeway hafði þá verið handtekinn áður vegna gruns um að hann væri sá seki en lék á lögregluna og stóðst meðal annars lygapróf.

Til eru raðmorðingjar sem fá kynferðislega fullnægingu út úr morðum sínum og svo aðrir sem fremja morð sín til að öðlast eitthvað frá fórnarlömbum sínum. Þannig myrta Marcel Petiot yfir 63 gyðinga á valdatíma nasista í Frakklandi til þess eins að komast yfir ferðatöskur þeirra og fatnað. Þótt konur séu frekar ólíklegar til að verða raðmorðingjar eru þær þó til og hafa þær oft drepit til að lina þjáningu fórnarlömbanna að þeirra eigin mati eða drepa svikula eiginmenn eftir skilnað.

Hannibal Harris

Kvikmyndahúsagestir eru ekki alls ókunnir raðmorðingjum. Og margir hafa jafnvel heillast af þeim, fallið í stafi þegar þeir birtast á hvíta tjaldinu. Hannibal Lecter er einn þeirra sem hræddi líftórana úr kvikmyndahúsagestum er Anthony Hopkins gæddi þessa mannætu, Thomas Harris, lífi í Óskarsverðlaunamyndinni Silence of the Lambs. Þrátt fyrir að sálfræðingurinn í glerbúrinu hafi verið kosinn versta illmenni kvikmyndasögunnar fannst ófáum eitthvað ákaflega heillandi við hann.

Hugarheimur Hannibals gefur kannski ekki góða mynd af huga raðmorðingja eða hvað brýst um í kollinum á þeim almennt. Raðmorðinginn Buffalo Bill gengur laus og FBI grípur til þess ráðs að fá aðstoð hjá Lecter til að hafa hendur í hári hans. Hopkins skilaði sínu svo vel að mörgum þótti hreinlega

nóg um og þótti Lecter ekki sýndur sem nægjanlega mikið illmenni. En það breytti ekki þeirri staðreynd að líkt og Clarice féllu kvikmyndahúsagestir gjörsamlega fyrir honum. Og kannski má færa rök fyrir því að ofbeldið og mannfyrirlitningin sem einkenndi Hannibal hafi verið hafin of mikið upp til skýjanna í þessari mögnuðu kvikmynd Jonathans Demme. En áhorfendur fengu þó smjörþefinn af því hvernig alvöru raðmorðingji er þegar James Gumb birtist á tjaldinu, snarruglaður. „Bill fæddist ekki glæpamaður, hann varð það þegar hann var misnotaður reglulega í æsku,“ sagði Lecter við Clarice þegar hún reyndi að komast nær viðfangsefni sínu.

Þrjú andlit James Gumb

Þótt Hollywood hafi oft reynt að bregða einhverju ljósi á heim raðmorðingja eru flestir samþykkaðir um að engri mynd hafi tekist betur til en títtnefnd Silence of the Lambs, en myndin hlaut á sínum tíma nfu Óskarsverðlaun. Þegar Thomas Harris skrifaði bókina notfærði hann sér þrjú raðmorðingja sem allir voru til í raunveruleikanum en þetta voru þeir Ted Bundy, Ed Gein og Gary Heidnik.

Bundy er einhver ógeðfældasti raðmorðingji í sögu Bandaríkjanna en hann var handtekinn árið 1975, grunaður um að hafa þýfi í sínum fórum. Þá höfðu lögregluþingir í Bandaríkjunum leitað raðmorðingjans í rúm fjögur ár. Bundy er talinn hafa myrt og nauðgað meira en þrjátíu konum en hann lokkaði þær yfirleitt til sín með því þykjast meiddur og setti stundum gifs

á handlegginn líkt og Gumb gerði í Silence of the Lambs.

Þótt staðfest fórnarlömb annarrar fyrirmyndar Harris, Eds Gein, hafi einungis verið tvö þá þótti hegðun hans svipa mjög til raðmorðingja og er hann yfirleitt skilgreindur sem slíkur. Gein fláði fórnarlömb sín og bjó til úr þeim fót sem var nákvæmlega það sem Gumb gerði. Gein hefur reyndar verið öðrum kvikmyndagerðarmönnum innblástur, ef svo mætti að orði komast, en talið er að Norman Bates úr Psycho og Ledurfés Gunnars Hanssonar í Texas Chainsaw Massacre hafi að einhverju leyti verið sóttir úr smiðju Geins.

Þriðja fyrirmyndin að Gumb var síðan Gary Heidnik. Hann hélt sex stúlkum sem kynlífsþrælum í kjallaranum heima hjá sér undir lok áttunda áratugarins en líkt og Gein fellur hann ekki undir skilgreiningu FBI þar sem einungis hefur verið sýnt fram á að hann hafi drepit tvær stúlkanna.

Einhverjir hafa síðan talið Harris hafi nýtt sér eitthvað úr sögu Edmunds Kemper en hann drap afa sinn og ömmu „bara til þess að finna hvernig það væri að drepa mann“.

HINIR DAUÐADÆMDU

Fáir ef einhverjir höfðu jafn einbeittan brotavilja og sannfæringarkraft og John Doe í Seven. Doe myrta samkvæmt kenningum kaþólsku kirkjunnar um dauðasyndirnar sjö og valdi fórnarlömb sín af mikilli kostgæfni. Vafalítið hafa margir FBI-fulltrúarnir fussað og sveið að yfir þessum manni því hann var sambland af ofurhuga og geðsjúklingi. Doe var bæði fjárhagslega vel stæður og menntaður, eitthvað sem telst harla óvenjulegt hjá raunverulegum raðmorðingjum og Doe er án efa einn af fáum raðmorðingjum kvikmyndasögunnar sem á sér enga hliðstæðu í raunveruleikanum. Fortíð hans var lokuð bók og þegar lögreglufulltrúinn Sommer set reynir að veiða eitthvað upp úr honum svarar hann að bragði: „Ég? Ég skipti ekki máli.“



SOMMERSET Reyndi að hafa hendur í hári raðmorðingjans Doe ásamt félaganum Mills.

Breytum útblæstrinum í

GÓÐA

gróðurhúsalofttegund!

Tökum þátt í átaki Kolviðar og bindum útblásturinn í grænum skógi.

Við erum bakhjarlar Kolviðar og byrjum auðvitað á okkur sjálfum. Fyrst íslenskra fyrirtækja kolefnisjöfnum við flugferðir vegna starfsemi okkar og einkabíla starfsfólks. Með því vonumst við líka til að veita öðrum innblástur og hvetjum landsmenn til að kvitta fyrir sitt kolefni. Þannig græðum við öll!

Höfundur Tinna aldargamall

Bækurnar um Tinna hafa notið gríðarlegra vinsælda meðal bæði barna og fullorönnu um allan heim enda aðgengilegar og skemmtilegar. Sá heimur sem birtist í sögunum er hins vegar svo fjölbreytilegur og djúpur að grúskarar í bókmennta- og menningarfræðum hafa fundið þar gjöfulan akur fyrir sínar rannsóknir.

Georges verður Hergé, höfundur Tinna

Hergé, sem hét réttu nafni Georges Prosper Remi, fæddist hinn 22. maí 1907 í Brussel. Hann hlaut nær enga formlega menntun í myndlist en var síteknandi frá unga aldri, ekki síst myndir af þýsku hermönnum sem hernámu land hans í fyrri heimsstyrjöldinni. Georges fann sér fljótt starf sem teiknari og bjó sér til listamannsnafnið Hergé, sem er dregið af framburðinum á RG, semsé fangamarki hans afturábak.

Tinni birtist fyrst árið 1929 í Le Petit Vingtième, sem var vikulegt blað fyrir börn sem fylgdi kaþólska dagblaðinu Le Vingtième Siècle (Tuttugasta öldin). Þar var Tinni sýndur sem fréttaritari blaðsins og hét myndaflokkurinn „Tinni í landi Sovétmanna“. Í sögunni var látið eins og blaðamaðurinn ungi hefði tekið myndirnar sjálfur, jafnvel þegar þær sýndu hann sjálfan við störf eða á flotta undan illvirkjum. Pólitískt inntak sögunnar var óumdeilanlegt og markmiðið var einfalt: að sýna skuggahlíðar sovétkerfisins. Síðar gagnrýndi Hergé reyndar bandaríska skyndimenningu harkalega í bókinni Tinni í Ameríku.

Næst skrifaði Hergé um ævintýri Tinna í Kongó, en sú saga varð síðar alræmd vegna úreltra viðhorfa til nýlendustefnu og samskipta kynþátta. Frægasta dæmið um það er þegar Tinni bregður sér í hlutverk kennara og tilkynnir börnunum í Kongó að í dag ætli þau að læra um landið sitt: Belgíu! Í Kolarfarminum, sem kom út árið 1958 og fjallar um þrælalald, er áhugavert að svertingjar Hergés hafa lítið breyst: þeir eru bestu skinn en skelfilega treggáfaðir og það er á ábyrgð hvítu manna að sjá til þess að þeir lendi ekki í hörmungum, sem eru merkilegt nokk þrældómur í þessu tilfelli.

Besti vinurinn Tsjang

Þegar Hergé lýsti því yfir að næsta ævintýri Tinna á eftir Kongóferðinni myndi eiga sér stað í Austurlöndum fær skrifaði honum prestur, Faðir Gosset, sem þjónaði kínverskum stúdendum við Háskólann í Leuven. Gosset hvatti Hergé til að fara að öllu með gát í lýsingum sínum á kínversku þjóðinni, ekki síst þar sem hann ætti marga dygga aðdáendur þar á meðal.

Úr varð að Gosset kynnti Hergé fyrir ungum nema í höggmyndalist, Tsjang Tsjong Jen, sem varð fljótlega góður vinur Hergés og kynnti fyrir honum fjölbreytileika kínverskrar menningar og lista, ekki síst myndlistar og leturs. Tsjang varð persóna í bókinni Blái lótusinn (1935), en í henni skegggræða hann og Tinni um gagnkvæma fordóma þjóðanna og komast að því að Kínverjar og Evrópumenn eigi að vera vinir. Japanarnir í bókinni eru hins vegar allir hrottar.

Karakterinn Tsjang kom aftur við sögu aldarfjórðungi síðar í bókinni Tinni í Tibet (1960), sem Hergé byggði að hluta á martröðum sínum þar sem allt var hvítt. Það var svo eins og við manninn mælt að þegar vinnu við bókina lauk hurfu martröðirnar.


Heimsstyrjöld og álitshnekkir

Í seinni heimsstyrjöldinni hernámu Þjóðverjar Belgíu aftur og Hergé sá enga ástæðu til að sinna ekki vinnu sinni undir stjórn þeirra frekar en hver annar iðnaðarmaður. Hann sat lengi vel undir gagnrýni fyrir að hafa verið samverkamaður nasista en skrifaði sig út úr samviskubittinu með ýmsu móti. Nefna má að fúlmennið Rassópúlos, sem er staðalmynd peningagráðugs gyðings þrátt fyrir að vera grískur að nafninu til, breyttist í sögunum sem komu eftir stríð og fór meðal annars í glæpastarfsemi með nasistum þannig að hann gat ekki lengur talist birtingarmynd gyðingahatus.

Með tímanum var Hergé þó fyrirgefið, enda vildu allir fá fleiri Tinnabækur. Fyrirtækið í kringum Tinna óx og á hátindi ferils Hergés var hann með lið teiknara til að sjá um handavinnuna meðan hann einbeitti sér að því að gæða sögurnar enn meiri dýpt.

Síðari árin

Þegar Hergé fór að reskjast tók að líða lengri tími milli bókanna. Fimm ár liðu milli Vandræða Vaflu Veinólínó (1963) og Flugrásar 714 til Sydney, og síðan átta ár þar til síðasta bókin, Tinni og Pikkarónarnir, kom út árið 1976. Hugsjónir allar höfðu þá að mestu leyti dofnað og vinskapur aðalpersónanna og Tinni, sem hafði fyrir á árum oft lagt sig í hættu við að verja lítilmagnann,



Næstkomandi þriðjudag verða 100 ár liðin frá fæðingu belgíska teiknarans **Hergé**, sem er þekktur um allan heim sem höfundur Tinnabókanna. **Magnús Teitsson** skoðaði æviferil og verk Hergés.

lét sér nægja að horfa niður á fátækra hverfin í bananalýðveldinu San Teódóros úr júbóþotu á leið sinni heim í evrópsk þægindi. Hergé, sem þá var skilinn við eigin konu sína og var barnlaus, lést úr hvítblæði árið 1983.

Skrautlegir karakterar

Eitt af því sem stuðlað hefur að vinsældum bókanna er skrautlegt persónugalleríið. Þar fer fremstur í flokki hinn óforbetrarlegi Kolbeinn kaftinn. Hann birtist okkur fyrst í Krabbanum með gylltu klærnar sem forfallin fyllibytta sem er iðulega nálægt því að steypa sjálfum sér og öðrum í glötun með ótrúlega óábyrgri hegðun. Svo hrollvekjandi er hann í alkóhólismanum að meira að segja Tinni fær um það martraðir. Með tímanum verður Kolbeinn þó sífellt virðulegri; er að lokum orðinn húsráðandi á herragardinum Myllusetri og notar englyrni eins og forrikur spjátrungur. Áfengisfíknin er honum þó reglulega fjötur um fót og í síðustu bókinni, Tinni og Pikkarónarnir, byrjar hann utangátta Prófessor Vandræður, sem oftast er ekki ber ábyrgð á ævintýrum þeirra félaga, Kolbeini lyf sem gerir menn algjörlega fráhverfa áfengi. Það kallar Kolbeinn „níðingslega árás á persónufrelsi einstaklingsins“. Munnsöfnuður Kolbeins er eitt af því sem íslenskir aðdáendur Tinnabókanna kunna vel að meta, enda íslenskar þýðingar Þorarensen og Lofts Guðmundssonar einstaklega vel heppnaðar.

Meðal annarra eftirminnilegra persóna má nefna tvíburaþjáfarana seinheppnu Skafta og Skapta, sem byggðir eru á föður Hergés og tvíburaþróður hans. Þá er óráðlegt að gleyma óperusöngkonunni Vaflu Veinólínó, Næturgalanum frá Milanó, sem syngur „Ég hlæ, því ég er svo mjó“ þannig að glös springa og hefur mikinn hug á að giftast Kolbeini. Reyndar má benda á að hún er eina konan sem kemur við sögu í fleiri en einni Tinnabók, og sú eina sem hefur einhver áhrif á framvindu sögunnar. Fulltrúi lágkúrulegrar millistéttar er hinn ótrúlega uppþrengjandi Flosi Fíflald, sem ekkert virðist skilja en er alltaf gríðarlega hress og alltaf að reyna að selja eitthvað.

Ekki má gleyma dyggasta félagi Tinna, Yorkshire Terrier-hundinum Tobba sem fylgir honum hvert fótmál og leggur sitt af mörkum til að gleðja yngstu lesendurna, gjarnan með hvössum athugasemdum um það sem fram fer.

Nokkur illmennir bókanna koma síðan ítrekað við sögu; hinn fyrrnefndi nefstóri og útsmogni Rassópúlos, illgjarni visindamaðurinn dr. Muller og svo auðvitað skuggabaldur Kolbeins kaftains, Hörður skipstjóri.

Aðalpersónan

Tinni sjálfur er nokkurs konar eyðieyja í hafsjó skrautlegra karaktera, en var byggður á bróður Hergés, Paul Remi, sem var yfirmaður í belgíska hernum. Tinni var virðislaus við allar líkamlegar fýsni og þrátt fyrir að vera titlaður blaðamaður sést hann nær aldrei skrifa nokkurn skapadán hlut. Hins vegar er hann öllum öðrum fremri í að beita rökhusum og leysa hvers

konar gátur, sem yfrið nóg er af í bókunum. Hergé var sjálfur liðtækur í hvers konar heilaleikfimi og var kallaður „forvitni rekurinn“ sem ungur drengur í skátunum.

Ævintýri um allan heim

Ævintýri Tinna teygja sig út um víðan völl, allt frá undirdjúpum hafsins í Fjár-sjóði Rögnvaldar rauða og Leynardómi einhyrningsins og upp í himingiminn í Í myrkum mánaþjóllum. Tinni er fyrsti maðurinn til að stíga fæti á tunglið, og það fimmtán árum á undan Neil Armstrong. Strax í næstu bók, Leynivopninu, reynir hann að fara huldu höfði í Austur-Evrópuríkinu Bordúriu. Hann fer til Kína, Afríku og Ameríku og kemur meira að segja við á Akureyri í Dularfullu stjórnuinni. Hann glímur við landamæraeilur í granríkjunum Síldavíu og Bordúriu og aðstoðar vin sinn Alkasar við byltingu í Suður-Ameríkuríkinu San Teódóros. Þá má benda á að ein bókin, Flugrás 714 til Sydney, gerist á eyðieyju í Kyrrahafinu þar sem flugvél hefur hrapað og alls

konar furðulegir hlutir eiga sér stað. Athyglisvert er að í seinni bókunum velur Hergé að láta sögurnar gerast á ímynduðum stöðum, ólíkt því sem gerist í fyrstu bókunum þar sem lönd og borgir heita sínum réttu nöfnum. Hugsanlega spilar pólitík eitthvað inn í það en einnig meiri víðsýni og meðvitund Hergés sjálfs.

Spejill tuttugustu aldarinnar

Vel fer á því að ævintýri Tinna, sem fyrst birtust í riti kenndu við tuttugustu öldina, endurspeglar hana jafn vel og raun ber vitni. Tinni er holdgervingur Vesturlanda á tuttugustu öldinni; fullviss um eigin yfirburði í fyrstu en eykst skilningur á fjölbreytileika mannlífs á jörðinni eftir því sem liður á tækniöld. Engan veginn er þó séð fyrir endann á vinsældum hans þótt 21. öldin sé gengin í garð. Leikstjórnarnir Steven Spielberg og Peter Jackson hyggjast nú hvor um sig leikstýra mynd um Tinna og er viðbúið að hetjan unga með ljósa toppinn slái í gegn enn á ný.


Heimildir - Tom McCarthy: Tintin and the



SKAPARI TINNA Hergé gerði Tinna að ævistarfi sínu og uppskar ríkulega fyrir það. Sköpunarverk hans eru þekkt og dád um allan heim.



STOLT BELGÍU Tinni er fyrir löngu orðinn þjóðartákn, eins og sést á þessu frímerki.



TSJANG TSJONG JEN Kínverjinn Tsjang hafði mikil áhrif á Hergé hvað snerti víðsýni og listræna fjölbreytni. Fagnaðarfundur urðu þegar þeir hittust aftur í ellinni og fóru með línur úr Tinna í Tibet: „Ég vissi að ég myndi finna þig að lokum! Þetta er dásamlegt!“ - „Tinni! Ó, hve oft ég hef hugsað til þín!“



...allir menn í Kína séu grimur fantar, glæpamenn, sem eru með flíttur og dunda við að finna upp nýjar þyðingaráðferðir og alla pöddur, rottur og fuglahreidur...



Þessi sönu Evrópumenn halda að allar konur í Kína séu svo umífastar að þær geti ekki gengið. Þær kveljast övo á reyrdum fötum að þær gangi alla daga háskólandi...



...svona ímynda þeir sér að lífið í Kína sé allt fjarlæg. Þannig ímynda þeir sér að allar ár í Kína séu fullar af reifaströngum nýjæðra barna sem flýtt er á flöt...



Jæja, finnst þér skemmtilegar sögurnar hvornig Evrópumenn sjá Kína? Haha! Furðulega eru íbúar álfa þínar villlausir!

UPPHAF FAGURRAR VINÁTTU Hergé og Tsjang ræddu samskipti þjóða sinna og kynþátta löngum stundum og fóru sum atriðin úr samræðunum beint í bækurnar.

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ



Fjármálastjóri hjá virtu bifreiðafyrirtæki

Óskum eftir að ráða reynsluríkan fjármálastjóra til eins af þekktari bifreiðafyrirtækjum landsins

Fjármálastjóri hefur umsjón með daglegri fjármálastjórnun, gerð fjárhagsáætlana auk þess að hafa eftirlit og umsjón með öðru því er lýtur að fjárhagslegri umsjó s.s. bankamálum, greiðslum til birgja / framleiðenda, launamálum og öðrum tengdum verkefnum. Hann hefur jafnframt yfirumsjón með bókhaldi, uppgjörum og frágangi gagna til löggiltra endurskoðenda auk þess að annast önnur sérhæfðari verkefni að beiðni framkvæmdastjóra hverju sinni.

Almennar hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi háskólamenntun í viðskiptafræðum, gjarnan af endurskoðunarsviði, og/eða rekstrarfræðum auk marktækrar reynslu af fjármálaumsýslu og stjórnun. Viðkomandi þurfa jafnframt að vera glöggir og vel að sér á sviði tölvu- og upplýsingatækni, þ.e. sem notendur. Áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð, skipulagshæfni og útsjónarsemi auk lipurðar í mannlegum samskiptum. Enskukunnátta er nauðsynleg þar sem starfinu fylgir erlend samskipti.

Umsóknarfrestur er til og með 30. maí nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Starfsbyrjun verður skv. nánara samkomulagi.

Í boði er áhugavert og ábyrgðarfullt starf hjá traustu og rótgrónu fyrirtæki. Starfsumhverfið er líflegt og í senn hvetjandi fyrir metnaðarfullan einstakling. Laun eru góð og vinnuaðstaða til fyrirmyndar í glæsilegum húsakynnum fyrirtækisins.

Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem viðkvæmt trúnaðarmál og öllum fyrirspurnum svarað.

Guðný Harðardóttir hjá STRÁ MRI veitir nánari upplýsingar. Vinsamlega sendið starfsferilskrár/umsóknir og önnur meðfylgjandi gögn til stra@stra.is. Viðtalstími er virka daga frá kl. 13-15 meðan á umsóknarferlinu stendur.



Suðurlandsbraut 6 - sími 588 3031 - www.stra.is

www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár



Sveitarfélagið
ÁRBORG

STARFSMANNASTJÓRI

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir ráða starfsmannastjóra. Um er að ræða 100% starf sem er hluti af stjórnunarteymi fjármála- og stjórnsýslusviðs sveitarfélagsins.

Í Sveitarfélaginu Árborg búa um 7400 íbúar. Það starfa alls um 500 starfsmenn á vegum sveitarfélagsins og er það sameiginlegt verkefni starfsmanna og stjórnenda að veita metnaðarfulla og framsækna þjónustu. Sveitarfélagið Árborg leitar að starfsfólki sem er skipulagt, vandvirkt, hefur mikla hæfni í mannlegum samskiptum og ríka þjónustulund.

Starfssvið

- Ábyrgð á stefnumótun og samþættingu starfsmanna – og starfsþróunarmála
- Framkvæmd og eftirfylgni starfsmannastefnu
- Ábyrgð á stjórnendabjálfun og eftirfylgni með grunnþjálfunaráætlunum og símenntunaráætlunum
- Yfirumsjón með ráðningarferli sveitarfélagsins
- Ráðgjöf á sviði starfsmannamála
- Yfirumsjón launadeildar og eftirlit með þróun launakostnaðar og stöðugilda
- Þátttaka og undirbúningur fjárhagsáætlunar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, stjórnunar, mannauðsstjórnunar eða sambærilegt nám
- Starfsreynsla af sviði rekstrar, stjórnunar eða mannauðsstjórnunar er æskileg
- Þekking af kjarasamningum og launavinnslu er æskileg
- Þekking á málefnum sveitarfélaga og/eða stjórnsýslu æskileg
- Góð hæfni í upplýsingatækni
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Vélstjóri á dragnótabát

564945



Til sölu Harley Davidson Sportster 1200 Custom, Screaming Eagle. Árg 2004, ek. 16 þ. Vinrautt og krómað - Gullfallett hjól. Verð 1450 þ. Uppl. í s. 898 6561.

LÉTT BYLGGJAN

967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

pú sparar 433 kr/kg

**33%
afsláttur**



879 kr/kg. áður 1.312 kr/kg.
Goða lambaofnsteik



**33%
afsláttur**

199 kr/stk. áður 299 kr/stk.
Freschetta Brickoven



pú sparar 628 kr/kg

**42%
afsláttur**

889 kr/kg. áður 1.527 kr/kg.
Grísakótilettur Miðjarðarhafs



pú sparar 487 kr/kg

**40%
afsláttur**

731 kr/kg. áður 1.218 kr/kg.
Goða BBQ grísaríf



79 kr/stk. áður 152 kr/stk.
Pepsi Max 2 ltr.



**40%
afsláttur**

NÝTT

MS Lgg+jógúrt m/jarðaberjabragði
MS Lgg+jógúrt m/bláberjabragði

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 20. maí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn



„Oooooo...
æ, mig langar
upp á þig...“
- Á þig, Á móti sól, Höf: Heimir Eyvindarson

Nýr vefur » Á hvað ert þú að hlusta?

Tónlist.is

Ný útlit í viku hverri!
Búðu til eigið útlit eða veldu tilbúið!

Viltu breyt'eikkurru?
Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg

BlogCentral.is
Stæsta bloggssamfélagið á Íslandi

STUÐ MILLI STRÍÐA Að selja loforð er eins og að selja himininn

MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR FELLUR EKKI FYRIR FÓTÓSJOPPUM FRAMBJÓÐENDUM



Dá er stormurinn genginn yfir. Frambjóðendurnir þagnaðir og ég varpa öndinni léttar. Vikan fyrir kosningar minnti mig á einhvern undarlegan hátt á úti-merkað í Ístanbul. Æstir sölumenn að ota að mér varningi en í þessu tilfalli var „varningurinn“ pólitískur og þeir sjálfir sölumennirnir. Sölumenn sjálfs síns (ætla ekki að nota hitt orðið). Ég verð að viðurkenna að mér var oftast en ekki ómótt við þessar aðstæður og því gerði ég mitt besta til að forðast áreiði sem var hægara sagt en gert. Í útvarpinu glumdu yfirlýsingarnar, á öllum síðum blaðanna, risavaxnar fótó-

sjoppaðar myndir af hrukkulausum, brosandri frambjóðendum, hreinum sálum sem voru tilbúnar til að fórn sér fyrir hvern göfuga málstaðinn á fætur öðrum. Aftan á strætisvögnum; plaköt af þessum guðum líku frambjóðendum; í sjónvarpinu – frambjóðendur að reyna að sanna það að þeirra málstaður væri sá besti og inn um lúguna heima; endalausir bæklingar. Svo fékk ég líka tölvupóst og símhringingar.

Mín viðbrögð við þessu áreiti eru að draga mig inn í mína krabbaskel og skella skollaeyrum við daðrinu. Ég var fyrir löngu búin að ákveða hvað ég ætlaði að kjósa og einhver „loforð“ og plön brúnaþunga eða skælbrosandi frambjóðenda

breyttu engu um það. Þannig held ég að því hafi verið farið hjá flestum. Nútímafólk er flest búið að læra að greina tilkynningar frá auglýsingaskrumi og hvað er kosningaherferð annað en auglýsingaskrum? Hvernig er hægt að selja loforð? Það er eins og að selja himininn. Þess vegna eru svona læti ekkert annað en brúð og áreiti að mínu mati. Stjórnmalamaður, eða kona, sannar ekki ágæti sitt með breiðu fótósjoppbrossi heldur áreiðanleika, getu til þess að vera málefnaleg í umræðum, dugnaði og heilindum. Slíkt sannast ekki á tveimur vikum. Vinir verða ekki keyptir með nammi. Vinir verða vinir af því þeir eiga margt sameiginlegt. Þannig er nú það.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





PAMELA ANDERSON Leikkonan kynþokkafulla mætti of seint í myndatöku á Cannes-hátíðinni.

Bauluðu á Pamelu

Ljósmyndarar bauluðu á kynbombuna Pamelu Anderson fyrir að mæta of seint til myndatöku á Cannes-hátíðinni í Frakklandi. Auk þess gaf hún ljósmyndurum aðeins nokkrar mínútur til að mynda sig og féll það í grýttan jarðveg.

Pamela var stödd í Cannes til að kynna mynd sína Blonde and Blonder. Skömmu fyrir myndatökuna hafði hún kvartað undan ágengni ljósmyndaranna í Cannes. „Þegar ég horfði á þetta í sjónvarpinu í morgun var eins og leikararnir væru nautgripir og þeim snúið hingað og þangað,“ sagði Pamela. Bætti hún því samt við að umgjörð Cannes-hátíðarinnar væri glæsileg.



MADONNA Með nýtt lag á netinu.

Nýtt lag á netinu

Söngkonan Madonna hefur gefið út lagið Hey You á netinu í tilefni af Live Earth-tónleikunum 7. júlí næstkomandi. Madonna tók lagið upp í samvinnu við Pharrell Williams. Fjallar það um ást og umhyggju.

Hægt er að finna lagið á msn.com. Milljón fyrstu niðurbölin verða ókeypis en eftir það verður hluti af ágóðanum gefinn til umhverfisverndarsamtaka. Madonna kemur fram á tónleikum Live Earth á Wembley í London ásamt hljómsveitum á borð við The Red Hot Chili Peppers, Genesis og The Bestie Boys.



MARILYN MANSON Rokkarinn ófrýnilegi var í engu jafnvægi eftir skilnað sinn við Dita Von Teese.

Í rusli eftir skilnaðinn

Rokkarinn ófrýnilegi, Marilyn Manson, var í algjöru rusli eftir skilnað sinn við fyrirsætuna Dita Von Teese á síðasta ári. Manson, sem heitir réttu nafni Brian Warner, kvæntist Teese í nóvember árið 2005 en hún sótti um skilnað í desember í fyrra.

„Ég var algjörlega í rusli. Ég var alveg búinn að vera,“ sagði Manson í viðtali við Spin. „Hún segist hafa umborið lífsstíl minn vegna þess að hún vonaði að ég myndi breytast og hún hótaði því að fara ef ég gerði það ekki. Ég kom út úr þessu öllu sem nakinn, fjaðralaus fugl.“

Leika aftur saman

Stórleikararnir og Óskarsverðlaunahafarnir Robert De Niro og Al Pacino ætla að leika saman í kvikmyndinni Righteous Kill. Fara þeir með hlutverk lögreglumanna sem leita að fjöldamorðingja.

Þetta verður í annað sinn sem þeir félagar leika saman á hvíta tjaldinu. Síðast léku þeir í Heat árið 1995 í leikstjórn Michael Mann þar sem þeir þóttu ná vel saman. Þeir höfðu áður leikið í myndinni The Godfather Part II en sáust þó aldrei báðir í sama atriði.

Tökur á Righteous Kill hefjast í ágúst í Connecticut og í New York. De Niro, sem er 63 ára, sést næst á hvíta tjaldinu í myndinni Stardust. Hinn 67 ára Pacino leikur aftur á móti í Ocean's 13 á móti Brad Pitt og George Clooney



ROBERT DE NIRO De Niro leikur á móti Al Pacino í Righteous Kill.

Heiður að vera köttur

Spænski leikarinn Antonio Banderas segir það mikinn heiður að fá að tala fyrir köttinn í Shrek-myndunum, sérstaklega vegna þess að hann talar ekki á sínu eigin tungumáli.

„Ég kom til Bandaríkjanna án þess að kunna orð í ensku og nokkrum árum síðan vildu þeir fá að nota röddina mína. Ég er mjög stoltur af því,“ sagði Banderas, sem er 46 ára. Fyrsta mynd kappans vestanhafs var The Mambo Kings árið 1992 sem vakti mikla athygli á honum. Nýjasta Shrek-myndin, Shrek the Third, verður frumsýnd hérlandis í næsta mánuði.

BANDERAS Antonio Banderas er ánægður með að hafa fengið hlutverk kattarinn í Shrek-myndunum.



SKÓLABÆRINN AKUREYRI



Upplifðu skólaárin á Akureyri

- ⊕ Tveir frábærir framhaldsskólar, háskóli á heimsvísu, myndlistarskóli og tónlistarskóli
- ⊕ Stúdentabúðir og heimavist
- ⊕ Ókeypis í strætó og engir stöðumælur
- ⊕ Tíu mínútur á skiði í Hlíðarfjall og örfáar mínútur milli staða innanbæjar
- ⊕ Glæsileg sundlaug, þrjár stórar líkamsræktarstöðvar, skautahöll og öflug íþróttafélög
- ⊕ Fjölbreyttir og mjög góðir leik- og grunnskólar
- ⊕ Kaffihús á hverju strái og úrval veitinga- og skemmtistaða
- ⊕ Frábært leikhús, bókasöfn, listasafn og fleiri söfn og gallerí
- ⊕ Tónlistar- og listalíf í Gilinu og víðar

Hjartanlega velcomin í skólabæinn Akureyri
Akureyri - öll lífsins gæði



www.ma.is



www.vma.is



www.unak.is



www.akureyri.is

ÁST Í samstarfi við Vesturport

20. maí kl. 20 Uppseli
25. maí kl. 20 Uppseli
26. maí kl. 20 Uppseli
31. maí kl. 20 Uppseli
1. júní kl. 20

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is



ABBA BABBA!
eftir Dr. Gunna

FRABÆR
FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!

20. maí kl. 14 örfá sæti laus

Síðasta sýning

Miðasala í síma 555 2222
eða á www.midi.is
www.abbababb.is

Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFIJARDAR LEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ Miðasalan flytur, sjá neðst!

Stóra sviðið kl. 20:00

LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fös. 25/5 örfá sæti laus. **Síðustu sýningar í vor!**
Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti. Námsmannafslættir!

PARTÍLAND - eftir Jón Atla Jónasson. Alþýðuskemmtun með söng, leik og dansi.
Leikfélagið Gilligogg í samstarfi við Þjóðleikhúsið og Listahátið í Reykjavík.
Lau. 26/5.

Smiðaverkstæðið kl. 20:00

HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette.
Fös. 25/5 nokkur sæti laus. **Síðasta sýning í vor!** Umræður eftir sýninguna 25/5 með Viðari Þorsteinssyni heimspekingi.

Kassinn

HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Í kvöld, sun. 20/5 örfá sæti laus, fim. 24/5 uppselt, fös. 1/6 nokkur sæti laus, sun. 3/6.
Síðustu sýningar í vor!

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA, Leiksýning Hrefnu Hallgrímsdóttur og Lindu Ásgeirsdóttur
Í dag, sun. 20/5 kl. 11:00 örfá sæti laus og 12:15 uppselt. **Síðustu sýningar!**

Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.
Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!

Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggjið er á www.leikhusid.blog.is Fylgjst með!

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFÆGA MENN“
GRETTIR

VILTU FINNA MILLJÓN?	DAGUR VONAR
Lau 26/5 AUKASÝNING Síðasta sýning	Fim 24/5 kl. 20 Lau 2/6 kl. 20 Fös 8/6 kl. 20 Ekki er hleypt inni salinn eftir að sýning er hafin
LADDI 6-TUGUR	SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Þri 29/5 kl. 20 UPPS. Mið 30/5 kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20 UPPS. Lau 2/6 kl. 20 UPPS. Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS. Sun 3/6 kl. 14 UPPS. Sun 3/6 kl. 20 Mán 4/6 kl. 20 UPPS. Mið 20/6 kl. 20 Fim 21/6 kl. 20	Fös 25/5 kl. 20 Fim 31/5 kl. 20 Sýningar hefjast að nýju í september
SÖNGLEIKURINN ÁST	SAN FRANCISCO BALLETTINN
Í samstarfi við Vesturport	Samstarfsverkefni Listahátiðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fös 25/5 kl. 20 UPPS. Lau 26/5 kl. 20 UPPS. Fim 31/5 kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20 Sun 3/6 kl. 20 Fim 7/6 kl. 20 Lau 9/6 kl. 20 Fös 15/6 kl. 20	Í dag kl. 14 UPPS. Í kvöld kl. 20 UPPS.
BELGÍSKA KONGÓ	LÍK Í ÓSKILUM
Mið 30/5 kl. 20 Sun 10/6 kl. 20 Aðeins þessar 4 sýningar	Þri 5/6 kl. 20 FORS. Fim 7/6 kl. 20 FORS. Fös 8/6 kl. 20 FORS. Lau 9/6 kl. 20 FORS. Miðaverð 1.500
SPÍTALINN	DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 25 TÍMAR
Eftir Jo Strömgen. Gestasýning frá Noregi. Í kvöld kl. 20 Síðasta sýning	Fim 7/6 FORS. Miðaverð 1.500 Fös 8/6 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI **550 5000**

! 14.00 og 20.00
Sjötta og sjöunda sýning San Francisco ballettsins undir stjórn Helga Tómassonar verða í Borgarleikhúsinu í dag.

menning

menning@frettabladid.is

Fagna fæðingardegi Ásmundar

Fæðingardags Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara, 20. maí 1893, er minnst með veglegri dagskrá í Ásmundarsafni í Laugardal í dag.

Ásmundarsafn hefur fengið íbúasamtök Laugardals til liðs við sig í fyrsta sinn, en fæðingardags myndhöggvarans hefur verið minnst með einhverjum hætti í áratugi.

„Oftast erum við með opnanir á þessum degi en í ár erum við nýbúin að opna sýningu,“ sagði Ólöf K. Sigurðardóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur. „Í fyrri vorum við líka með opinn dag þar sem við budum fólk velkomnið og reynum að draga fram það sem við gerum í safninu alla daga, vera með leiðsagnir og fleira,“ bætti hún við. Á meðal þess sem íbúar í Laugardal og starfsmenn safnsins bjóða upp á er leiðsögn um garðinn við Ásmundarsafn, þar sem margar frægustu höggmyndir hans standa, leiðsögn um húsið sjálft í fylgd Ásdísar, dóttur myndhöggvarans, og ganga um Laugardalinn í fylgd Sigríðar Ólafsdóttur myndlistarmanns og íbúa í hverfinu. Þar verða útilistaverk Ásmundar skoðuð.

Djasssveifla í Reykjanesbæ

Léttisveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar heldur í dag tónleika í samstarfi við Tónlistarfélag Reykjanesbæjar. Auk léttisveitarinnar munu tveir af þekktustu söngvurum landsins koma fram, þau Kristjana Stefánsdóttir og Páll Óskar Hjálmtýsson. Stjórnandi Léttisveitar Tónlistarskóla Reykjanesbæjar er Eyþór Ingi Kolbeins. Tónleikarnir fara fram í Kirkjulundi og hefjast klukkan 16.00.



SAMSTARF ÍBÚA OG SAFNS Ásmundarsafn og íbúasamtök Laugardals leiða saman hesta sína í dag og bjóða upp á veglega dagskrá til að minnst fæðingardags Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara í og við Ásmundarsafn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Á opnum dögum í Ásmundarsafni kemur mikið af fólki úr hverfinu og deilir sögum, upplýsingum og minningum frá svæðinu. Með þessu erum við að ýta undir það,“ sagði Ólöf, sem kvaðst ánægð með samstarfið við íbúana. „Það er ótrúlega gaman þegar fólk sýnir verkunum áhuga og hefur áhuga á að vinna með okkur,“ sagði hún.

Safnið verður opnað klukkan 10 en formleg dagskrá hefst klukkan 13. Gönguferð um Laugardal er síðasti dagskrárliðurinn. Lagt verður af stað frá Ásmundarsafni klukkan 16.

- sun

120 1886 2006

SÖGUSÝNING

Landsbankinn

— 120 ára —



Síðasti sýningardagurinn

Athugið að Sögusýningunni lýkur í dag.
Misstu ekki af tækifærinu til að upplifa þessa einstöku sýningu.

Á Sögusýningu Landsbankans er margt markvert að sjá og skoða, ekki aðeins úr bankasögunni heldur eru dregnar upp myndir úr þjóðlífi fyrri tíðar enda saga bankans og þjóðarinnar samtvinnuð á ýmsan hátt.

Dagskráin í dag:
Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðingur og Sveinbjörn Guðbjarnarson verða á staðnum, leiðbeina gestum og svara spurningum. Eggert Þór segir m.a. frá miðbæjarbrunum mikla árið 1915 og stýðst við líkan sem er sérhannað fyrir Sögusýninguna.

Sögusýning Landsbankans
Aðalstræti 6 (húsnæði TM)
Sími: 410 4300
Opnið í dag kl. 13:00-18:00
Enginn aðgangseyrir
Alltaf heitt á könnunni

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár



SPJALDANNA Á MILLI Halldór Guðmundsson

Splunkunýr Pétur

„Sá sem slær tóna hversdagsins er skáld“ sagði Pétur Gunnarsson í fyrstu ljóðabók sinni, Splunkunýjum degi. Og kannski hefur enginn okkar höfundar í seinni tíð verið jafn lunkinn að slá tóna hversdagsins svo þeir fengju hljóð skáldskapar einsog Pétur. Hann hefur gert það í skáldsögum sínum, ein þeirra ber einmitt heitið Hversdagshöllin, en líka í vasabókunum sínum tveimur, sem heita Vasabók og Dýrðin á ásynnd hlutanna. Alls staðar bregður hann nýju ljósi á hið vanabundna, leitar merkingarinnar í hversdeginum, ekki til að upphefja hann, heldur kannski af ástæðu sem Pétur lýsir svo í síðustu ljóðabók sinni:

„Innst inni heldurðu í vonina um að lífið sé samið verk. Að það sé höfundur, merking, tilgangur, farsæll endir. / Viðleitnin að innrétta fjögurra herbergja íbúð í óskapnaðinn.“ (Að baki daganna, 2003). Pétur er að leita hátíðarinnar að baki daganna, svo vitnað sé í hugtak frá Halldóri Laxness sem heiti ljóðabókarinnar vísar til.

Þessir hlutir og margir aðrir voru ræddir á Pétursþingi sem haldið var í Reykjavík á uppstigningardag, þar sem víða var gripið niður í stóru höfundarverki Péturs. Áheyrendur höfðu gaman af að rifja upp Andræbækurnar, mynd þeirra af Reykjavík á sjötta og sjöunda áratugnum, af bernsku, ást og höfundardraumum – og tilsvörin. Eftir Kennedymorðið: Hvað verður um Jacqueline og börnin, spurði skólastjórinn hrærður. Ykkur finnst ég kannski ekki merkilegur pappír, sagði klósettrúllan. En það var líka rætt um hinar skáldsögurnar, Efstu daga, Heimkomuna, hinn metnaðarfulla bálk sem nefnist Skáldsaga Íslands og þrjú bindi eru komin af. Haldi þeim bálki áfram verðum við á endanum öll persónur í sögu eftir Pétur Gunnarsson. Kannski staðfestist þá það sem óbeint má lesa úr mörgum verkum hans, að lífið fær ekki merkingu fyrr en í búningi skáldskaparins.

Að öðrum ölstuðum átti Sigurður Pálsson skáld minnisstæðasta ávarp dagsins. Það helgaðist ekki síst af því að hann gat stutt þælingar sínar í skáldskap Péturs mynd sem hann dró upp af tveimur ungum mönnum í París veturinn 68-69. Mönnum sem áttu sameiginlega skáldadraumana en ólíka skaphöfn og vissu þó báðir að atburðir þessara ára í Frakklandi og víðar, sem þeir voru vitni að, yrðu til þess að veröldin yrði ekki aftur söm. Frásögnin var krydduð ógleymanlegum lýsingum á því hvernig Sigurður með stríðni reyndi að brjótast í gegnum staðfasta vinnusemi Péturs og draga hann í bæinn: Andri! En fáránlegt nafn á persónu ...

Eitt af því sem Sigurður nefndi er hversu oft má sjá vísi að helstu yrkisefnum skálds í fyrstu bók þess, og svo er einnig hjá Pétri. Í Splunkunýjum degi frá árinu 1973 eru margir þræðir sem Pétur hefur tekið upp aftur síðar og ofið úr ólíkar myndir. Umtalsverður hluti bókarrinnar er ortur í París og Pétri fór einsog Jónasi Hallgrímssyni, þegar hann kom í erlenda heimsborg lifnuðu yrkisefni heimkynnanna við. Enda er þar að finna eitt minnisstæðasta ættjarðarljóð okkar frá seinni hluta 20. aldar, landsýn: einhversstaðar í öllu þessu grjóti á ég heima. Í lok þings þakkaði Pétur fyrir sig og játaði þá meðal annars að honum hefði alltaf fundist að hann hefði byrjað höfundarferil sinn vel, með þessum tveimur fyrstu línunum í fyrsta ljóðinu í Splunkunýjum degi:

af jarðarinnar hálfu
byrja allir dagar fallega

NÝJAR BÆKUR

Hjá Máli og menningu er komin út að nýju sígild bók með kvæðinu

En hvað það var skryt-
ið eftir Pál
J. Árdal og
myndum
eftir Halldór
Pétursson.
Þegar amma
grípur vönd-
inn og ætlar
að refsa lítilli ömmustelpu stekkur hún
af stað og hleypur út í sólina. Þar ber
margt fyrir augu – náttúran, dýrin og
mannlífið sem getur verið skemmti-
lega skrytið!

Íslensk börn hafa um áratugaskeið
orðið hugfangin af þessu skemmtilega
kvæði og fjörgugum myndunum. Kvæð-
ið kom fyrst út á bók árið 1955 og er
þessi útgáfa sú fjórða.

Út er komin út hjá Vöku-Helga-
felli bókinn Heimur ljósálfanna. Í

henni er
að finna
marg-
visleg-
an fróð-
leik og
sögur um
ljósálf-
ana og
leyniheim
þeirra.

Bókin er í stóru broti og einstaklega
fallega myndskreytt.

Ljósálfarnir eiga heima í Ljós-álfabólí
í Hvergilandi og frægasti ljósálfurinn
meðal mannfólksins er án efa Skelli-
bjalla sem er goð vinkona Péturs Pan.
Í Heimi ljósálfanna kynnast lesendur
mörgum fleiri ljósálfum í Hvergilandi
auk þess að lesa sögur um Bekku og
berjastriðið, Fíru og sólina sem hvarf,
fallega kuðunginn hennar Raniar og
Skellibjöllu sem lendir í vanda.
Þýðendur bókarinnar eru Brynhildur
Björnsdóttir og Eva S. Ólafsdóttir.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

17 18 19 20 21 22 23

Sunnudagur

TÓNLEIKAR

- 16.00 **Léttveit Tónlistarskóla Reykjanæbæjar** heldur tónleika í samstarfi við **Tónlistarfélagssins Reykjanæbæjar** halda ásamt tveimur af þekktustu djass-söngvurum landsins, **Kristjönu Stefánsdóttur** og **Páli Óskari Hjálmtýssyni**. Stjórnandi Léttveitar Tónlistarskóla Reykjanæbæjar er **Eyþór Ingi Kolbeins**. Tónleikarnir fara fram í **Kirkjúlundi**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu

ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI

MR. SKALLAGRIMSSON - höf. og leikari
Benedikt Erlingsson
mi 16/5 aukasýning kl 16 laus sæti, kl 20
uppselt, fö 25/5 kl. 20 laus sæti, fö. 1/6
uppselt, lau. 2/6 uppselt, lau 9/6. kl. 15
uppselt, lau 9/6 kl. 20 Örfá sæti, fö 15/6 kl.
20, mi 20/6 kl 20, fö 29/6 kl. 20
MÝRAMAÐURINN - höf. og leikari Gísli
Einarsson
Fö 18/5 örfá sæti, fi. 7/6, fö 8/6 örfá sæti, fi
14/6, - síðasta sýning
SVONA ERU MENN - höf. og flytjendur KK
og Einar Kárasón
su 20/5 kl. 20, lau 26/5, su 3/6 kl. 20, su
10/6 kl. 20, lau 16/6 kl. 20, fö 22/6 kl. 20,
lau 23/6 kl. 20 síðasta sýning
Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskrættur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötrættur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsingar www.landnamsetur.is



BIB

NÁMSBRAUT

Framsækið nám fyrir öfluga einstaklinga - metnaðarfull kennsla á ensku, alþjóðleg sýn



Frá og með hausti 2007 býður Verzlunarskóli Íslands upp á alþjóðlega námsbraut þar sem kennt er á ensku. Námsbrautin sem kallast BIB (Baccalaureate in International Business) tekur mið af viðskiptabraut skólans.

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans, www.verslo.is.

Hvítlauks- eða jurta kryddaðar grillkjúklingabringur



Bónus kryddbringur
KÍLÓVERÐ NÚ:

1959 KR.

Merkt verð 2798 KR.

Nýtt kortatímabil!

Ferskt
lambafille

Ferskt lambafille
KÍLÓVERÐ NÚ:

1998 KR.

Á grillið í dag!

Nýtt í bió

★ ★ ★ ★ ★
LIB Topp5.is TV-KVIKMYNDIR.IS FGG-FBL

FALIN ÁSYND
KASHI WATTS EDWARD HERRON
THE PAINTED VEIL
"Besta myndin sem sýndi mann djúpt."

SPIDERMAN 3
STÆRSTA ORRUSTAN ER INNRI BARÁTTAN

FRRACTURE
MAGNAÐUR SÁLFRÆÐITRYLLIR
ANTHONY HOPKINS • RYAN GOSLING
EF ÞÚ RÝNIR NÓGU DJÚPT SÉRÐU AÐ ALLIR HAFU VEIKAN BLETT.

SMÁRA BIÓ SÍMI 564 0000 REGNBÖGINN SÍMI 551 9000 Borgarbió SÍMI 462 3500

FRRACTURE	kl. 5.30 - 8 - 10.30	B.I. 14 ÁRA	THE PAINTED VEIL	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30		FRRACTURE	kl. 8 - 10.10	B.I. 14 ÁRA
IT'S A BOY GIRL THING	kl. 1.30 - 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10		IT'S A BOY GIRL THING	kl. 3 - 5.50 - 8 - 10.10		IT'S A BOY GIRL THING	kl. 2 - 4 - 6	B.I. 10 ÁRA
SPIDERMAN 3	kl. 2 - 5 - 8 - 10.50	B.I. 10 ÁRA	SPIDERMAN 3	kl. 3 - 6 - 9	B.I. 10 ÁRA	SPIDERMAN 3	kl. 4 - 7 - 10	B.I. 10 ÁRA
SPIDERMAN 3 SÝND Í LÚXUS	kl. 2 - 5 - 8 - 10.50		INLAND EMPIRE	kl. 5.45 - 9	B.I. 16 ÁRA			
PATHFINDER	kl. 8 - 10.15	B.I. 16 ÁRA	ÚTI ER ÆVINTÝRI	ISLENSKT TAL	kl. 3			
TMNT	kl. 2 - 4 - 6	B.I. 7 ÁRA						
ÚTI ER ÆVINTÝRI	ISLENSKT TAL	kl. 2 - 3.45						

450 kr. í bió!
MIDASALA Á **medi.is**

Sími 553 2075 LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus

FYRSTA STORMYNDI SUMARSINS
20.000 MANNS Á AÐEINS 8 DOGUM!
★ ★ ★ ★ ★
FGG, FBL
LIB, TOPP5.IS

SPIDERMAN 3
STÆRSTA ORRUSTAN ER INNRI BARÁTTAN

Sýnd kl. 1, 4, 7 og 10 b.i. 10

Óþægilega fínin grínalefveikja í aðla Shawn of the Dead.

SEVERANCE
ALLS EKKI FYRIR VIKVÆMA

SVAKALEG HASARMYND MED VINNIE JONES

Sýnd kl. 6, 8 og 10 b.i. 16

Sýnd kl. 5.40 og 8 b.i. 16

BEANS HOLIDAY

SHOOTER

Sýnd kl. 2 og 4 kl. 2 og 4 (i. tal) Sýnd kl. 10.20 b.i. 16

450 KR. Í BIÓ

HÁSKÓLABÍÓ
Stærsta kvikmyndahús landsins

EF ÞÚ RÝNIR NÓGU DJÚPT SÉRÐU AÐ ALLIR HAFU VEIKAN BLETT.

FRRACTURE
MAGNAÐUR SÁLFRÆÐITRYLLIR

STEVE AUSTIN LEIÐVINNIE JONES
SVAKALEG HASARMYND MED TÖFFARANUM VINNIE JONES.
THE CONDEMNED

WOODRIDGE JULIANNE MOORE
NEXT

DAS LEBEN DER ANDEREN / LÍF ANNARRA
BESTA MYND ÁRSINS
the lives of others

Heimavöllur íslenskrar kvikmyndagerðar

KÖLD SLOÐ 2 FYRIR 1
MYRIN 2 FYRIR 1

HÁSKÓLABÍÓ

FRRACTURE	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	B.I. 14 ÁRA
THE CONDEMNED	kl. 8 - 10.30	B.I. 16 ÁRA
THE LIVES OF OTHERS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	B.I. 16 ÁRA
NEXT	kl. 8 - 10.30	B.I. 14 ÁRA
MYRIN 2 FYRIR 1 SÍÐUSTU SÝNINGAR	kl. 3.20 - 5.40	B.I. 12 ÁRA
KÖLD SLOÐ 2 FYRIR 1 SÍÐUSTU SÝNINGAR	kl. 3.30 - 5.50	B.I. 12 ÁRA

HAGATORG www.haskolabio.is SÍMI 530 1919

Ódýrt í bió

450 kr. á 1 og 2 sýningar

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI **550 5000**

Grammer í nýjum þætti

Kelsey Grammer, sem sló rækilega í gegn sem geðlæknirinn Frasier Crane í þáttunum Staupasteini og Frasier, ætlar að snúa aftur í sjónvarpið í nýrri gamanþáttaröð.



KELSEY GRAMMER

Grammer fer með hlutverk sjónvarpsfréttamanns sem reynir að hleypa nýju lífi í feril sinn í þættinum Back to You sem verður sýndur á sjónvarpsstöðinni Fox TV. Patricia Heaton, sem lék húsmóðurina í Everybody Loves Raymond í níu ár, leikur hitt aðalhlutverkið.



www.mk.is

Nýtt nám í hótélstjórnun á háskólastigi Menntaskólinn í Kópavogi Innritun stendur yfir

Menntaskólinn í Kópavogi býður upp á nýtt nám í hótélstjórnun. Námið er á háskólastigi og er kennt í samstarfi við César Ritz Colleges í Sviss. Hér er á ferðinni spennandi námsmöguleiki fyrir nemendur sem lokið hafa sveinsprófi í matvælagreinum og/eða stúdentsprófi.

Nánari upplýsingar og innritun hjá áfangastjóra, Baldri Sæmundssyni í síma 594 4000 frá kl. 9:00 til 15:00, eða á netfanginu: bs@mk.is.

Menntaskólinn í Kópavogi og César Ritz Colleges í Sviss

Menntaskólinn í Kópavogi

VERSLAÐU MIÐA Á NETINU Á **midi.is** www.SAMBio.is (575 8900)

HÖRKYSPENNAÐI MYND BYGGD Á SAMNSÓÐULEGUM AÐBYRÐUM.

"Besta kvikmynd Fincher til þessa." David Arzen, NEWSWEEK
 "Mógnuð kvikmynd!" Leonard Maltin, ENTERTAINMENT TONIGHT
 "Án efa besta mynd ársins til þessa." Ó.F.

Frá D.Fincher leikstjóra SE7EN & FIGHT CLUB.

HILARY SWANK
 FRÁ FRÁMLEIÐANDA MATRIX, DIE HARD OG LETHAL WEAPON

Stærsta orrustan er innri baráttan

GOAL II

BREACH SPARBÍÓ 450 kr

MEET THE ROBINSONS

ANNAR ÞESSARA TVEGGJA HEFUR HEILA... Á STARD VIÐ HNETU! BEAN'S HOLIDAY

SAMBIÓN / ALFABAKKA		SAMBIÓN / KRINGLUNNI		SAMBIÓN / KEFLAVÍK		SAMBIÓN / AKUREYRI	
ZODIAC	N. 5:50 - 8	BREACH	N. 8 - 10:10 séðna sgn.	ZODIAC	N. 8:10 - 10	SPIDERMAN 3	N. 7-5-8
ZODIAC VIP	N. 2-5:50-8	MR. BEAN'S HOLIDAY	N. 1:30-3:40	GOAL 2	N. 1:30-3:40-5:50-8:10:20	THE REAPING	N. 6-10:10
THE REAPING	N. 5:50-8-10:10	ROBINSON FJ.	N. 1:30-2-3:30-4	BLADES OF GLORY	N. 2-4-6-8	GOAL 2	N. 6-8
SPIDERMAN 3	N. 12:20-3-6-9	WILD HOGS	N. 8 séðna sgn.	ROBINSON FJ.	N. 1:50-4-8:10	BLADES OF GLORY	N. 6-10:10
BLADES OF GLORY	N. 1:30-3:40-5:50-8-10:10			THE MESSAGERS	N. 10:10	ROBINSON FJ.	N. 6
						MR. BEAN'S HOLIDAY	N. 4

FORSALA HAFIN - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA! **midi.is**

Cowell ósáttur við eigin þátt

Idol-dómarinn kunnir, Simon Cowell, hefur viðurkennt að nýjasti raunveruleikabátturinn sinn, „Grease is the word“, sé algjörlega misheppnaður og að hann hefði aldrei átt að vera sýndur í sjónvarpi.

Nýr þáttur Simons Cowell er sýndur á ITV-sjónvarpsstöðinni í



OLIVIA NEWTON-JOHN OG JOHN TRAVOLTA Þau léku Sandy og Danny í Grease-bímyndinni sem sló í gegn. Simon Cowell leit að breskum arftökum þeirra í leiðinlegum raunveruleikabætti.


Bretlandi og gengur út á að finna tvo hæfileikaríka einstaklinga til að taka að sér hlutverk Sandy og Danny í nýstárlegri uppfærslu á Grease sem sýnd verður í leikhúsum ytra í haust.

Þátturinn hefur fengið afleita dóma gagnrýnenda sem segja hann lélega eftirlíkingu af X-Factor og sambærilegum þáttum. Cowell segir að þær gagnrýnisráddir eigi fullan rétt á sér.

„Þátturinn hefur ekki gengið eins vel og ég hafði vonast eftir. Gagnrýnendur hafa hakkað þáttinn í sig og ég láí þeim það ekki. Þetta hefur einfaldlega ekki heppnast nægilega vel,“ sagði Cowell og bætti við að flestir raunveruleikabættir sem gengju út á slíka hæfileikaleit væru almennt mjög leiðinlegir. „Bestu þættirnir halda velli en flestir þessara raunveruleikabátta eru algjört rusl.“

Breski dómarinn þarf þó ekki að hafa áhyggjur af dvínandi vinsældum því hann hefur nýgengið frá höfundarréttarsamningi við sjónvarpsstöðvar í 40 löndum víðs vegar um heiminn í tengslum við þáttinn „Americas Got Talent,“ sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum. Sá þáttur

er hugverk Cowells og er í raun allsherjar hæfileikakeppni þar sem söngvarar, dansarar, grínistar, töframenn og fleiri keppa um peningaverðlaun. Samningurinn gerir Cowell 12 milljörðum króna ríkari.



SIMON COWELL Gefur sínum eigin þætti felleinkunn að þessu sinni.

Hvaladráp kemur út

Nýjasta breiðskífa Mínuss, The Great Northern Whalekill, kemur út á mánudag á vegum Smekkleysu. Þetta er fjórða hljóðversskífa Mínuss, sem síðast sendi frá sér Halldór Laxness árið 2003, sem var valin besta plata ársins af tónlistarspekúlöntum.

Mínus tók plötuna upp í The Sound Factory-hljóðverinu í Los Angeles í nóvember í fyrra. Við stjórnvölinn voru þeir Joe Baresi og S. Husky Höskulds. Aðstoðarupptökumaður var Jason Gossman. Fyrsta smáskífulagið, Futurist, hefur fengið finar móttökur og þykir gefa góð fyrirheit um plötuna.



MÍNUS Fjórða breiðskífa Mínus er væntanleg í búðir.



IAN CURTIS Fyrrum söngvari Joy Division framdi sjálfsvíg ungur að aldri.

Ánægja með Control

Ný bresk kvikmynd um ævi fyrreverandi söngvara Joy Division, Ian Curtis, hefur fengið mjög góðar viðtökur á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

Með aðalhlutverkið í myndinni, sem heitir Control, fer hinn áður óþekkti Sam Riley. „Þetta er mjög erfitt hlutverk vegna þess að það er ekki auðvelt að leika mann sem er orðinn goðsögn í augum svo margra,“ sagði ljósmyndarinn sem leikstýrir myndinni. Þetta er hans fyrsta mynd.

Borðum meiri fisk!



uppskrift að ljúffengum fiskrétti fyrir alla fjölskylduna

Tandoori fiskur

(fyrir 6)

- 1 kg fiskur t.d. smálúða, rauðspretta, þorskur eða ýsa, roð- og beinlaus sítrónupipar
- 2 græn epli, afhýdd og söxuð
- 1 msk. matarolía
- 2 msk. tandoori masala krydd
- 1 ts. sterkt karrí
- 2 1/2 dl létt-kókosmjólk
- 2 bananar, lítið þroskaðir, í sneiðum
- 1/2 dós ananasbitar
- 3 msk. ostur, 17%

Fiskurinn er skorinn í hæfilega bita, stráið sítrónupipar yfir fiskstykkinn og látið í smurt ofnfast mót.

Kraumið eplin í olíu, tandoori masala og karrí.

Hellið kókosmjólkinni yfir eplin og sjóðið í 1 mínútu.

Bætið banönum og ananas út í sósuna og hellið henni yfir fiskinn.

Stráið rifnum osti yfir og bakið í ofni við 180°C í u.þ.b. 25 mínútur eða þar til fiskurinn er hvítur í gegn.

Berið fram með hrísgrjónum eða byggi og grænmetissalati.

Þennan rétt má líka elda eingöngu á pönnu. Þá er fiskurinn kryddaður og geymdur á diskum og honum bætt út í sósuna á eftir banönum og ananasi og rifnum osti er stráð síðast yfir. Lok sett á pönnuna og rétturinn eldaður við vægan hita þar til fiskurinn er soðinn og osturinn bráðinn.

Fleiri uppskriftir á [lydheilsustod.is](#)



> Óli sjóðheitur á Spáni

Ólafur Stefánsson fór á kostum með liði sínu, Ciudad Real, í spænsku úrvalsdeildinni í gær. Hann var markahæstur sinna manna er hann skoraði átta mörk í 41-29 sigri á Keymare Almería í gær. Þar með styrkti Ciudad Real stöðu sína á toppi deildarinnar en liðið er með tveggja stiga forystu á Portland San Antonio þegar tvær umferðir eru eftir af tímabilinu.

sport
sport@frettabladid.is



ÍA Á AKRANESI: FÆR ÞRÍJA LEIKMENN FRÁ SLOVENÍU TIL REYNISLU HJÁ SÉR Í VIKUNNI

Gætum samið við þá alla ef svo ber undir

Guðjón Þórðarson verður með þrjá leikmenn frá Slóveníu hjá sér á næstunni til skoðunar. Guðjón vildi ekki greina frá nöfnum leikmannanna þegar Fréttablaðið fal aðist eftir því í gær en staðfesti þó að þrenningarnir kæmu í dag eða á morgun upp á Akranes.

Gísli Gíslason, formaður rekstrardeildar meistaraflokks ÍA, sagði í gær að þrjú leikmenn væri á aldrinum 24-27 ára og kæmi frá meistaraliðinu í Slóveníu. Einn leikmannanna er allhliða leikmaður fram á við en hinir tveir varnarsinnaðri leikmenn að sögn Gísla. „Það verður bara að koma í ljós hvernig þeir líta út en það gæti vel komið upp að við semjum við þá alla ef svo ber undir. Við settum okkur það markmið að fá tvo til þrjá leikmenn en ég yrði sáttur við að bæta við okkur einum ef hann styrkir

hópinn,” sagði Gísli sem sagði jafnframt að ekki væri í burðarliðnum að fleiri leikmenn kæmu til ÍA á næstunni.

„Við erum í raun ekki að sækjast eftir fjölda leikmannanna heldur viljum við fá aðeins meiri reynslu inn í ákveðnar stöður í liðinu. Við ætlum að vera trúir því sem við gengum út með að nota þetta heimalið sem við erum með og spila á því. Óeitanlega má búast við meislum og bönnum eins og hefur bara nú þegar gerst,” sagði formaðurinn en Þórður Guðjónsson verður ekki með ÍA í leiknum gegn HK annað kvöld vegna meiðsla, ekki frekar en Árni Thor Guðmundsson sem þar með getur ekki spilað með ÍA á sínum gamla heimavelli.

„Það er ekki vandamálið að fá leikmenn, vandamálið er að fá leikmenn sem við getum treyst að séu betri en þeir sem

við höfum. Við höfum verið grimmir á því að það sé ekki nóg að heita útlensku nafni heldur verða þeir að vera betri en þeir sem fyrir eru. Þetta kostar allt sitt en við erum að vonast til að einhverjir af þessum mönnum séu í þeim gæðaflokki sem við erum tilbúnir að borga fyrir,” sagði Gísli Gíslason að lokum.



PAULETIC Er hér í leik með KR gegn Blikum síðasta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Dalibor Pauletic fór frá KR:

Meinað að semja við ÍA

FÓTBOLTI KR gerði samning við Dalibor Pauletic um að hann semdi ekki við annað lið á Íslandi. KR taldi sig ekki hafa not fyrir Pauletic og sagði að hann væri einfaldlega of dýr til að vera á bekknum og því hefur hann yfirgefið félagið.

„Það er ekkert leyndarmál að við höfðum áhuga á því að fá hann til okkar,” sagði Gísli Gíslason, formaður rekstrarstjórnar meistaraflokks ÍA, við Fréttablaðið í gær.

„Við töluðum nokkrum sinnum við KR en það voru mál sem mér eru ekki kunn innan KR sem þýddi að hann var orðinn leiður á lífinu hérna. Mér skilst einnig að þeir hafi gert samkomulag við hann um að hann semdi ekki við annað lið á Íslandi. Að okkar mati var Dalibor góður kostur, ég held að KR hafi þarna misst frábæran leikmann,” sagði Gísli.



MEISTARAR Celtic vann skosku deildina með nokkrum yfirburðum. Hér tekur Neil Lennon fyrirlíði við bikarnum fyrir skemmstu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Theodór Elmar Bjarnason: Í byrjunarliði Celtic í dag

FÓTBOLTI Theodór Elmar Bjarnason verður í byrjunarliði Celtic sem mætir Hibernian á útivelli í lokaumferð deildarkeppninnar í Skotlandi í dag. Þetta verður fyrsti leikur Theodórs með aðalliði félagsins en hann hefur farið mikinn með varaliði Celtic að undanfögnu.

Theodór sagði við Fréttablaðið nýverið að hann væri enn í samningaviðræðum við Celtic um nýjan samning en möguleikar væru fyrir hendi að hann færi til Skandinavíu, Hollands eða Belgíu, yfirgæfi hann herbúðir skosku meistaranna.

Tilfinningarík og erfið kveðjustund

Rúnar Kristinsson lék í gær sinn síðasta leik fyrir Lokeren. Hann var í sjö ár hjá belgíska félaginu og er þegar kominn í guðatölu þar á bæ en hann heldur nú heim til Íslands þar sem hann mun spila með KR.

FÓTBOLTI Rúnar Kristinsson fékk höfðinglega kveðjustund eftir leik Lokeren og Lierse í belgísku knattspyrnunni í gær. Rúnar kom til Lokeren árið 2000 og hefur verið einn allra besta leikmaður liðsins og er í miklum metum meðal áhangenda belgíska liðsins. Rúnar hefur verið fyrirlíði Lokeren um árabíl en hann lék sinn síðasta leik sem atvinnumaður á meginlandi Evrópu í gær.

„Við töpðum leiknum að vísu 4-1 og það er auðvitað hundleiðinlegt að tapa. En ég fékk frábærar mótökur hjá áhorfendum og virkilega gaman að fá að kveðja allt þetta góða fólk sem ég hef kynnst á mínum árum í Belgíu. Þetta var virkilega skemmtilegt kvöld,” sagði Rúnar í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hann segir að það sex og hálfra ár sem hann var hjá félaginu hafi verið afar góður tími. „Ég hef spilað með góðum og aðeins minna góðum liðum hér í Lokeren en þetta hefur alltaf verið jafn skemmtilegt.”

Rúnar neitar því ekki að kveðjustundin hafi verið tilfinningarík. „Já, hún var mjög tilfinningarík og það var erfitt að kveðja alla. Hér höfum við fjölskyldan eignast mikið af góðum vinum og hér er margt fólk sem okkur þykir vænt um,” sagði Rúnar. Hann snýr nú heim til Íslands eftir rúmlega tólf ára veru erlendis.

„Þetta er langur tími og ríkir tilhlökkun fyrir heimferðinni en einnig smá kvíði. Það verður mikil breyting fyrir fjölskylduna og sérstaklega börnin mín. Þau hafa alla tíð búið erlendis og við munum öll þurfa smá tíma til að aðlagast lífinu á Íslandi. Við hlökkum til að takast á við það.”



HLAÐINN GJÖFUM Rúnar Kristinsson var kvaddur með virtum á heimavelli Lokeren í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/MARC GOYVAERTS

Rúnar hóf feril sinn með Leikni í Breiðholti áður en hann gekk í raðir KR. Eftir góða frammistöðu þar hélt hann út á vit ævintýrana og byrjaði atvinnumannsferil sinn hjá Örgryte í Svíþjóð árið 1997. Þaðan lá leiðin yfir landamærin til Noregs þar sem hann lék með Lilleström þar sem hann naut mikillar velgengni. Árið 2000 flutti hann sig síðan um set til Lokeren. Rúnar tók fyrir nokkra þá ákvörðun um að halda heim á leið og lá beinast við að hann færi aftur í KR.

Sú varð og raunin og mun hann skrifa undir samning við Vesturbæjarfélagið í vikunni og hugsanlega leika með því á fimmtudaginn þegar KR mætir Val í þriðju umferð Landsbankadeildarinnar. Rúnar lék 106 landsleiki fyrir



Á FULLU Rúnar í baráttunni gegn Lierse í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/MARC GOYVAERTS



HEIÐURSSKIPTING Rúnar fór af velli á 73. mínútu og var hylltur af stuðningsmönnum liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/MARC GOYVAERTS

Íslands hönd og skoraði í þeim þrjú mörk. Hann var fyrirlíði í ell-

- hph, esá

Kjartan Henry Finnbogason er kominn heim til Íslands til að taka erfiða ákvörðun um framtíð sína:

Þrjú ensk lið á eftir Kjartani Henry

FÓTBOLTI Kjartan Henry Finnbogason er nú staddur heima á Íslandi þar sem hann ætlar að fara vandlega yfir sín mál áður en hann ákveður hvað hann gerir næst. Kjartan er sammingsbundinn Celtic sem hefur boðið honum tveggja ára framlengingu en Kjartan segir að 90 prósent líkur séu á því að hann fari frá félaginu.

„Ég veit ekki hvað er framundan hjá mér. Ég ætla að slappa af og setjast svo niður með fjölskyldu minni og tala við nokkra góða menn sem geta leiðbeint mér og sagt mér hvað er best að gera. Ég vonast til að komast til Englands í sumar þegar undirbúnings-tímabilið byrjar en það er auðvitað ekkert öruggt,” sagði Kjartan við Fréttablaðið í gær en hann staðfesti að hans gamla félag KR hefði þegar talað við sig þar sem enn kemur til greina að hann spili á Íslandi í sumar.

„Ég gæti spilað hérna heima líka, KR er búið að hafa samband



KJARTAN HENRY Mun að öllum líkindum færa sig um set til Englands frá Skotlandi í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

við mig og ég get varla hugsað mér að fara í aðra treyju en KR-treyjuna á Íslandi. Það er alltaf þetta „en“, ég yrði auðvitað ekki kominn heim til að sitja á bekknum,” sagði Kjartan en í það minnsta þrjú ensk lið hafa verið að fylgjast með kappanum undanfarið. „Wolves, Southampton og Bris-

tol City hafa verið að fylgjast með mér og lið frá Norðurlöndunum líka en ég stefni á að vera á Englandi. Ég á líka eftir að tala almennilega við Ólaf Gardarson [umboðsmaður hans]. En ef ég skrifa undir hjá Celtic myndi ég setja ákvæði að ég gæti farið að láni hvert sem ég vil, hvenær sem

ég vil,” sagði Kjartan sem hefur spilað vel undanfarið með varaliði Celtic.

„Varaliðið er sterkt og ég er búinn að skora næstum því mark í hverjum einasta leik. Það er búið að vera frábær og ég var kominn á svölítið lágan punkt eftir að hafa verið meiddur lengi en ég myndi taka mikla áhættu með því að segja nei við Celtic. Það eru ekki margir 21 árs gamlir strákar sem myndu segja nei við tveggja ára samningi hjá Celtic eftir að hafa verið að æfa með aðalliðinu og hafa Gordon Strachan sem hjálfa. Þetta er ekki auðveld ákvörðun sem bíður mín og ég stend á hálfgerðum krossgötum. Ég verð að fara að spila aðalliðsfótbolta fyrir framan áhorfendum og upplifa þennan laugardagsfótbolta. Ég er í toppformi og mér líður mjög vel og ég hef engar áhyggjur af því að komast ekki út,” sagði hinn geðþekki Kjartan Henry Finnbogason að lokum.

- hph



DESCHAMPS Fagnar sigrinum í gær og þar með sæti á meðal þeirra bestu á nýjan leik. NORDIC PHOTOS/AFP

Juventus: Komið aftur upp í Serie-A

FÓTBOLTI Dvöl Juventus í Serie-B var ekki löng en félagið hefur tryggt sér þátttökurétt á meðal þeirra bestu með glæsibrag. Juventus var sent niður um deild í kjölfarið á Ítalíuskandalnum en því tókst að halda flestum af sínum bestu leikmönnum og hefur liðið borið höfuð og herðar yfir önnur lið í deildinni á tímabilinu.

„Ég bað strákana um að klára þetta í dag og hugsa ekki um hina leikina. Ég er mjög ánægður og þetta færir öllum hér sem tóku þátt í þessu ævintýri mikla gleði,“ sagði Didier Deschamps, þjálfari Juventus, í gær eftir 5-1 sigur á Arezzo og fyrirlíðinn Alessandro Del Piero tók í sama streng.

„Þetta hefur verið erfiðt ár og það er gott að geta fagnað árangrinum. Núna einbeitem við okkur bara að næsta tímabili,“ sagði Del Piero. - hph

Neil Warnock: Warnock hefur áhuga á Hearts

FÓTBOLTI Neil Warnock, fyrrum stjóri Sheffield United, sagði í samtali við skoskt dagblað í gær að hann hefði áhuga á að taka við stjórn Hearts. „Ég elska Edinborg. Konan mín myndi elska það að flytja þangað og ef Hearts myndi leita til mín myndi ég sýna því mikinn áhuga,“ sagði Warnock.

Eggert Gunnþór Jónsson leikur með félaginu sem er í eigu auðjófursins umdeilda Vladimir Romanov. - esá



XAVI Gagnrýnir alla leikmenn Barcelona með tölu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Xavi gagnrýnir Barcelona: Leggjum okkur ekki alla fram

FÓTBOLTI Gengi Barcelona hefur dalað svo um munar og félagið hefur nú misst toppsætið á Spáni í hendurnar á erkifjendum sínum í Real Madrid. Miðjumaðurinn Xavi tekur undir orð Eids Smára Guðjohnsen frá því fyrr á tímabilinu og segir að leikmennirnir leggi ekki nógu hart að sér.

„Á tímabilinu höfum við haldið að við gætum unnið leiki bara á nöfnunum okkar en þetta er alls ekki þannig. Það er rétt að við erum búnir að gera mörg mistök. Ég held að við höfum haldið að við gætum unnið leiki án þess að leggja okkur alla fram en hvað gæði varðar erum við kannski betri en mörg lið, leggjum sig aftur á móti ekki fram getur hver sem er unnið þig,“ sagði Xavi. - hph

Garðar Jóhannsson fór á kostum með Fredrikstad: Þrenna á 15 mínútum

FÓTBOLTI Keppt var í norsku bikarkeppninni í gær og kom eitt úrvalsdeildarlið við sögu í leikjum dagsins. Það var Fredrikstad, lið Garðars Jóhannssonar, sem mætti neðrideildarliðinu Lisleby.

Garðar var í fyrsta sinn á tímabilinu í hópnum hjá félaginu og var skipt inn á þegar 40 mínútur voru til leiklok. Hann gerði sér lítið fyrir og skoraði þrjú mörk á fimmtán mínútum og tryggði liðinu 5-0 sigur í leiknum. Staðan þegar hann kom inn á var 1-0.

„Það var auðvitað fyrst og fremst gott að fá að spila með aðalliðinu,“ sagði Garðar sem var í leikmannahópi liðsins fyrstu tvo leiki tímabilsins en hefur verið

utan hans þar til í gær. „Nú á ég kannski meiri möguleika á að fá að spila með liðinu í deildinni.“

Hann var vitanlega hæstánægður með að skora mörkin þrjú. „Það er alltaf gaman þegar vel gengur.“

Fredrikstad hefur ekki unnið deildarleik í maímánuði og situr í 12. sæti deildarinnar. Um næstu helgi mætir liðið Vålerenga. „Nú náði maður kannski að sýna þessum mönnum að maður getur eitt-hvað og ég hlýtt að fá að vera með í hópnum í næsta leik, að minnsta kosti,“ sagði Garðar.

Norskir fjölmiðlar sögðu eftir leik í gær að innkoma Garðars hafi skipt sköpum fyrir Fredrikstad. - esá



GARÐAR JÓHANNSON Hér í leik með Val á síðasta keppnistímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Thaksin Shinawatra: Nálgast yfirtöku á Man. City

FÓTBOLTI Yfirtaka Thaksin Shinawatra á Manchester City gengur vel samkvæmt lögfræðingi Taílandingsins. Talið er að Shinawatra, sem eitt sinn var í viðræðum um kaup á Liverpool, þurfi að borga um 100 milljónir punda fyrir félagið en fréttir frá Taílandi herma að kaupin muni ganga í gegn síðar í maímánuði.

„Tilboðið frá Thaksin er orðið opinbert. Það er þó ekki búið að ganga frá neinu en allt gengur vel. Fyrir lok mánaðarins kemur í ljós hvað úr verður,“ sagði lögfræðingur hins fyrrum forsætisráðherra Taílands. - hph

**LEIKANDI
Í GOGGINN**

GOTT

*Klikkaður
í Cocoa Puffs!*

LEIENSKA SÍLAS / JAN 3714 052007

Vill þrjú stig gegn KR í afmælisgjöf

Ólafur Kristjánsson vonast eftir því að fá þrjú stig á 39. afmælisdegi sínum í dag þegar Breiðablik heimsækir KR. „Þurfum að vera á tánum,“ segir Heimir Guðjónsson um leik FH gegn Keflavík í kvöld.

FÓTBOLTI „Þrjú stig á móti KR,“ sagði glaðbeittur Ólafur Helgi Kristjánsson spurður um hvað hann vildi í afmælisgjöf í dag. Breiðablik og KR leiða saman hesta sína í Vesturbænum í kvöld en félagin verma fyrir leikinn botnsætin tvö eftir fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar. Bæði lið töpuðu á heimavelli í fyrstu umferðinni, KR fyrir Keflavík en Blikar fyrir Fylkismönnum.

„Við þurfum að halda sömu tóktum og í síðasta leik á móti Fylki og ná því spili og stemningu sem var til staðar þá en skerpa á því að klára færin. Þetta var góður leikur en það dugar ekki alltaf í góð úrslit,“ sagði Ólafur sem hefur nýtt vikuna vel.

„Við erum búnir að vinna mikið í því í vikunni að bæta okkur á síðasta þriðjungi vallarins, til dæmis að bæta fyrirgjafirnar, lykilsendingarnar til að skapa færin og að sjálfsgöðu að klára þau. Við höfum einnig verið að herða varnarleikinn og skoða taktísk atriði, til dæmis með því að skoða hvað við getum notfært okkur í KR liðinu og hvað við þurfum að stoppa hjá þeim. Við teljum okkur hafa ákveðna þætti umfram þá,“ sagði þjálfarinn sem skoðaði KR í leiknum gegn Keflavík síðastliðinn mánudag.

„KR var miklu meira með boltann og var sterkari aðilinn lengst af í leiknum en þeir nýttu ekki færin sín. Þeir fengu þrjú góð færi í fyrri hálfleik sem þeir áttu að nýta. Við vitum að þeir eru með gríðarlega sterkt lið og pressan er á þeim á heimavelli, við þurfum að nýta okkur það,“ sagði Ólafur og bætti við að staðan á leikmanna-



SLÆM NÝTING Ólafur Kristjánsson leggur áherslu á að Blikar klári færin sín í leiknum gegn KR í kvöld. Það tókst þeim ekki í leiknum gegn Fylki en svona færi sem Nenad Zivanovic brenndi af úr mega ekki fara í súginn í Vesturbænum ætli Blikar sér að stela stigunum þremur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

hópi sínum væri góð.

Hlutskipti FH og Keflavíkur voru þau sömu í fyrstu umferðinni, þrjú góð stig á erfiðum úti-völlum. Liðin mætast í Keflavík í kvöld og Heimir Guðjónsson, aðstoðarþjálfari FH, segir að liðið þurfi svo sannarlega að vera á

tánum gegn spræku liði Suðurnesjamanna. „Það er ljóst að við þurfum að spila vel, Keflavíkingar sýndu það gegn KR að þeir eru til alls líklegir. Eins og alltaf þegar við spilum á úti-völlum komum við til með að pressa og reyna að sækja þessi þrjú stig, það er að

sjálfsgöðu alltaf markmiðið þegar við spilum,“ sagði Heimir.

„Keflavík er með sterka liðs-heild og góða miðjumenn, fljóta vængmenn og það er það sem við þurfum helst að hafa í huga í varnarleik okkar,“ sagði Heimir.

hjalti@frettabladid.is

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

Þýska úrvalsdeildin

BAYER LEVERKUSEN-DORTMUND	2-1
1-0 Stefan Kiessling (46.), 2-0 Simon Rolfes (54.), 2-1 Ebi Smolarek (79.).	
BAYERN MÜNCHEN-MAINZ	5-2
1-0 Roque Santa Cruz (30.), 2-0 Mehmet Scholl (33.), 3-0 Mark van Bommel (38.), 3-1 Chadli Amri (55.), 4-1 Ali Karimi (63.), 5-1 Claudio Pizarro (74.), 5-2 Markus Feulner (75.).	
GLADBACH-BOCHUM	0-2
0-1 Christoph Dabrowski (24.), 0-2 Dariusz Wozz (82.).	
E. FRANKFURT-HERTHA BERLIN	1-2
0-1 Kevin Boateng (48.), 1-1 Albert Streit (60.), 1-2 Marko Pantelic (87.).	
HAMBURGER SV-ALEMANNIA AACHEN	4-0
1-0 Ivica Olic (15.), 2-0 Ivica Olic (27.), 3-0 Juan Pablo Során (54.), 4-0 Juan Pablo Során (86.).	
HANNOVER 96 - 1. FC NÜRNBERG	0-3
0-1 Marek Mintal (54.), 0-2 Marco Engelhardt (62.), 0-3 Ivica Banovic (92.).	
SCHALKE-ARMINIA BIELEFELD	2-1
1-0 Lincoln (11.), 2-0 Halil Altintop (16.), 2-1 Radim Kucera (91.).	
STUTTART - ENERGIE COTTBUS	2-1
0-1 Sergiu Radu (19.), 1-1 Thomas Hitzlsperger (27.), 2-1 Sami Khedira (63.).	
WOLFSBURG-WERDER BREMEN	0-2
0-1 Markus Rosenberg (54.), 0-2 Markus Rosenberg (87.).	

LOKASTAÐAN

STUTTART	34	21	7	6	61-37	70
SCHALKE	34	21	5	8	53-32	68
W. BREMEN	34	20	6	8	76-40	66
BAYERN M.	34	18	6	10	55-40	60
LEVERKUSEN	34	15	6	13	54-49	51
NÜRNBERG	34	11	15	8	43-32	48
HSV	34	10	15	9	43-37	45
BOCHUM	34	13	6	15	49-50	45
DORTMUND	34	12	8	14	41-43	44
HERTHA	34	12	8	14	50-55	44
HANNOVER	34	12	8	14	41-50	44
A. BIELEFELD	34	11	9	14	47-49	42
COTTBUS	34	11	8	15	38-49	41
FRANKFURT	34	9	13	12	46-58	40
WOLFSBURG	34	8	13	13	37-45	37
MAINZ	34	8	10	16	34-57	34
A. AACHEN	34	9	7	18	46-70	34
GLADBACH	34	6	8	20	23-44	26

Ítalska úrvalsdeildin

AC MILAN - UDINESE	2-4
0-1 Asamoah Gyan (10.), 1-1 Yoann Gourcuff (36.), 1-2 Antonio Di Natale (53.), 2-2 Alessandro Costacurta (57.), 2-3 Paulo Barreto (61.), 2-4 T. Sivok (69.).	

Þýska úrvalsdeildin

FLENSBURG-MAGDEBURG	35-28
LEMGO-NORDHORN	26-26
Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði fjögur mörk fyrir Lemgo en Logi Geirsson ekkert.	
GUMMERSBACH-BALINGEN	38-28
Róbert Gunnarsson skoraði sex mörk fyrir Gummersbach og Guðjón Valur Sigurðsson þrjú. Sverre Jakobsson fékk að lita rauða spjaldið undir lok leiksins vegna þriggja brottvísana.	
LÜBBECKE-MINDEN	31-30
Snorri Steinn Guðjónsson skoraði tíu mörk fyrir Minden en Þórir Ólafsson ekkert fyrir Lübbecke.	
GROSSWALLSTADT-WILHELMSH.	31-19
Alexander Petersson skoraði níu mörk fyrir Grosswallstadt og Gylfi Gylfason gerði fimm mörk fyrir Wilhelmshavener.	



MEISTARAR Bikarinn fer hér á loft hjá nýkrýndum Þýskalandsmeisturum í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Stuttgart fagnaði í gær:

Meistari í Þýskalandi

FÓTBOLTI Stuttgart varð meistari í Þýskalandi í gær í fimmta skipti eftir 2-1 sigur á Energie Cottbus. Stuttgart komst í fyrsta skipti í toppsætið í síðustu viku en Amrin Veh, stjóra liðsins, tókst loks það sem forverur hans, Felix Magath, Giovanni Trapattoni og Joachim Loew landsliðsþjálfara Þjóðverja tókst ekki, að hirða titilinn á sínu fyrsta tímabili.

„Þessi titill er verðlaun fyrir stöðugleika okkar. Við höfum alltaf reynt að spila aðlaðandi fót-bolta og tekið nokkra áhættu í leiðinni,“ sagði Veh, alsæll í leikslok. Fernando Meira, fyrir-liði liðsins, var einnig í skýjunum. „Enginn taldi að við ættum möguleika á titlinum en þetta er verðskuldað eftir alla þá gríðarlegu vinnu sem við höfum lagt á okkur.“

- hph

www.mk.is



Menntaskólinn í Kópavogi

Rafræn innritun nýnema í Menntaskólann í Kópavogi hefst 15. maí og stendur til 12. júní.

Nýnemum og forráðamönnum þeirra gefst kostur á að nýta tölvukost skólans og fá leiðbeiningu við innritun.

Skólameistari



Menntaskólinn í Kópavogi



DAGUR Skoraði tvö mörk í sigri Bregenz í fyrirakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/TOMMY HOLL

Austurríski handboltinn:

Bregenz byrjaði með sigri

HANDBOLTI Bregenz fór með sigur af hólmi gegn Fivers í fyrsta leik úrslitarimmunnar um austurríska meistaratitilinn. Dagur Sigurðsson skoraði tvö mörk fyrir Bregenz en hann er einnig þjálfari liðsins.

Fyrri hálfleikur var spennandi og staðan í hálfleik 15-15. Í þeim síðari tóku Dagur og lærisveinar öll völd á vellinum og unnu átta marka sigur, 37-29.

Bregenz hefur titil að verja og getur tryggt sér hann á útivelli á föstudagskvöldið. Það yrði þá lokaleikur Dags með félaginu en hann kemur til Íslands í sumar og verður framkvæmdastjóri Vals.

- esá

Spænski boltinn í dag:

Eiður í hópnum hjá Barcelona

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen er í leikmannahópi Barcelona sem mætir Atletico Madrid á útivelli í dag. Tveir framherjar, Javier Saviola og Santiago Ezquerro, voru hins vegar skildir eftir í Barcelona.

Fjórar umferðir eru eftir af deildarkeppninni og er toppbaráttan afar spennandi. Real Madrid og Barcelona eru á toppnum með 66 stig en Sevilla fylgir fast á hæla þeirra með tveimur stigum færri. Valencia er svo í fjórða sæti með 62 stig.

Real Madrid mætir Recreativo á útivelli í dag kl. 17 og er leikurinn í beinni útsendingu á Sýn. Barcelona leikur tveimur tímum síðar og verður í beinni á Sýn Extra.

- esá



FER FRÁ FULHAM Kanadamaðurinn Tomasz Radzinski hefur leikið sinn síðasta leik með Fulham. NORDIC PHOTOS/GETTY

Leikmannamál Fulham:

Radzinski látinn fara frá Fulham

FÓTBOLTI Framherjinn Tomasz Radzinski hefur verið látinn fara frá enska úrvalsdeildarliðinu Fulham en nýr stjóri liðsins, Lawrie Sanchez, er að sigta úr hóp sínum þessar vikurnar. Claus Jensen er einnig á leið frá félaginu sem og þeir Mark Crossley markvörður og Mark Pembroke.

Þeir leikmenn sem Fulham var með í láni, Wayne Routledge, Jan Lastuvka og Vincenzo Montella, hafa allir farið til síns heima.

Heiðar Helguson verður áfram hjá Fulham.

- esá

Réðst í fyrinótt hvaða lið mæta í úrslitum austur- og vesturstrandarinnar í úrslitakeppni NBA-deildarinnar:

San Antonio kláraði Phoenix á heimavelli

NBA Frábær frammistaða í þriðja leikhliða og upphafi þess fjórða dugði San Antonio til að innbyrða sigur gegn Phoenix Suns í sjötta leik liðanna í undanúrslitum austurdeildarinnar í úrslitakeppninni NBA-deildarinnar. Steve Nash var langt frá sínu besta lengst af í leiknum en reyndi að bjarga sínum mönnum undir lok leiksins en það var einfaldlega of seint.

Manu Ginobili (33 stig, ellefu fráköst) og Tony Parker (30 stig) voru frábærir í leiknum, Tim Duncan stóð fyrir sínu og Bruce Bowen gekk mjög vel lengst af að hafa gætur á Steve Nash.

Nash skoraði fyrstu körfu leiksins en bætti aðeins einu stigi við

í fyrstu þremur leikhliðunum úr vítaskoti. Næsta karfa hans kom þegar rúmar átta mínútur voru til leiksloka og setti liðið í fluggirinn. Alls skoraði hann átján stig í leiknum og gaf fjórtán stoðsendingar.

Amare Stoudamire var eini maður Phoenix sem var að spila af eðlilegri getu en hann skoraði 38 stig í leiknum. Menn eins og Raja Bell, Shawn Marion, Leandro Barbosa og Boris Diaw ollu vonbrigðum, sérstaklega í sóknarleiknum.

Vendipunktur leiksins var þegar fimm mínútur voru eftir af þriðja leikhliða og Bowen skoraði þriggja stiga körfu. Ginobili fylgdi eftir með tveimur þristum í röð en

mestur varð munurinn 20 stig, 92-72, í upphafi fjórða leikhliða.

„Við náðum smá forskoti og þá byrjaði snjóboltinn að rúlla og forskotið jókst smám saman,“ sagði Tim Duncan eftir leik. „Nú verðum við að gera okkur strax klára í næsta leik gegn Utah en þeir spila frábæran körfubolta eins og er,“ sagði Duncan.

Fyrsti leikur Utah og San Antonio í úrslitum austurdeildarinnar er í kvöld. Annað kvöld eigast við Detroit Pistons og Cleveland í úrslitum vestursins en síðarnefnda liðið bar siguroð af New Jersey í fyrinótt og tryggði sér þar með 4-2 sigur í undanúrslitaeinvíginu.

- esá



MANU GINOBIILI Átti frábæran leik fyrir San Antonio gegn Phoenix og átti ríkan þátt í sigri liðsins. NORDIC PHOTOS/GETTY

BEINT MORGUNFLUG

Beint morgunflug Terra Nova með íslensku flugfélagi í allt sumar. Betri þjónusta og betri flugtímar – fyrir þig!

Búlgaríuveisla

frá kr. 29.990*

Þökkum frábærar viðtökur!	
20. maí - UPPSELT	11. júní - örfá sæti
27. maí - UPPSELT	18. júní - örfá sæti
4. júní - UPPSELT	25. júní - örfá sæti

Hvergi meira frí fyrir peninginn!

Nú býður Terra Nova til frábærrar sumarveislu til perlu Svartahafsins, Golden Sands í Búlgaríu. Þú færst hvergi meira frí fyrir peninginn en í ferð til Golden Sands og nú bjóðum við frábær tilbúð á nokkrum vinsælum gististöðum í maí og júlí. Staðurinn ber svo sannarlega nafn með rentu því ströndin er ein sú allra besta í Evrópu, 4 km. löng og allt að 100 metra breið með gullnum sandi, hlýjum og tærum sjó.



Hotel Madara

Ótrúlegt verðlag!

Í verslun

Vatn 1,5 l	40 kr.
Bjór 0,5 l	50 kr.
Léttvínflaska	300 kr.
Kjúklingur 1 kg	320 kr.
Gos 1,5 l	75 kr.
Vodkafaska (innlend)	370 kr.

Á veitingastað

Aðalréttur	600 kr.
Bjór	150 kr.
Vínflaska	440 kr.
Pizza	400 kr.

Annað

Bananabátur	300 kr.
Sjóskíði	1.100 kr.
Teygjustökk	750 kr.
Hjólaleiga (dagur)	550 kr.

Frá kr. 29.990*

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, fargjald A. Takmarkaður sætafjöldi í boði á þessu fargjaldi.

Gott hótél ***

Frá kr. 49.990

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli með morgunverði á Hotel Perla eða Hotel Bonita í viku 11 og 18. júní. Brottfarir í júlí kr. 5.000 aukalega.

Frábærar íbúðir ****

Frá kr. 49.495

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð á Paradise Park í viku, 9., 16., 23. eða 30. júlí.

Gott hótél ****

m/allt innifalið

Frá kr. 69.990

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli með allt innifalið á Hotel Madara í viku, 9., 16., 23. eða 30. júlí.

Glæsilegur aðbúnaður í fríinu



Hotel Perla

Endalausir möguleikar á afþreyingu

- Sjóstangveiði
- Hjól og mótörhjól
- Mini-golf, strandblak
- Vatnagarðurinn Aquapolis
- Teygjustökk
- Köfun, kajakar
- Keila, tennis
- Sjóskíði, seglbretti

- Veisla í mat og drykk
- Frábært næturlíf
- Gott að versla
- Spennandi kynnisferðir
- Ótrúlegt verðlag
- o.fl., o.fl.

Bókaðu núna!
www.terranova.is



Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099 · Hafnarfjörður sími: 510 9500





UMDEILT ATVIK Essien reynir að stöðva Giggs sem kom boltanum líklega yfir línuna eftir að hafa runnið á Petr Cech en ekkert var dæmt. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ryan Giggs:

Markið var gilt

FÓTBOLTI Ryan Giggs fannst að Steve Bennett, dómari leiksins, hefði átt að dæma mark í framlengingunni. „Boltinn fór greinilega yfir línuna. Ég sá það greinilega og þar sem dómari dæmdi ekki aukaspurnu átti hann að dæma mark. Mér fannst ég öruggur um að ná vel til boltans þegar einhver fór í fótinn á mér en ég vildi bara fá markið, ekki víti,“ sagði Giggs.

„Augljóslega er þetta mjög svekkjandi. Stóru ákvarðanirnar féllu ekki með okkur og það er alltaf erfitt. Í stórleik sem þessum viltu sjá dómara dæma rétt í atvikunum sem skipta höfuðmáli. Þeir eru aðeins mannlegir og stundum dæma þeir ekki rétt en það á ekki að gerast í sjálfum bikarúrslitaleiknum eins og gerðist í þessum leik,“ bætti Giggs við.



SIGURMARKIÐ Didier Drogba var hetja Chelsea í gær er hann skoraði sigurmark leiksins seint í framlengingunni eftir frábæra sókn liðsins.

NORDIC PHOTOS/AFP

Glæsímark Drogba tryggði titilinn

Didier Drogba var enn og aftur hetja Chelsea er hann skoraði eina mark bikarúrslitaleiks Manchester United og Chelsea á Wembley í gær. Markið kom á 116. mínútu eftir glæsilega sóknartilburði þeirra bláklæddu.

FÓTBOLTI Chelsea varð í gær bikarmeistari í Englandi eftir 1-0 sigur á Manchester United í framlengdum úrslitaleik. Didier Drogba skoraði markið þegar fjórar mínútur voru eftir af framlengingunni og dugði það til að tryggja sigurinn.

Chelsea vann bikarinn síðast árið 2000 en nú í fyrsta skipti undir stjórn Jose Mourinho sem hefur nú stýrt Chelsea til sigurs í öllum þremur stóru keppnum í enskri knattspyrnu.

Hann sagði eftir leik í gær að í þetta sinn ætlaði hann að geyma verðlaunin sín á góðum stað. Í fyrra kastaði hann verðlaunapeningnum sínum sem hann fékk fyrir sigur í ensku deildinni í áhorfendaskarann.

„Þessi verðlaun eru afar þýðingarmikil fyrir mig. Þetta eru verðlaun fyrir sigur í ensku bikarkeppninni og í fyrsta skipti sem ég hlýt þau,“ sagði Mourinho eftir leik. Hann hyllti Drogba sérstaklega fyrir sigurmark sitt.

„Leikmennirnir eiga þetta svo sannarlega skilið eftir það erfiða tímabil sem þeir hafa gengið í gegnum. Við eigum skilið að fara nú í sumarfrí eftir að hafa unnið þessa keppni.“

Hann sagði að sínir menn hefðu staðið sig vel í leiknum. „Ég held



BIKARINN Á LOFT John Terry lyftir bikarinn á loft félögum sínum til ómældrar gleði. NORDIC PHOTOS/GETTY

að þeir hafi vel skilið það skipulag sem lagt var upp með fyrir leikinn.“

Leikurinn var ekki mikið fyrir augað, í sannleika sagt. Markið sem Drogba skoraði var þó gullfallett. Hann fékk boltann fyrir utan teiginn frá John Obi Mikel, sneri sér og gaf á Frank Lampard og stakk sér um leið inn fyrir vörn United. Lampard stakk boltanum laglega inn fyrir og Drogba náði

í boltann á undan Edwin van der Saar sem kom hlaupandi úr markinu.

Besta færi leiksins í venjulegum leiktíma fékk Ryan Giggs er honum mistókst að koma boltanum í netið af stuttu færi. Petr Cech klófesti boltann en var ýtt inn í markið af Giggs sem kom aðvífandi. Boltinn fór yfir línuna en Giggs var brotlegur þannig að réttlætinu var ef til vill fullnægt.

Dómari dæmdi þó hvorki brot né mark.

Chelsea varð bikarmeistari síðast þegar úrslitaleikurinn var leikinn á Wembley, árið 2000, og nú í fyrsta sinn sem úrslitaleikurinn fer fram á nýjum og endurbættum leikvangi. Leikurinn í gær verður þó seint skráður í sögubækurnar sem litríkur leikur þessara tveggja stórliða sem báru höfuð og herðar yfir önnur lið í deildinni.

„Þetta bætur ekki upp fyrir það sem gerðist í deildinni og Meistaradeildinni,“ sagði Drogba að leik loknum. „Og við viljum fá titilinn okkar aftur,“ sagði hann og átti þar við enska meistaratilinn.

„En ég elska úrslitaleiki og þessi var afar erfiður gegn frábæru liði. Ég hafði hlakkað til að skora mitt fyrsta mark gegn Manchester United í tvö ár og loksins gerðist það í dag. Það eina sem við viljum gera nú er að fagna þessum árangri.“

Markvörður Chelsea, Petr Cech, lofaði sigurvilja félaga sinna. „Við eigum heiður skilinn eftir þá erfiðleika sem við höfum gengið í gegnum í vetur. Það er alltaf erfitt að detta út úr keppnum eftir að hafa reynt að vinna þær allar. Fyrir mig persónulega hefur þetta tímabil verið hreint ótrúlegt og á ég erfitt með að koma tilfinningum mínum í orð.“ eirikur@frettabladid.is



TERRY OG LAMPARD Fagna sigrinum á Manchester United í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

John Terry, fyrirlíði Chelsea:

Þetta var stórkostlegt

FÓTBOLTI John Terry, fyrirlíði Chelsea gat ekki leynt ánægju sinni eftir sigurinn í gær. „Eftir að hafa tapað Englandsmeistaratilinum fyrir framan okkar eigin stuðningsmenn var kominn tími til að bæta upp fyrir það. Þetta var stórkostlegt, eitt það besta sem ég hef upplifað,“ sagði Terry.

Frank Lampard taldi að leikurinn væri búinn þegar Ryan Giggs var nálægt því að skora í fyrri hálfleik framlengingarinnar. „Þegar Giggs fékk færið hélt ég að hann myndi skora, ég hélt að draumurinn væri úti,“ sagði Lampard, sigrinum feginn.



33 MÖRK Dider Drogba skoraði sitt 33. mark á tímabilinu í gær í öllum keppnum fyrir Chelsea. Hann varð markahæsti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar með níttán mörk og kórónaði frábært tímabil í gær með því að skora sigurmarkið í bikarúrslitaleiknum. NORDIC PHOTOS/AFP

Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, var að vonum sársvektur eftir tapið gegn Chelsea í gær:

Ferguson kennir dómara um tapið

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson var vitanlega ekki glaðbeittur eftir tap lærisveina sinna gegn Chelsea í úrslitaleik ensku bikarkeppninnar í gær.

„Það var ekkert á milli liðanna tveggja, hvorugt liðið átti skilið að tapa eða vinna og það er mjög svekkjandi að við skyldum hafa beðið lægri hlut. Völlurinn var hægur og það hjálpaði ekki en frá okkar sjónarmiði held ég að nokkrir leikmenn okkar hafi verið mjög þreyttir sem komnið er á leik okkar,“ sagði Ferguson sem segir að lokaspættur Úrvalsdeildarinnar hafi tekið sinn toll á hópnum.

„Það sem leikmennirnir hafa

gengið í gegnum á síðustu mánuðum hefur verið stórkostlegt afrek og það ber að hrósa þeim fyrir það en okkur tókst ekki að yfirstiga þröskuldinn í dag. Kannski hafði þessi mikli fjöldi leikja loksins áhrif,“ sagði stjórinn.

Ferguson var ekki í nokkrum vafa um að United hefði átt að fá víti í fyrri hálfleik framlengingarinnar þegar Michael Essien renndi sér á Ryan Giggs sem var nálægt því að skora. Boltinn virtist reyndar fara yfir línuna en Giggs rann á Petr Cech, markmann Chelsea, en ekkert var dæmt, hvorki vítaspurnar á Essien, aukaspurnar á Giggs, né mark.

„Þetta var klárt víti. Markmað-

urinn þeirra missti boltann yfir línuna, það hefði verið erfitt fyrir línuvörðinn að dæma mark en dómari átti að vera í betri stöðu. Að tapa leiknum og sjá endursýningar á þessu er vægast sagt erfitt. Þetta var augljós vítaspurn og dómari á að vera betur staðsettur í svona tilvikum,“ sagði sársvektur Ferguson.

- hþh




SVEKKTUR Ferguson ræðir við Wes Brown eftir tapið í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

THULE KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ MASTERCARD OG CONCERT

DEEP PURPLE

LAUGARDALSHÖLL
27. MAÍ 2007

7 DAGAR
Í ROKKVEISLU ÁRSINS



SÉRSTAKIR GESTIR:

URIAH-HEEP



20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/ klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA
Á WWW.MIDI.IS OG Í
VERSLUNUM SKÍFUNNAR

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði



CARSON KRESSLEY

Carson var framúrskarandi nemandi og lauk BA-gráðu í fjármálum og listum með sérstaka heiðurseinkunn. Eftir útskrift gerðist hann stílisti hjá Ralph Lauren og starfaði þar í fjölmörg ár eða allt þar til hann fór í áheyrnarprufu fyrir þættina *Queer Eye for the Straight Guy* sem sýndir eru á Skjá einum kl. 15.00.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ VIGNIR GUÐJÓNSSON TOLLIR EKKI LENGI YFIR PÓKERKVÖLDUM Á SÝN

Póker svæfir ekki aðeins áhorfendur

Ég hef aldrei átt samleið með fólki sem horfir á póker í sjónvarpinu, en sjónvarpsstöðin Sýn hefur að undanfögnu sýnt frá hinum og þessum mótardöðum í „Íþróttinni“. Ég kann reglurnar í póker, hef grip- ið í spil einstaka sinnum og hef gaman af, en sem sjónvarpsefni virkar póker ekki fyrir mig. Nánast undantekningarlaust hellist yfir mig óstjórnleg þreyta þegar ég reyni að tolla yfir fjárhættuspilinu og tvívegis hef ég dottað yfir því. Ég hafði því einstaklega gaman af því að lesa um það í Fréttablaðinu í gær að sjálfur aðalþulur þáttanna, þýðandinn Gísli Ásgeirsson, steinsofnaði nýverið í miðri lýsingu. Gísli var að eigin sögn sybbinn og þreyttur, sem gerði það að verkum að hann sofnaði við þögnina sem verður þegar keppendur reyna að lesa í leikfléttu hvor annars. Gísli, sem hefur orð á sér fyrir að vera hnyttinn og tilþrifamikill í lýsingum sínum, vaknaði síðan við skrólt í peningum á borðinu – alveg það sama og vakti mig í annað skiptið af þeim tveimur sem ég sofnaði. Í hitt skiptið vaknaði ég við

lætin í Gísla þegar einn keppandinn hafði tekið allan pottinn í einhverju spilinu.

Gísli er skemmtilegur náungi sem gerir sitt til að lífga upp á vonlaust sjónvarpsefni, en að sofna í miðri útsendingu hlýtur að teljast það neyðarlegasta sem þulur getur lent í. Ég þykist þó vita að Gísli eigi eftir að halda sér vakandi héðan í frá.

Sýn stendur annars fyllilega undir slagorði sínu sem besta íþróttastöð í heimi. Pókerinn er ný viðbót í annars fjölbreytta dagskrárlóru þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi – meðal annars fjárhættuspilarar í leit að aukinni þekkingu í póker. Ég veit samt ekki af hverju þeir klikkuðu á að hafa sérstakan Landsbankadeildarþátt á borð við þann sem RÚV ætlar að vera með í vetur. Nafnið á þeim þætti er hins vegar ekki að gera sig. Það er í lagi að vera frumlegur, en „14-2“ er einfaldlega vont nafn og toppar meira að segja klisjuna í „Prumusketinu“ sem er á dagskrá enska boltans. Við nafngift á slíkum þætti er best að halda sig við einfaldleikann.



EKKI MISSA AF



▶ **19.55 Da Ali G Show** SIRKUS



▶ **20.00 Eurotrip** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10 Bítlarnir og Sólarsirkusinn** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.25 Cold Case** STÖÐ 2



▶ **22.30 The L Word** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstudin okkar 08.01 Matti morgunn 08.13 Kóalabæður 08.23 Pósturinn Páll 08.38 Friðþjófur forvitni 09.00 Disneystudin 09.01 Alvöru dreki 09.23 Síglidar teiknimyndir 09.30 Suðandi stuð 09.54 Arthúr 10.18 Ævintýri HC Andersen

10.45 Orquesta típica e.
12.15 Miðbaugur (2:2) e.
13.15 Lífstaktur Andrews Rogers e.
13.45 Arve Telleven - Snillingur og gleðigjafi e.
14.40 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007 e.
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 Stundin okkar (3:32)
18.25 Hænsnakofinn (9:13)
18.35 Krakkar á ferð og flugi (3:10)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós

▶ **20.10 Bítlarnir og Sólarsirkusinn** Bresk mynd um nýja útgáfu feðganna George og Giles Martin á tónlist Bítlanna. Fjölistafólk leikur listir sínar við lög.

21.05 Meistari dýrahingsins (2:10) Franskur sakamálamyndaflokkur. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

21.55 Sabah Kanadísk bíómynd frá 2005. Þegar minnst varir verður Sabah ástfangin af röngum manni. Hún er múslimi, hann ekki.

23.30 Leikir kvöldins

23.45 Kastljós

00.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06:00 Eurotrip

08:00 Herbie: Fully Loaded

10:00 The Guys

12:00 Moonlight Mile

14:00 Herbie: Fully Loaded

16:00 The Guys

18:00 Moonlight Mile

▶ **20:00 Eurotrip** Rómantísk gaman mynd. Um hrið hefur Scott nýtt sér nýjustu tækni til að bæta einkunn sína í þýsku. Nú fær hann boð um að hitta sérlegan aðstoðarmann sinn en sá býr í Þýskalandi.

22:00 The Pilot's Wife

00:00 Gothika

02:00 Dahmer

04:00 The Pilot's Wife



07.00 Fífi 07.10 **Töfravagninn** 07.35 **Addi Panda** 07.40 **Barney** 08.05 **Töfrastígvélin** 08.10 **Pocoyo** 08.20 **Barney** 08.45 **Stubbarnir** 09.10 **Doddi litli og Eyrnastór** 09.35 **Könnuðurinn Dóra** 10.00 **Camp Lazlo** 1 10.20 **Ævintýri Jonna Quests**

10.45 Camp Lazlo 1
11.05 Hestaklúbburinn
11.30 W.I.T.C.H.
12.00 Hádegisfréttir
12.25 Silfur Egils
14.00 Nágrannar
15.25 Meistarinn (14:15)
16.20 Freddie (13:22)
16.50 Whose Line Is it Anyway? 4
17.15 Blue Collar TV (24:32)
17.40 Oprah
18.30 Fréttir
19.00 Íþróttir og veður
19.15 Kompás
19.50 Sjálfstætt fólk

▶ **20.25 Cold Case** (17:24) Lily Rush er rannsóknarkona hjá lögreglunni í Filadelfíu sem hefur þarft verk að vinna. Hún rannsakar gömul mál sem hafa aldrei verið leyst og þarf að beita kensku og klókendum til þess. Bönnuð börnum.

21.15 Twenty Four (18:24) Jack reynir að semja við hryðjuverkamennina en þær áætlanir fara um þúfur þegar upp kemst um innihald samningsins. Stranglegra bönnuð börnum.

22.00 Rome (4:10) Spennandi þáttaröð sem segir sögu Rómaveldis á áttakanlegan og spennuþrunginn hátt. Stranglegra bönnuð börnum.

22.55 60 mínútur

23.40 Strictly Confidential (5:6) Ný bresk smásæra í anda Footballers Wives og Hótel Babylon um kynlífsráðgjafa sem tekst á við kynlífsvandamál ókunnugra allan daginn en á sjálf við ýmis vandamál að stríða þegar heim er komið. Lindu dreymir um að eignast barn en það hefur ekki gengið eftir og skapar það stöðugt álag á hjónabandið. Bönnuð börnum.

00.30 Amazons and Gladiators

02.00 Carandiru

04.20 Twenty Four (18:24)

05.05 Cold Case (17:24)

05.50 Fréttir

06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SIRKUS TV

16.00 Live From Abbey Road (3:12) (e)

16.55 Pussycat Dolls Present: The Search (2:8) (e)

17.45 Trading Spouses (19:22) (e)

18.30 Fréttir

19.00 Bestu Strákarnir (3:50) (e)

19.30 My Name Is Earl (13:23) (e)

▶ **19.55 Da Ali G Show**

20.25 Young Blades (2:13) (e) Spennandi þáttaröð þar sem söguviðið er Frakkland á miðöldum og svokallaðar skyttur sjá um að verja landið gegn illum öflum. Ný kynslóð af skyttum eru í þjálfun og meðal þeirra er sonur hinnar þekktu skyttu D'Artagnan. Hinn ungi D'Artagnan og félagar hans þurfa að leggja allt undir til að verja konung sinn gegn hinum illa kardínála Mazarin sem gerir hvað sem er til að komast til valda. Hörkuspennandi þættir sem eru byggðir á sögunni um Skytturmar þjárfar.

21.15 Night Stalker (2:10) (e) Carl Kolchak er virtur rannsóknarblaðamaður. Hann ræður sig til vinnu á dagblaði í Los Angeles og fær það verkefni að skrifa um röð undarlegra morðmála. Þegar Kolchak fer ofan í saumana á málunum koma í ljós tengingar á milli morðanna og það sem meira er, þau gætu öll tengst morðinu á eiginkonu hans sem var myrt fyrir einu og hálfu ári síðan. Morði sem Kolchak sjálfur er grunaður um. Nú reynir á hann að komast að sannleikanum áður en hann endar sjálfur bak við lás og slá. Þættirnir eru endurgerðir samnefndra þátta sem slógu í gegn á áttunda áratugi síðustu aldar. Bönnuð börnum.

22.00 Quills Þessi dramatíska saga fjallar um De Sade markgreifa sem er innilokaður á geðveikrahæli í kringum 1790. Hann skrifar hneykslandi og berorðar sögur sem aðstoðarstúlkan Madeline dreifir utan veggja hælisingis. Aðalhlutverk: Geoffrey Rush, Kate Winslet, Joaquin Phoenix. 2000. Stranglegra bönnuð börnum.

00.00 Da Ali G Show

00.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasinþáttur – mannlíf og menning á norðurlandi. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07.45 Vörutorg

08.45 MotoGP Bein útsending frá Le Mans í Frakklandi. Brautin í Le Mans er þröng og með erfiðum beygjum þar sem keppendur verða að bremsa seint og gefa síðan allt í botn. Keppni í 125cc hefst klukkan 9 og síðan taka við 250cc hjólin klukkan 10.15. Stóru hjólin, 800cc, verða síðan ræst klukkan 12.

13.15 Top Gear (e)

14.10 World's Most Amazing Videos (e)

15.00 Queer Eye for the Straight Guy (e)

16.00 America's Next Top Model (e)

17.00 Innlit / útlit (e)

18.00 Fyndnasti maður Íslands (e)

18.55 Hack (e)

19.45 Top Gear (14:20) Breskur bílabáttur með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum, skemmtilega daskráliði og áhugaverðar umfjallanir. Er Peugeot fljótan en tveir hlaupagikkir?

20.40 Psych - Lokapáttur Bandarísk gamanseria um mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. Það er komið að lokapættinum í fyrstu þáttaröð og nú fæst Shawn við drauga og ungar og sætar skólastúlkur.

21.30 Boston Legal (20:24) Bráðfyndið lögræðidrama um skrautlega lögræðingja í Boston.

▶ **22.30 The L Word** (2:13) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles.

23.20 C.S.I. (e)

00.10 Heroes (e)

01.10 Jericho (e)

02.00 Vörutorg

03.00 Óstöðvandi tónlist

SKJÁR SPORT

12.00 Ítölsku mörkin (e)

12.55 Ítalski boltinn Beint.

15.00 Prumuskot (e)

16.00 Prumuskot (e)

17.00 Prumuskot (e)

18.00 Ítalski boltinn (e)

20.00 Prumuskot (e)

21.00 Prumuskot (e)

22.00 Prumuskot (e)

23.00 Prumuskot (e)

00.00 Dagskrárlok

Lykill að fortíðinni

Reykjavík
871^{±2}

Landnámssýningin
The Settlement
Exhibition



Aðalstræti 16
www.reykjavik871.is



Minjasafn
Reykjavíkur

Landnámssýningin við Aðalstræti veitir gestum tækifæri til að skyggast inn í lífið á landnámsöld. Miðpunktur sýningarinnar er skálarúst frá 10. öld. Einnig má þar finna fornleifar frá því um 871 og eru það elstu mannvistarleifar sem fundist hafa á Íslandi.

Einstök margmiðlunartækni gerir gestum kleift að ímynda sér hvernig lífi heimilisfólks í fyrstu byggð Reykjavíkur var háttað og hvernig umhverfi og landslag borgarinnar var við landnám.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.00
Rome

Spennandi þátta-
röð sem segir sögu
Rómaveldis. Nú er
komið að annarri
röð þessara dýrustu
sjónvarpsþátta sem
gerðir hafa verið en
ekkert var til spar-
að við að gera þá
sem áhrifamesta. Í
þætti kvöldsins er
allt á suðupunkti í
Róm en Oktavianus
hefur sent tilkyn-
ningu þess efnis að
herinn sé á leiðinni til borgarinnar eftir sigursælan leiðangur.

▶ Við mælum með
MOTO GP

Skjár einn kl. 8.45

Sýnt verður beint frá Le Mans í Frakk-
landi. Brautin í Le Mans er þröng og
með erfiðum beygjum þar sem kepp-
endur verða að bremsa seint og gefa
síðan allt í botn. Keppni í 125cc hefst
klukkan 9 og síðan taka 250cc hjólin
við klukkan 10.15. Stóru hjólin, 800cc,
verða síðan ræst klukkan 12.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni
09.03 Framtíð lýðræðis
10.15 Lotta í Wetzlar og Weimar
11.00 Guðsþjónusta í Bústaðakirkju
12.00 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregni
13.00 Útvarpsleikhúsið: Ólafur og Ingunn
13.47 Sunnudagskonsert
14.10 Söngvamáll
15.00 Til Manuelu
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregni
16.10 Druknandi ást

16.57 Listahátíð í Reykjavík 2007
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Auglýsingar
18.26 Seiður og hélog
18.52 Dánarfregni og auglýsingar
19.00 Frá Tónskáldapinginu í París
19.50 Óskastundin
20.35 Sagnaslóð
21.15 Hasenmayer!
21.55 Orð kvöldsins
22.15 Listahátíð í Reykjavík 2007
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til
morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp
tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin /
Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun
/ Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

08.00 Veitt með vinum (Laxá Aðal-
dal, Urriðasvæði Staðartorfa, Múlatorfa og
Hraun)

08.30 Spænski boltinn (Mallorca - Val-
encia)

10.10 Box - Jermaine Taylor - Cory
Sprinks

11.40 FA Cup 2006 (Chelsea - Man. Utd)
Beint.

13.30 Meistaradeild Evrópu - frétt-
þáttur

14.00 Evrópumótaröðin (Irish Open)

16.55 Spænski boltinn (Recreativo -
Real Madrid)

18.55 Ali's Dozen Í þessum þætti númer
tvö um Muhammad Ali verður farið yfir
sögulegustu og mikilvægustu augnablikin á
hnefaleikaferli hans.

19.45 Landsbankadeildin 2007 (Kefla-
vík - FH)

22.00 Landsbankamörkin 2007

22.30 Spænski boltinn (Atl. Madrid -
Barcelona)

00.10 Landsbankadeildin 2007 (Kefla-
vík - FH)

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignir á
markaðnum sýndar.

21.00 Einbýlishús Ertu að leita að ein-
býlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðal-
stórar eignir sýndar.

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú
vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

6.15 Dyrenes 6.40 Vera með fleiri 7.10
Vindern 7.25 F for Får 7.35 Yu-Gi-Oh! 8.00
Hannah Montana 8.25 Rideklubben 8.50 Shin
Chan 9.00 Livmestrene - et liv med stammen
9.30 Iværksætterne 10.00 TV Avisen 10.10 Boxen
10.25 OBS 10.30 Boogie Listen 11.30 Med ryg-
sæk: Nordsverige 12.00 Gudstjeneste i DR Kirken
12.55 I lære som stjerne 13.25 HåndboldSøndag
15.30 Sigurds Bjørnetime 16.00 Søren Ryge
direkte 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret
17.00 HåndboldSøndag 19.00 21 Søndag 19.40
Søndagssporten med SAS liga 20.05 Dødens
Detektiver 20.25 Storm 22.40 Møde med

NK1

6.00 Kalle og Molo 6.25 Bravo Bibbi! 6.40
Disneytimen 7.35 SvampeBob 8.00 Mánáid-TV
- Samisk barne-tv 8.15 Reisen til Melonia 9.50
Gunnel i det grønne 10.20 Troens røtter 10.50
Der fartøyt flyte kan 11.20 Et mesterverk: 'Solsikker'
av Vincent van Gogh 12.10 Musikk på søndag:
Brent toast 13.00 Giro d'Italia 15.30 Åpen himmel
16.00 Freddie og Leos eventyr 16.25 Sigge
og Gunnar 16.30 Newton 17.00 Søndagsrevyen
17.45 Sportsrevyen 18.00 Nürnberg - nazister til
døms 18.55 Dødboken 20.55 Sykkelveld fra Italia
21.05 Kveldsnytt 21.20 Rally-VM: Rally Sardinia
22.10 Aks av gull 22.40 Ingen grunn til begeistring
23.10 Larry Sanders-show

SVT 1

6.00 BoliBompa 6.01 JoJo's cirkus 6.25 Pingu
6.35 The boy 7.00 Mánáid-tv 7.15 Disneydags
8.10 Evas funkisprogram 9.55 Barnens Beppe
10.55 Neil Armstrong var aldrig på månen 12.25
Kobra 12.55 The day I got the sack 13.20 Quirks
13.25 Poniente 13.50 Sport mit Simone 13.55
Världen 14.55 Den globala miljöhistorien 15.25
Barnet och orden - om språk i förskolan 15.55
Anslagstavlan 16.00 Pippi Långstrump 16.30 Vi i
ferman 17.00 Pip-Larssons 17.30 Rapport 18.00
Hundkoll 18.30 Sportspejeln 19.15 Agenda 20.10
De skapade historia 20.40 Vetenskap - människ-
an avslöjad 21.10 Rapport 21.20 Hunter 22.20
Brottskod: Försvunnen



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeild

Umsóknarfrestur
til 5. júní.Laganám í Háskóla Íslands:
Reynsla, metnaður og gæðiSkrásetningargjald allt skólaárið
aðeins kr. 45.000.-

www.lagadeild.hi.is



„Lærdómur vikunnar er sá hvað Sjálfstæðisflokkurinn er flinkur við að hafa vinstri öflin að fjflum. Það hlýtur að vera hlegið dátt í Valhöll.

Einar Már Guðmundsson rithöfundur.

HIN HLÍÐIN JÓN PÁLL EYJÓLFSSON LEIKARI OG LEIKSTJÓRI

Örlög Eiríks í Eurovision mestu vonbrigðin

Hvað er að fréttu?

Það er Partíland í Þjóðleikhúsinu eftir viku, söng- og alþýðuskemmtun. Svo er ég bundinn þagnareíði um restina.

Augnlitur:

Hann er blár, „steel blue“.

Starf:

Leikari og leikstjóri.

Fjölskylduhagur:

Ég er giftur með tvö börn.

Hvaðan ertu?

Ég er úr Bítlabænum Keflavík.

Ertu hjátrúarfullur?

Nei. Ég trú á mátt einstaklingsins og markaðinn.

Upphaldssjónvarpsþátturinn:

Það hlýtur að vera The Apprentice, hann er gæðveikur. Annars horfi ég lítið á sjónvarp, en ég missi ekki af honum.

Upphaldsmatur:

Blóðugt nautakjöt.

Fallegasti staðurinn:

Stóra-Laxá í Hreppum.

iPod eða geislaspilari:

iPod.

Hvað er skemmtilegast?

Skemmtilegast er að vera með fjölskyldu og vinum á góðri stundu.

Hvað er leiðinlegast?

Fólk með enga útgeislun.

Helsti veikileiki:

Hroki, það er minn helsti veikileiki.

Helsti kostur:

Að ég er frekur og ástríðufullur.

Helsta afrek:

Helsta afrek mitt er að hafa staðið á sviðinu í The Globe í London fyrir framan þúsund manns.

Mestu vonbrigðin:

Að Eiríkur Hauksson hafi ekki unnið Eurovision.

Hver er draumurinn?

Að vera heimsfrægur og ógeðslega ríkur.

Hver er fyndnastur/fyndnust?


Mér finnst Geir H. Haarde vera ógeðslega fyndinn. Í alvörinni. Hann er jökur og brosmildur.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Óstundvísir og fólk sem á enga peninga.

Hvað er mikilvægast?

Að markaðshagkerfið fái að þjóna væntingum okkar og draumum án nokkurra hafta.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Þjóðhátíðarsjóður úthlutar á fimmtudaginn úr sjóði sínum í Þjóðmenningarhúsinu. Forsvarsmenn sjóðsins hafa ákveðið að hafa smá viðhöfn að þessu sinni enda var ákveðið á síðasta þingi að sjóðurinn skyldi lagður niður eftir fimm ár. Og þótt sjálfstæðismenn og Framsóknarflokkurinn hafi ákveðið að slíta stjórnarsamstarfinu með miklum hveli koma þeir til með að vera hönd í hönd við þessa athöfn því meðal þeirra sem hafa boðað komu sína eru



Geir H. Haarde, væntanlegur forsætisráðherra

í nýrri ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, og **Guðni Agústsón**, fyrr-

um landbúnaðarráðherra. Guðni verður hins vegar ekki án titils þrátt fyrir stjórnarsliðin því hann ku vera þarna sem fulltrúi íslenska fjárhundsins.

Cannes-kvikmyndahátíðin stendur nú sem hæst og eru Íslendingar að venju meðal gesta á frönsku Rivierunni. Þeir **Ingvar E. Þórðarson** og **Július Kemp** hjá

Kvikmyndafélagi Íslands eru meðal þeirra sem glæða hátíðina lífi en þeir blása til tónleika á svæðinu ásamt aðstandendum kvikmyndarinnar Dark Floors: Lordi



Motion Picture. Að sjálfsögðu verður það finnska skrímslasveitinn Lordi sem leikur fyrir dansi hjá stjórnunum. **Ísleifur B.**

Þórhallsson hjá

Græna ljósinu hyggst einnig hafa allar klær úti, en það ætti örugglega að skýrast á hátíðinni hvort **Quentin Tarantino** láti verða af fyrirhugaðri för sinni hingað til lands vegna frumsýningar Death Proof.



VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

- Möguleika á auknu samstarfi landanna í öryggis- og varnarmálum.
- Manchester United og Chelsea.
- Strákakvartett, sem áætlað er að fljti tónlist af klassískum og trúarlegum toga.

DAVIÐ GARÐARSSON: LEIÐIST EKKI VISTIN Í HEGNINGARHÚSINU

Fangarnir rækta garðinn sinn

Fangarnir í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg hafa ekki setið aðgerðarlausir undanfarna daga því þeir hafa verið að stinga upp og setja niður kartöflur og fleira í garðinum. „Hugmyndin kom bara þegar við sátum hér þrjú á spjalli, ég, annar vistmaður og Reynir fangavörður,“ segir Davíð Garðarsson, sem afplánar nú dóm í Hegningarhúsinu. „Þessi blettur var hérna og lítið notaður í annað en að labba á honum. Reynir tók svona vel í hugmyndina og kýldi þetta í gegn. Svo kom hann einn daginn með hrifur og haka þannig að þá var ekkert aftur snúið,“ segir Davíð og hlær. „Það var haugur hér af grjóti sem við þurftum að byrja á að færa áður en við settum moldina í beðin þannig að þetta var heilmikil vinna,“ bætir hann við.

„Þegar beðin voru tilbúin settum við niður kartöflur, gulrætur, spergilkál og rabarbara sem fangaflutningamennirnir gáfu okkur enda hefur fréttin um garðyrkjuna farið eins og eldur um sinu út um allt síðan við byrjuðum, þannig að við erum búnir að gera garðinn frægan,“ segir Davíð



ÁNÆGÐUR Á SKÓFLUNNI Davíð segir það muna heilmiklu að hafa eitthvað við að vera í Hegningarhúsinu enda stytta það honum og félögum hans stundirnar heilmikið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



GERIR GARÐINN FRÆGAN Fangaflytningamennirnir gáfu Davíð og félögum hans rabarbara þegar þeir fréttu af garðyrkjunni í Hegningarhúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hlæjandi og bætir því við að allir verði jú að rækta sinn eigin garð.

Davíð segir kartöflurnar reyndar sérstaklega ætlaðar í skólinn hjá þeim sem ekki séu tilbúnir til að taka á fangelsismálunum en bætir síðan við alvarlegri í bragði: „Hugmyndin á bak við þetta er í rauninni sú að maður situr hér inni og reynir að finna eitthvað jákvætt í þessu umhverfi en það getur verið erfitt. Hvað er þá jákvæðara en að vera að rækta eitthvað, hugsa um eitthvað og hirða eitthvað?“

Þá segir hann að þetta sé að vissu leyti táknrænt og gefi þeim mjög mikið. „Ég vona að ég fái að vera hér eitthvað áfram og hlakka til þegar arfinn fer að koma upp.

Síðan vona ég að ég geti komið hingað aftur í haust til að taka upp kartöflurnar en það veltur á því hvort fangaflutningamennirnir séu tilbúnir til að skutla mér. Annars ætlum við að fá einhverja til að taka við þessu og halda þessu gangandi,“ segir Davíð og bætir því við að þeir væru alveg tilbúnir til að rækta eitthvað fleira í garðinum enda séu þar kjöraðstæður fyrir hvers kyns ræktun. „Það er ekki nokkur spurning um að það er hægt að gera miklu fleira hér í garðinum. Við erum búnir að sýna að það sé hægt að gera eitthvað án þess að það kosti mikla peninga eða fyrirhöfn. Það er bara einn fangaavörður sem hrindir þessu í framkvæmd svo það ætti að vera

hægt að gera mun meira ef þeir sem stjórna og ráða einhverju setja sig í málið.“

Davíð segir það muna öllu að hafa einhverja afþreyingu og eitthvað að stefna að því það stytta tímann heilmikið. „Þetta er bara spurning um að tala við menn sem eru jákvæðir og tilbúnir til að gera eitthvað eins og Reynir, sem er með fullt af hugmyndum,“ segir Davíð og bætir því við að nú eigi eflaust fleiri vistmenn eftir að taka þátt í ræktuninni. „Þeir koma hlaupandi um leið og þeir sjá okkur hina orðna brúna og sæta hér úti í garði,“ bætir hann við og hlær.

sigurdurh@frettabladid.is

Notendur Eve Online syrgja fallinn féлага

„Áskrifendahópurinn er eiginlega orðinn eins og ein þjóð í sýndarveruleika og svona viðbrögð eru ekki óalgeng,“ segir Hilmur Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, sem á og rekur netleikinn Eve Online. Í bandaríska dagblaðinu Miami Herald var nýlega fjallað um allsérstakt mál þar sem notendur Eve Online syrgja fallinn féлага í leiknum sjálfum.

Verslunarkonan Dorothy Jean McReynolds var myrt fyrir framan heimili sitt í Hollywood skömmu áður en hún átti að bera vitni í sakamáli. Mórðinginn braust inn á heimili hennar og skaut hana til bana og særði nítján ára dóttur. Dorothy og eiginmaður hennar, Kenny McReynolds, voru virkir notendur í Eve Online-leiknum, Kenny sem iðnaðarsérfræðingurinn Fordfan og Dorothy sem aðstoðarmaður hans. „Þetta er hræðilegur atburður sem þarna átti sér stað og það finna allir spilarar til samkenndar þegar

eitthvað kemur fyrir meðspilarana, rétt eins og þegar Íslendingar í útlöndum lenda í einhverjum hremmingum. En eftir því sem leikurinn hefur stækkað hefur samhugur á borð við þennan orðið algengari,“ útskýrir Hilmur og nefnir sem dæmi að þegar hamfarirnar í Suðaustur-Asíu hafi riðið yfir stofnuðu áskrifendur Eve styrktarsjóð að eigin frumkvæði og var upphæðin afhent Rauða krossi Íslands.

Í frétt Miami Herald kemur fram að eiginmanninum hafi borist blóm og samúðarkveðjur frá löndum á borð við Ísland, Holland og England. Og í samtali við blaðið kemur fram að hann sé hræður yfir þeim viðbrögðum sem spilendur Eve Online hafa sýnt. Þá hafa yfir fimm hundruð manns skrifað minningarorð um Dorothy og persónu hennar, Beachie88, á spjallþráð sem var stofnaður vegna þessa atburðar.

- fgg



HILMUR VEIGAR Samhugur meðal áskrifenda EVE oneline er ekki óalgengur heldur er þetta orðið að einni þjóð í sýndarveruleika.



SUMARNÁMSKEIÐ ÍTR *um alla borg*

INNRIÐUN ER HAFIN

Nánari upplýsingar og
innritun á www.itr.is

See information on ÍTR's summer
activities in English www.itr.is



Skemmtilegur frítími

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaeynd: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

LYFJA
- Lífið heil

Lyfja Lág múla
Lyfja Smáratorgi

Opið 8-24
alla daga



BAKÞANKAR

JÓNS ARNAR MARINÓSSONAR

Biljónsdagbók 20.5.

OMX15 var 7.981,15 á fimmtudagsmorgun, þegar ég pantaði fjórar heilsíður í blöðunum, og Dow Jones stóð í 13.468,03 þegar Geir og Imba Sól opinberuðu leynilega trúlofun sína og ég varð að afpanta þessar auglýsingar. Ég ætlaði að skora á Sjálfstæðisflokk og Framsókn að halda áfram að byggja upp gott þjóðfélag fyrir skapandi kapítal. Ég var of seinn. Stjórnarslitin eru disaster! Ég sem hélt að Geir og Grani væru að spúna í góðum gir í stjórnarráðinu.

MÉR leið eins og Steingrími útundan. Við Baddi fengum lánaða þotuna hjá Jóa og reyndum að jafna okkur með exklúsívv eskort og mass as á lúxushótel í London. Við jöfnuðum okkur ekki neitt. Þegar við komum heim í gær vorum við í framan eins og Steingrímur, gráir og stífir eins og hafragrautur sem einhver hefur gleymt í ísskápnum. Það eru miljarðar í húfi! Skilja menn það ekki?! Fólk eins og við Baddi getur flogið út á einkaþotunum með alla sína peninga og aldrei sést meir.

EKKI þannig að stjórnálamenn ráði einhverju eftir að við í grúppum og bönkum og gömlum sambandsklíkum erum búnir að fá það sem við vildum fá hjá íhaldinu og framsókn. Hún er bara eitthvað svo mikið dressman þessi tilfinning að hafa hvunn dagslega krata með ódýr bindi og dinglandi lokka í niurdregnum eyrnasneplum að þvælast fyrir uppbyggingu og útrás. Svo á eftir að einkavæða virkjanirnar. Nú veit enginn hvort við Hámi fáum tækifæri til að nota Sjálfsmínbanka og Energgroup til að kaupa íslenska vatnsorku á botnprís.

ÉG hafði mikið fyrir auglýsingunni sem aldrei birtist. Það átti að vera stór litmynd og standa undir í fyrirsögn: „Billjón hvetur B og D til að starfa áfram saman í ríkisstjórn.“ Ég hafði fyrst verið að hugsa um að nota mynd af íslensku landslagi – frá Þingvöllum, af Herðubreið eða af Guðna Ág. Svo datt mér í hug að væri sterkara að hafa mannsmynd, t.d. af Jóni „eigi skal víkja“ Sigurðssyni (ekki af Jóni „ekkert stopp“, núna Jóni „stopp“). Loks féllst ég á það með Malli að væri sterkast að nota mynd af sjálfum mér. Auglýsingar með myndum af fólki, sem almenningur treystir, eins og til dæmis Lalla Jóns, eru miklu áhrifari. Ég er viss um að sterk skilaboð frá mér á fjórum heilsíðum hefðu knúið menn til að halda áfram ríkisstjórnarsamstarfinu. Og það hefði ekki staðið á Sjálfsmínbanka að liðka fyrir uppbyggingunni. Fyrir mér hefðu þeir jafnvel mátt skipa hvaða djakkass sem er í embætti ríkissaksóknara. En ég var of seinn að auglýsa. Þetta er búið. Bakherbergin eru auð. Í bili.

www.icelandexpress.is/billund

Fjölskyldan gleymir sér í ógleymanlegu fríi í Billund!



Flug í sumar og allan næsta vetur!

Billund

» Áætlunarflug Iceland Express til Billund hefst nú í júní og er óhætt að segja að Íslendingar hafi tekið þessum skemmtilega áfangastað fagnandi, því bókanir ganga afar vel. Billund er mátulega stór, fjölskylduvæn borg. Þar er Lególand, sem er algjör ævintýraheimur fyrir börnin og safari- og skemmtigarðurinn Løveparken er skammt undan, með meira en 120 dýrategundir.

Staðsetning borgarinnar er afar þægileg og alveg upplagt að leigja ódýran bílaleigubíl hjá Budget og fara vítt og breitt um sveitir Danmerkur. Iceland Express býður auk þess mikið úrval sumarhúsa í Danmörku, en upplýsingar um þau má finna á www.icelandexpress.is/sumarhús



» Flogið verður í allt sumar og allan næsta vetur, smelltu þér sem fyrst inn á www.icelandexpress.is og bókaðu ódýrt fargjald til Billund!

» VERÐ FRÁ:
7.995 kr.

Aðra leið með sköttum.

Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

» BÖRN:
50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsskipt af verði fyrir skatta og gjöld.

www.icelandexpress.is

Iceland Express

AEG
ELDHÚSPAKKINN

Keramikhellur
AEG 66030 K-MN
Fjórar hraðhitahellur · Snertirofar
Tímastillir á öllum hellum
"Automax" stilling: Byrjar á að fara á mesta hita,
en lækkar síðan á valda stillingu
Fjögurra þrepa eftirhitagaumljós
Kr. 73.579

TILBOÐSVERÐ: Allur pakinn: **109.900**

Háfur
Airforce F3/AIRF 3
Til uppsetningar á vegg
Fyrir útblástur eða kolafilt
Kr. 23.053

Veggofn, stál
AEG COMPETENCE B 3051-4-M
Fjölvirkur ofn með 9 aðgerðum
Léttreinsibúnaður
Stórt ofngler
"ISOFRONT" þrefallt gler í ofnhurð, auðveldar
þríf - kaldari framhlið - Sökkhnappar
Kr. 77.789

Sími 530 2907 / 530 2908

SETTU ÞAÐ SAMAN

202.048,-
Hvít háglans/4000

ORMSSON LÁN. Mánaðarleg jöfn afborgun í 48 mánuði · Kr. 5.858,-

Opið í Smáralind
frá kl. 13–18.
Velkomin
í óvenjulega
verslun!

ORMSSON

SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 · www.ormsson.is